Með brjefi 6. þ. m. hefir bryggjusmiður Guðm. E. Guðmundsson í Reykjavík óskað úrskurðar stjórnarráðsins um vörutoll af gipsi, og farið þess á leit að gips yrði tollað eins og kalk, af því að það væri notað á sama hátt, til þess að klæða innan veggi með því, og til að búa til úr því »kokolit« í veggfóður, en kokolitgjörð yrði óframkvæmanleg, ef gips væri tollað eftir 1. gr. 6 vörutollslaganna, þarsem tollurinn yrði þá tvöfalt hærri en verðið á gipsinu.

Þótt gips sje efni kalkblandað að þriðjungi, og þótt það sje notað á líkan hátt og kalk, til þess að fódra með því veggi, þá álitur stjórnarráðið, eftir að hafa fengið álit efnafræðings landsins um málið, að gips geti ekki komist undir orðið »kalk« eða sement í 1. gr. 1 í vörutollslögunum, og verður það því að tollast eftir 1. gr. 6.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, til vitundar gefið, til frekari birtingar.

## 9

**Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um skilning vörutollslaganna.**

28. febr. laganna.

Með brjefi 4. þ. m. hafið þjer, hr. bæjarfógeti, sent stjórnarráðinu margar fyrirspurnir um skilning á ýmsum atriðum í vörutollslögunum nr. 30, 22. okt. 1912, og álitur stjórnarráðið að þeim beri að svara sem hjer segir:

1. *Melasse, fódurkökur og fódurmjöl.*
2. *Grasfræ og annað fræ.*
3. *Brauð og »Stivelse«.*

Allar þessar vörur ber að tolla eftir 1. gr. 6.

4. Þjer spyrjist ennfremur fyrir um, hvernig tolla skuli *járnbita, járnbrautarteina, skipsplötur, járnstengur* innan í steinsteypu og *girðingar*. Er stjórnarráðið yður samdóma um, að þessar vörur beri að tolla eftir 1. gr. 2, í líkingu við smíðajárn og stál.

5. Næsti flokkur fyrirspurnar yðar er um *segldúk, tilbúin segl, vaxdúk, línóleum, strigapoka, hörtevinnu, tvist allskonar og sniðið leður í stigvjel.*

Því verður ekki neitað, að segldúk, tilbúin segl og strigapokar sje vefnaður, og þá um leið vefnaðarvara. Þótt hinn hái tollur hafi óheppileg áhrif á seglskipa- og bátaútveginn, verður að fara eftir lögunum meðan þau eru orðuð eins og þau eru nú. Fylgi tilbúin segl að keyptu skipi, þá eru þau tollfrjáls, annars ekki.

Aftur á móti er í vaxdúkum og línóleum, þótt grindin innan í sje ofin, svo mikið af limi, fernis, korkmulningi og gúmmi, eða gúttaperka, að vefnaðarins gætir ekki, og þess vegna virðist ekki vera rjett að skoða þessa dúka sem vefnaðarvöru.

Hörtevinni verður ekki tollaður öðruvísi en tvinni, og sniðið leður í stigvjel er fremur leður en skófatnaður.

Tvistur er baðmullarþráður. Hann er ekki vefnaður, og þess vegna ekki vefnaðarvara, og er hvorki fatnaður nje tvinni.

Segldúkur, tilbúin segl, (sem ekki fylgja aðkeyptu skipi), strigapokar og hörtvinni eiga því að tollast eftir 1. gr. 3, en vaxdúkur, línóleum, sniðið leður í stígvjel og tvistur eftir 1. gr. 6.

6. Þá spyrjið þjer hvort eigi beri að tolla *sag* og *heflspæni* samkvæmt 1. gr. 6, þarsem þessar vörutegundir komast hvorki undir trjávið eða aðrar timburvörur, sem nefndar eru í 1. gr. 5, og verður að svara spurningunni játandi.

7. Þjer spyrjist enn fremur fyrir um *bensín*. Bensín er dregið út úr steinkolatjöru eða steinolíu, og notað mest sem eldsneyti undir mótorá, og er að því leyti notað eins og steinolía. Bensín ber að tolla eftir 1. gr. 1. *Blackfernís* sem tjöru.

8. Þjer spyrjist enn fremur fyrir um, hvernig tolla skuli *auglýsingaspjöld*, *almanaksspjöld* og *annan prentaðan pappír*, sjerstaklega dagblöð, ætluð til umbúða, og *prentuð eyðublöð*. Af þessum vörutegundum verður að tolla auglýsingaspjöld eftir 1. gr. 6, en hinar allar eru tollfrjálsar, eins og bækur og blöð eftir undantekningunni í 1. gr.

9. Þjer spyrjist enn fremur fyrir um, *járnkvarts* og *legsteina*. Af þessu tvennu er járnkvarts tollfrjálst eins og óhreinsað járn, en legsteina verður að tolla eftir 1. gr. 6.

10. Þá spyrjist þjer fyrir um, hvernig eigi að haga tollheimtunni þegar ýmsar vörutollsvörur af ýmsum flokkum koma í sama kassa, eða í kassa með vörutollsvörum eru aðrar tollskyldar vörur, svo sem kaffi, sykur o. s. frv., eða þá tollfrjálsar vörur. Í slíkum tilfellum verður að heimta skýrslu viðtakanda um það, hversu mikill þungi af hverri tegund sje í kassanum, og haga tollálagningunni eftir því, eða rannsaka vörurnar í kassanum, ef skýrsla viðtakanda þykir ekki ábyggileg.

11. Útaf fyrirspurn yðar um enskar smálestir, sem eru lítið hærri en danskar, er því að svara, að smálest er eftir gildandi lögum 1000 kg. eða 2000 pd.

### Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um flutning þingstaðar.

10

Samkvæmt tillögum yðar, hr. sýslumaður, í brjefi, dags. 22. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Mosvallahreppi, veitir stjórnarráðið hjer með samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Þórustöðum til Flateyrar, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

14. mars

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

11

19. mars

**Brjef stjórnarráðsins til lögreglustjóranna um nákvæmt eftirlit með því að skjöl skipa sjeu í lagi.**

Stjórn utanríkismálanna hefir aftur og aftur vakið máls á því að skipstjórar, sem frá útlendum höfnum fara til Íslands, láti oftlega hjá líða að láta hlutaðeigandi konsúla rita á vöruskrá skipsins vottorð það, er fyrirskipað er í 8. gr. í tilskipun 15. apríl 1854, af því að þegar hingað komi, sleppi þeir iðulega með aðvörun eða þá lítilfjörlega sekt, lægri en gjald það, sem þeir eiga að greiða konsúlnum.

Útaf þessu er alvarlega brýnt fyrir yður, herra lögreglustjóri, að hafa strangar gætur á því, hvort skipstjórar þeir, sem eiga að sýna skipsskjöl sín í lögsagnarumdæmi yðar hafi gjört sig seka í vanrækslu þeirri, er að framan greinir, og ef svo reynist, þá er hjermeð lagt fyrir yður að láta hinn brotlega greiða yður hið lögboðna gjald til konsúlsins fyrir vottorðið, og auk þess sekt í landssjóð fyrir brotið. Vilji hlutaðeigandi skipstjóri ekki greiða þetta, ber yður að láta málið ganga til dóms, og væntir stjórnarráðið þess, að þá verði beitt svo háum sektum, að samsvari tvöföldu konsúlsgjaldinu að minsta kosti.

Jafnframt því að tjá yður þetta til leiðbeiningar, skal það tekið fram, að gjaldið til konsúlsins fyrir umrætt vottorð er samkvæmt 8. gr. í tilskipun 15. apríl 1854 6 aurar af hverju netto-registertonni skipsins. Þá er þjer innheimtið gjaldið til konsúlsins, óskast upphæðin send hingað.

12

6. febr.

## Auglýsing

**um staðfestingu stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Keflavíkurkaupþún í Gullbringusýslu.**

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Keflavíkurkaupþún í Gullbringusýslu.

### Heilbrigðissamþykkt

fyrir kaupþúnið Keflavík í Gullbringusýslu.

#### I. Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir fyrir kaupþúnið Keflavík, með þeim takmörkum sem því nú eru sett, eða síðar kunna að verða sett.

## 2. gr.

12  
6. febr.

Hreppstjóri Keflavíkurhrepps er formaður heilbrigðisnefndarinnar; auk hans eiga sæti í nefndinni 2 af íbúum kaupsins, 1 kosinn af hreppsnefndinni og 1 kosinn af sýslunefndinni, til eins árs í senn. Formaður kveður til fundar, er honum þykir þess þurfa, eða hinir nefndarmennirnir óska þess, eða hjerads-læknir krefst þess. Nefndin skal halda fundarbók og innfæra í hana allar at- hugarir sínar og tillögur. Nefndin skiftir störfum með sjer, eftir því sem henni þykir best henta. Hjeradslæknir á heimting á að sitja á nefndarfundum, og skal formanni skylt að gjöra honum aðvart um fundarhöldin.

## 3. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því að fyrirmælum heilbrigðissam- þyktaunnar sje hlýtt, og hún sje haldin í öllum greinum. Nefndinni skal heim- ilt að láta rannsaka alt það, er samþykkin ræðir um, og þýðingu hefir fyrir heilsu manna, hvort heldur er á almannaferi eða á lóðum þeim, er einstökum mönn- um eða fjelögum tilheyra. Alt það er nefndin finnur aðfinsluvert, skal hún inn- færa í fundarbókina, og síðan skriflega skipa þeim, er í hlut á, fyrir um, hvað honum beri að gera til umbóta.

## 4. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja heilbrigðisráðstöfun eða þrifnaðarbót, sem hefir í för með sjer útgjöld og er þess eðlis, að ekki er unt að heimta af neinum sjerstökum lóðar- eða húsumráðanda að kosta hana eða fram- kvæma, þá skal nefndin leggja það mál fyrir hreppsnefnd, og fara fram á, að hún leggi fje úr sveitarsjóði. Vilji hreppsnefnd ekki veita fjeð, má skjóta því máli til sýslunefndar til úrskurðar.

*II. Um fráæslu og vatnsból.*

## 5. gr.

Eldhús- og þvottaskólp og önnur óhreinið má ekki láta síga ofan í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að jarðvegurinn undir þeim saurgist, heldur skal því veita burtu frá húsinu í opnum eða lokuðum ræsum í sjóinn, þar sem því verður við komið. Opin ræsi skal hreinsa svo oft að ekki leggi ódaun úr þeim.

## 6. gr.

Engin vatnsból má leyfa, sem neyðsluvatn sje tekið úr, önnur en þau sem lokuð eru og hlaðin úr grjóti eða steinlimd, og þannig útbúin, að óhreinið geti

12 ekki borist í þau; sje vatnið ekki leitt í lokuðum pípum heim í húsin, skal það 6. febr tekið úr lokuðum brunnum með dælu.

### III. Um peningshús, hauga og forir.

#### 7. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að hafa stórgripi og sauðfje í íbúðarhúsum manna, eða byggingum, sem áföst eru við þau.

#### 8. gr.

Heilbrigðisnefndin skal segja fyrir um, hvar peningshús, haugstæði, haughús eða forir megi vera, og má enginn gjöra þau að nýju, nema hann hafi fengið samþykki nefndarinnar til þess og hlíti hennar fyrirmælum um frágang og tilhögun á þeim

Peningshús og haugstæði, sem eru eldri en þessi samþykkt, getur heilbrigðisnefndin heimtað að sjeu færð úr stað eða þeim breytt, ef að þeim er mikill óþrifnaður. Forir má því að eins leyfa, að þær sjeu gjörðar lagarheldar með steinlími og veggirnir 25 cm. upp úr jörð, og yfir þeim sje svo sterkur hleri að menn eða skepnur falli ekki í þær.

### IV. Um salerni og sorpkistur.

#### 9. gr.

Sjerhverju húsi skal fylgja salerni, og skal það vera með eins mörgum klefum og býli eru mörg í húsinu, en samkomuhús skulu hafa eins marga klefa eins og heilbrigðisnefnd álitur nægilega. Við þau hús, sem ekkert salerni er nú, skulu húseigendur eða umráðamenn þeirra hafa reist þau innan 2ja mánaða eftir að samþykkt þessi kemur í gildi, og skulu þau svo vel gjörð, að heilbrigðisnefnd álíti þau fullnægjandi, ella skulu hlutaðeigendur skyldir að rífa þau niður og gjöra önnur betri. Salerni skal þannig gjört að gólfíð sje steinsteyppt og hærra en jarðvegurinn í kring. Saurkagginn skal vera vatnsheldur og ná fast upp að setunni. Setuumbúnaðurinn skal vera laus og alt skal þannig útbúið að sem auðveldast sje að sóttþreinsa salernið. Sje það úr steinsteypu skal kalka það innan.

#### 10. gr.

Veitingamenn, kaupmenn og aðrir vinnuveitendur skulu skyldir að reisa salerni til afnota fyrir viðskiftamenn sína og verkamenn, og sjá um hæfilegan þrifnað á þeim, undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

Öllum mönnum, hvort heldur eru íbúar kaupsinsins eða aðkomumenn, er skylt að nota salerni til þarfinda sinna, og varðar sektum, ef út af er brugðið. 12 6. febr.

11. gr.

Sorpkista skal fylgja hverju húsi, og skal í hana láta alt sorp, rusl og ösku úr húsinu og flytja burt óðara en hún fyllist.

Heilbrigðisnefnd segir fyrir hvert flytja skuli innihald sorpkistanna og saurkagga úr salernum, og hefir eftirlit með að því sje hlýtt; sýnist henni það vanrækt, getur hún látið gjöra það á kostnað húsbúa. Ef hjeraðslæknirinn álitur nauðsynlegt, vegna veikinda, að strangt eftirlit sje með þessu, getur heilbrigðisnefndin ráðið sjerstakan mann til þess að hafa á hendi umsjón með hreinsun saurkagga og sorpkista eða jafnvel framkvæmd, og ákveðið honum þóknun fyrir það starf, sem hún svo innheimtir af hverjum húsráðanda í hlutfalli við mannfjölda.

V. *Um fiskiver.*

12. gr.

Það er skylda sjómanna og útgjörðarmanna að flytja alt slor, hausa, hryggi og annan fiskiúrgang á sjó út, ekki minna en 100 faðma frá landi, ella keyra það þangað sem heilbrigðisnefnd fyrirskipar, sje það ekki borið á tún eða í garða, eða hagnýtt á annan hátt. Aðgerðarstaðina skal hreinsa nákvæmlega í hvert skifti, sem þar hefir verið lagður fiskur.

13. gr.

Ekki má beita lóðir eða stokka þær upp á almannafæri, nema þess sje vandlega gætt, að alt það, sem brúkað er til beitingar, og beituúrgangur, sje safnað í ílát og flutt í burt jafnóðum með slorinu.

Brjóti nokkur á móti 12. og 13. grein, skal hann fyrir fyrsta brot greiða 5 krónur til sveitarsjóðs, en sje brotið endurtekið, skal hann sæta þeim sektum, sem heilbrigðissamþykkt þessi mælir fyrir. Formenn skulu skyldir að annast um greiðslu sekta fyrir brot þessi.

VI. *Um matvæli.*

14. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eftirlit með því að ekki sje höfð á boðstólum svikin eða skemd matyara, og skal hún láta rannsaka það, ef henni sýnist þess



12 þörf. Reynist einhver slik vara svo skemd að hún sje skaðleg heilsu manna,  
6. febr. getur nefndin bannað að selja hana, að viðlögðum sektum. Kjöt af veikum skepu-  
eða sjálfdaudum má ekki selja til manneldis.

### VII. Um slátrun.

#### 15. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa strangt eftirlit með slátrun á sauðfje og stór-  
gripum og sjá um hvort nauðsynlegs þrifnaðar sje gætt á slátursvæðinu og í  
kringum það, og skulu allir, sem við slátrun fást, skyldir að hlýða fyrir mælum  
hennar í þessu efni, hvaðan sem þeir kunna að vera.

#### 16. gr.

Öllum sullum og meinum, sem og hausum af höfuðsóttarfje, skal safna í  
ilát og eyðileggja á þann hátt, er lög mæla fyrir.

### VIII. Um íbúðarhús og skóla.

#### 17. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gjörð að unt sje að halda  
þeim hreinum. Í hverju herbergi skal að minsta kosti einn gluggi vera á hjör-  
um, sje ekki annar útbúnaður til loftræsingar er heilbrigðisnefnd álitur nægja.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört, hrörlegt eða þröngt að nefndin álitur hættu-  
legt að búa í því, getur hún bannað það.

Kjallara undir húsum má ekki nota til íbúðar, nema með sjerstöku sam-  
þykki heilbrigðisnefndar.

#### 18. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða öll skólahús og kenslustofur, hvort heldur  
eru opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun  
skólaársins og á því miðju.

#### 19. gr.

Hver kenslustofa skal vera svo stór að 25 cub.m. komi á hvern nemanda  
að minsta kosti. Í kenslustofunum skal á hverjum degi þurka öll borð og  
bekki með votum klút áður en kenslan byrjar, og þvo gólfid en sópa það aldrei.

Hiti í kenslustofunum fari aldrei fram úr 16° og ekki undir 12° á R. og nægilegur raki sje í loftinu.

**12**  
6. febr.

20. gr.

Salerni skólanna skulu vera vönduð, úr hefluðum og plægðum við og máluð eða oliuborin. Einnig svo mörg sem heilbrigðisnefnd ákveður.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað, að í kenslustofum og anddyrum skóla sju hrákadallar, og skal hreinsa þá daglega.

*IX. Um næma sjúkdóma.*

22. gr.

Þá er lögskipuðnm vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómum, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeraðslæknirinn við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlega næmur sjúkdómur á því svæði sem samþykkin nær yfir, eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt, í samráði við hjeraðslækni, að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum og fleira þessháttar.

*X. Um kirkjugarða.*

23. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með kirkjugarðinum. Ekkert vatnsból má vera nær kirkjugarðinum en 150 metra.

Grafir skulu vera svo djúpar að minst 1,5 metra lag sje ofan á kistu.

*XI. Um sektir og fleira.*

24. gr.

Heilbrigðisnefndin skal fá allan útlagðan kostnað greiddan úr sveitarsjóði eftir gefnum reikningum. Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar útaf reikningum þessum, skal sýslunefnd skera úr málinu, en skylt skal hreppsnefnd að greiða fjed um stund.

**12**

6. febr.

25. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja að framkvæma á settum tíma nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kys heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, þá er henni það heimilt á kostnað þess, er verkið átti að vinna, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðar taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. apríl 1913.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

**Í stjórnarráði Íslands, 6. febrúar 1913.**

**H. Hafstein.**

*Eggert Briem.*

**13**

12. febr.

## Gjaldskrá

**um vatnsskatt í Hafnarfirði.**

1. gr.

Af öllum íveruhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum á vatnsveitusvæðinu, er bæjarstjórn ákveður fyrir 1 ár í senn, sem virt eru til húsaskatts, skal greiða í vatnsskatt árlega  $2\frac{0}{100}$  af virðingarverði þeirra, en af húsaskattsvirðingarverði annara húsa  $1\frac{0}{100}$ .

Auk þess greiðir húseigandi hver 75 auru fyrir hvern mann, er í húsi hans býr, og miðast gjald þetta við manntal, er fram fer árlega um áramót.

2. gr.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra þarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, greiðist aukagjald  $1\frac{0}{100}$  af virðingarverðinu; ennfremur greiði hver húseigandi, er vatnssalerni hefir, fyrir hvert þeirra 6 kr. árlega,

og 4 kr. fyrir hvern vatnshana utanhúss. Fyrir hvern stórgrip, sem er í bæn- **13**  
um að vetrinum, greiðist 1 króna, og miðast gjald þetta við framtal um áramót. 12. febr.

### 3. gr.

Fyrir skip og báta, sem heima eiga í Hafnarfirði, eða eru gerð út þaðan til flutninga eða fiskiveiða, skal greiða 30 aur. gjald fyrir hverja smálest vatns úr vatnsveitunni, er þau taka annarstaðar en við hafskipabryggjuna, en öll önnur skip greiði 60 aura fyrir smálest hverja. Lágmark vatnsgjalds af síðargreindum skipum sje þó eigi lægra en 2 kr. í hvert sinn, sem vatn er tekið. Vatnsnefnd getur gert sjerstakan samning um vatnsgjald af skipum þessum, ef þau ganga hjeðan til fiskiveiða minst 6 vikna tíma á árinu. Fyrir öll skip og báta, hvort heldur þau eiga heima í Hafnarfirði eða annarstaðar, er vatn taka við hafskipabryggjuna, skal greiða 1 kr. í gjald fyrir smálest hverja.

### 4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti er 1. apríl og 1. október. Af aðkomuskipum ber þó að greiða gjaldið í hvert skifti og vatn er tekið.

### 5. gr.

Skrá um þá menn, er vatnsgjald eiga að greiða, semur vatnsnefnd fyrir 20. febr. ár hvert, og skal hún liggja frammi bæjarbúum til athugunar til loka þess mánaðar.

### 6. gr.

Með gjaldskrá þessari fellur úr gildi gjaldskrá um vatnsskatt í Hafnarfjarðarkaupstað 31. desbr. 1910.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir samið, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 26, 9. júlí 1909, til að öðlast gildi 15. febrúar 1913, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 12. febrúar 1913.**

**H. Hafstein.**

---

*Jón Hermannsson.*

# Hafnarreglugjörð

## fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefir 13. febrúar 1913 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, samkvæmt lögum nr. 26, 9. júlí 1909.

### *I. Hafnargjald.*

1. Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatala 3 smálestir og þar yfir, hvort sem þau eru hlaðin vörum, með seglfestu eða eru tóm, skal greiða hafnargjald af öllu farmrúminu í hvert sinn, er þau leggjast við akkeri eða aðrar festar fyrir innan línu, er hugsast dregin úr Balakletti í Hvaleyrarhöfða, eftir að þau hafa komið frá útlöndum eða, ef um skip ræðir, er fara aðeins hafna í milli innanlands, þá er þau hið fyrsta skifti á árinu leita inn á höfnina, þannig:
  - a. Af skipum, sem eiga heima í Hafnarfirði, 3 aura af hverri smálest.
  - b. Af öðrum skipum 5 aura af hverri smálest.

Þá er skip flytur á land vörur, eða tekur úr landi vörur eða farþega, geldur það ennfremur 2 aura af hverri smálest, hvort heldur það er innan- eða utanbæjar-, innan- eða utanrikiseign.

2. Hafni skip sig oftast en einu sinni á árinu á Hafnarfjarðarhöfn, greiðast gjöldin eigi að fullu nema í fyrsta skiftið, en aðeins með helmingi hin önnur skiftin. Hafnargjöldin og önnur gjöld, er ræðir um í reglugjörð þessari, renna í hafnarsjóð Hafnarfjarðarkaupstaðar.

### *II. Aukagjöld.*

1. Skip þau öll, sem lagt er á Hafnarfjarðarhöfn í vetrarlegu eða liggja þar um lengri tíma á öðrum tíma árs, að minsta kosti 1 mánuð, hvort heldur eru útlend eða innlend, skulu greiða í legugjald 20 aura fyrir smálest hverja. Skip, sem eiga heima í Hafnarfirði, greiða þó gjald þetta aðeins hálf.
2. Geymsluskrokkum (hulks) má ekki leggja á höfnina, og ekki heldur þeim skipum, sem búið er að leggja niður til sjóferða, og mega síðargreind skip, er lagt hefir verið þar áður, ekki liggja þar um lengri tíma.

### *III. Undanþágur frá hafnargjaldi.*

1. Öll herskip og skemtiskip, hvernar þjóðar sem eru, eru undanþegin hafnargjaldi.

2. Öll innlend skip, sem eru að fiskiveiðum við strendur landsins, eru undanþegin **14** hafnargjaldi, ef þau afferma ekki nje ferma annað en það, er veiðar þeirra **13. febr.** og útbúnað snertir. Þó skulu þau greiða aukagjald það, er um ræðir í II. kafla. Svo eru og undanþegin hafnargjaldi skip þau, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið fluttur á land, ef þau flytja hann allan á burt aftur og ekki annað.

#### IV. Notkun hafnarinnar.

Heimilt er að leggja yfir veturinn mannlausum skipum, svo lengi sem rúm á höfninni endist, að dómi hafnarnefndar. Skip, sem eiga heima í Hafnarfirði, ganga fyrir skipum, er eiga heimilisfang utan Hafnarfjarðar. Um leyfi til þess ber að sækja til hafnarnefndar, sem vísar á stað, þar sem leggja skal; og skal öllum skipum lagt undir umsjón manns, er hafnarnefnd felur það starf og til þess er álitinn vel hæfur. Skipum, sem lagt er mannlausum vetrarlangt eða um skemri tíma, má ekki leggja fyrir utan þá línu, er hugsast dregin milli Fiskakletts og Skiphóls. Engu skipi má leggja mannlausu án leyfis hafnarnefndar, eða án leyfis umsjónarmanns þess, sem hafnarnefnd til þess kýs.

Skipum, sem lagt er mannlausum, hvort heldur til vetrarlegu eða um skemmri tíma, skal leggja fyrir traustum grunnfærum, er hafnarnefnd tekur gild eða umsjónarmaður í hennar umboði. Þeim skal leggja þannig, að í sína átt liggi hver festi, og skulu akkeri vera 3, með ekki skemmri festi við hvert þeirra en 30 föðmum, er liggja við botn. Skal þeim síðan tengt saman í einn traustan sigurnagla, og liggi aftur keðjur úr honum upp í skipið, ekki styttri en 15 faðmar hvoru megin. Öll laus trje skulu tekin niður eða færð inn í skipið, svo sem stengur, rár og klýverbómur. Þegar skip liggur þannig mannlaust, skal ekki sjaldnar en einu sinni á hverjum mánuði farið út í þau, til þess að lita eftir, hvort legufæri hafa haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem audið er.

Frá reglum þessa kafla gefst engin undanþága, nema með sjerstöku leyfi hafnarnefndar og eftir meðmælum umsjónarmanns þess, sem skipaður er til þess að hafa eftirlitið á hendi. Nánari reglur um lagning slikra skipa, sem hjer er um að ræða, gefur hafnarnefnd í hvert skifti eða felur umsjónarmanni skipanna. Umsjónarmaður sá, er hafnarnefnd ræður til þess að leggja skipunum og hafa umsjón með þeim að vetrinum, skal hafa í þóknun 4 krónur af hverju skipi, og greiða útgerðarmenn skipanna gjald þetta.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma eigi eða afferma, eða fermslu eða affermslu er lokið við, eða ekki byrjað á, skulu eftir nánara ákvæði hafnarnefndar liggja svo á höfninni, að þau ekki tálmi fermslu eða affermslu verslunarskipa eða annara skipa, sem þurfa að flytja farm frá landi eða á land.

V. *Um seglfestu o. fl.*

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemdum á höfninni, frá skipum, er liggja þar, nje flytja það úr landi út í höfnina. Ekki má heldur gjöra nein hafnarmannvirki við höfnina eða leggja út í hana neinum slikum tækjum, svo sem duflum eða þvílíku, án samþykkis bæjarstjórnar.

VI. *Bryggjugjald.*A. *Skipagjald.*

1. Af hverju skipi, sem legst að bryggjunni og festir sig við hana, skal greiða sem hjer segir:
  - a. Af skipum, er sigla eftir fastri áætlun, svo sem póst- og farþegaskipum, skal greiða 3 aura gjald af hverri smálest, í hvert sinn og þau koma á höfnina og eru afgreidd við bryggjuna.
  - b. Af vöruflutningaskipum, sem eru yfir 250 smálestir, greiðist 3½ eyrir fyrir hverja smálest fyrir 3 fyrstu dagana, er þau í hvert sinn hafa afnot af bryggjunni, en 1 eyrir fyrir hvern dag eða part úr degi eftir sama rúm-máli, sem þau liggja lengur í sama sinn.
  - c. Af skipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga, sem minni eru en 250 smálestir, en yfir 100 feta löng, skal greiða 8 krónur í hvert sinn, alt að 3 dögum, en 2 krónur fyrir hvern dag eða part úr degi, sem umfram er.
  - d. Af skipum og bátum, sem eru yfir 40 en undir 50 fetum, skal greiða 6 krónur fyrir alt að 3 dögum, og 2 krónur fyrir hvern dag eða part úr degi, sem umfram er.
  - e. Af minni skipum og mótorbátum skal greiða 1 krónu í hvert sinn, er þau nota bryggjuna, enda liggi þau ekki lengur en 1 dag. Þó geta smærri bátar og skip, er heima eiga í Hafnarfirði, samið við hafnarnefnd um annað ákveðið bryggjugjald fyrir tiltekiinn tíma, ef þau þurfa að hafa afnot af bryggjunni að staðaldri.
2. Undanþegin bryggjugjaldi eru skip þau, sem eingöngu leita hennar til að taka vatn, svo og öll herskip og löggæsluskip, þó þau einnig taki kol.
3. Öll þau skip, sem nota vilja bryggjuna eða áhöld hennar, skulu hafa sama rjett til þess, og fá aðgang að henni í sömu röð og þau hafa komið inn og sótt um að leggjast að henni. Þó skulu skip, er sigla eftir fastri áætlun, ganga fyrir öðrum skipum, ef þau koma jafnsnemma, einnig skulu kaupskip, er losa eða hlaða mikinn hluta farms, að öðru jöfnu ganga fyrir fiskiskipum og öðrum þeim skipum, er lítið erindi eiga og hægt er að afgreiða á annan hátt.
4. Skip skulu leggjast þar að bryggjunni, er umsjónarmaður vísar á, og nota þau festaáhöld, er hann til tekur, og gæta að öðru leyti allrar þeirrar varúðar

meðan legið er við bryggjuna, sem nauðsynleg er til þess að koma í veg fyrir skemdir á skipi, bryggju eða áhöldum hennar. 14  
13. febr.

5. Skemmist bryggjan eða áhöld hennar af völdum skips eða skipverja, hvort heldur er fyrir árekstur, ásigling eða af öðrum orsökum, sem umsjónarmanni þó ekki verður gefin sök á, skal hlutaðeigandi skipsútgerð eða skipstjóri fyrir hennar hönd bæta tjónið að fullu eftir mati dómkvaddra manna og almennum skaðabótareglum. Jafnskjótt og skip hafa lokið nauðsynlegum erindum sínum við bryggjuna, skulu þau leggja frá henni og mega þau ekki leggjast svo nálægt henni, að þau verði til tafar öðrum skipum, er leggja að eða frá henni. Ef að tvö eða fleiri skip nota sporbrautir bryggjunnar samtímis, skal notendum skylt að haga akstrinum samkvæmt fyrirráðum umsjónarmanns.

### B. Vörugjald.

1. Af vörum, sem teknar eru úr skipum á bryggjuna eða af henni í skip, skal greiða gjald sem hér segir:
  - a. Af salti, kolum, kalki, steinlími, múrsteini og öðrum steini, sem ætlaður er til bygginga, og ennfremur eldföstum leir, 40 aura af smálest.
  - b. Af allskonar timbri og öðrum þeim vörum, sem á farmskrá skipa venjulega er reiknað farmgjald af eftir rúmmáli, 60 aura af hverjum 100 teningsfetum.
  - c. Af stykkjavöru, sem reiknað er farmgjald af eftir þyngd, 75 aura af smálest.
  - d. Af fiski, nýjum, slægðum eða óslægðum, 25 aura af smálest, sóltuðum en blautum (óverkuðum) 40 aura, og þurrum eða verkuðum saltfiski 65 aura af smálest hverri.

Vörugjaldið reiknast af hverjum 10 teningsfetum og 100 kg., minni þungi eða rúmmál reiknast sem heil gjaldeining, þó skal lægsta gjald aldrei vera minna en 12 aurar. — Þegar sjerstök atvik eru fyrir hendi, einkum ef um mjög mikið vörumagn er að ræða, getur hafnarnefnd gert sjerstakan samning um vörugjaldið.

### VII. Almenn ákvæði.

1. Öll bryggjugjöld greiðast strax, eða jafnskjótt og skip er afgreitt í hvert sinn, en á vörugjöldum má gefa þeim mönnum alt að mánaðarfrest með borgun, er að staðaldri og til nokkurra muna skipa upp eða út vörum við bryggjuna.
2. Heimilt er þeim, er nota bryggjuna, að leggja vörur á bryggjuhausinn svo sem rúm leyfir að álitum umsjónarmanns, þó mega þær eigi liggja þar lengur en 24 tíma án sjerstaks leyfis hafnarnefndar. Eigi má raða þungavörum (kolum, salti, þakjárni, timbri, steini, steinlími o. s. frv.) á bryggjuhausinn hærra en svo, að meira en 1,5 smál. komi á hvern fermeter af dekkinu. A land-



- 14**  
13. febr. álmuna má einungis leggja vörur, sem fluttar eru jafnóðum, og ávalt skal þessi hluti bryggjunnar vera auður að kveldi eða loknu verki.
3. Bæjarstjórnin ræður umsjónarmann og ákveður laun hans. Hann hefir fyrir hönd bæjarstjórnarinnar á hendi alla umsjón með bryggjunni og áhöldum hennar, innheimtir gjöld af skipum og vörugjöld samkvæmt reglugjörð þessari, ásamt fleiru, er nánar verður ákveðið með erindisbrjefi, er bæjarstjóri semur fyrir hann með ráði hafnarnefndar. Umsjónarmaður vísar skipum á stað við bryggjuna, er þau ferma eða afferma, og sjer um að reglugjörðinni sje hlýtt. Hann hefir vald til þess að banna skipum aðgang að bryggjunni, sömuleiðis getur hann, ef þrengsli, sjór eða aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, tafarlaust vísað skipum, sem liggja við bryggjuna, burtu frá henni. Skyldi ágreininingur rísa milli skipa innbyrðis, eða umsjónarmanns og skips út úr einhverju því efni, er reglugjörð þessi setur ákvæði um, þá ber skipstjóra til bráðabirgðar að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns, en skotið getur hann málinu til hafnarnefndar, er ræður úrslitum þess. Umsjónarmaður getur bannað alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna.
4. Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr., er renna í hafnar-sjóð.

Með reglugjörð þessari er fallin úr gildi hafnarreglugjörð fyrir Hafnar-fjarðarkaupstað 15. október 1910.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 15. febrúar 1913 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1916.

**Í stjórnarráði Íslands, 13. febrúar 1913.**

**H. Hafstein.**

---

*Jón Hermannsson.*

# Reglugjörð

15  
7. mars

um breyting á reglugjörð 30. nóv. 1908, um eldvarna- og slökkvilið á Akureyri.

15. gr. orðist þannig:

Reglugjörð þessa skal endurskoða fyrir 1. janúar 1916.

Framanskráð reglugjörð, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 42, 20. okt. 1905, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 7. mars 1913.

H. Hafstein.

*Jón Hermannsson.*

# Endurskoðuð reglugjörð

16  
13. mars

um vatnsveitu í ytri hluta Akureyrarkaupstaðar (Oddeyri).

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 83, 22. nóvember 1907, um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað 8. okt. 1883, tekur bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar að sjer vatnsveituna í ytri hluta kaupstaðarins, og hefir bæjarstjórnin á hendi alla stjórn og umráð vatnsveitunnar.

2. gr.

Öll framkvæmdarstörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórnin þriggja manna nefnd, er hún kys til þriggja ára í senn, og skulu að minsta kosti 2 bæjarfulltrúar eiga sæti í nefndinni.

**16** Kosning nefndarmanna fer fram á næsta fundi eftir kosning til bæjar-  
13. mars stjórnar, fyrsta sinn í ársbyrjun 1911.

### 3. gr.

Fyrir 15. febrúar ár hvert semur vatnsveitunefndin, ásamt 2 mönnum, er notendur vatnsveitunnar kjósa til þriggja ára í senn, áætlun um gjöld vatnsveitunnar hið yfirstandandi ár, og jafnar um leið ásamt hinum kjörnu mönnum, gjöldum vatnsveitunnar niður á notendur.

Notendur teljast allir eigendur að húsunum, er þann 19. september 1910 höfðu vatnsveitupípur frá aðalæð vatnsveitunnar, svo og þeim húsum, er pípur síðar hafa verið lagðar inn í.

### 4. gr.

Niðurföfnun gjaldsins skal haga þannig, að lagður sje vatnsskattur á þá menn, er til heimilis eru í hinum gjaldskyldu húsum, alt að kr. 1.50 á hvern mann, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunefndar í hvert sinn. Ennfremur skal leggja hundraðsgjald á virðingarverð húseigna, og má leggja viðaukagjald á húseignir, þar sem einhver sú atvinna er rekin, er telja má afnotafreka á vatn.

Nú vill einhver hafa krana utanhúss, eða nota krana vatnsveitunnar til þess að vökva blómreiti, garða, tún, eða þess háttar, og getur nefndin leyft það gegn ákveðnu árgjaldi.

### 5. gr.

Skrá yfir niðurföfnun á vatnsskatti, ásamt gjaldaáætlun, skal lögð fram til sýnis í síðasta lagi 15. febr. ár hvert. Kærur yfir áætluninni eða niðurföfnun skattsins skulu sendar bæjarstjórn áður en liðnir eru 8 dagar frá framlagning skrárinnar. Bæjarstjórnin úrskurðar hinar framkomnu kærur áður liðnir eru 14 dagar frá því er kærufrestur var á enda.

### 6. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. apríl og 1. október ár hvert, og greiðist helmingur skattsins á hvorum gjalddaga um sig.

Húseigendur greiða skattinn hver fyrir sína húseign og leigjendur í gjalddaga.

### 7. gr.

Vatnsskatt eftir þessari reglugjöf má taka lögtaki; svo er nefndinni og

heimilt að teppa aðrás vatnsins í þau hús, er eigi er greiddur af vatnsskattur í **16**  
 gjalddaga, til þess er vatnsskatturinn er greiddur. 13. mars

Reglugjörð þessa skal endurskoða jafnskjótt og verulegar breytingar verða  
 gerðar á vatnsveitunni.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og  
 samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt framangreindum lögum 22. nóvember 1907.

**Í stjórnarráði Íslands, 13. mars 1913.**

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*

## **Reglugjörð**

**17**  
13. mars

**fyrir eldvarna- og slökkvilið í kaptúninu Keflavík.**

### 1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kaptúninu skal falin 3 manna nefnd og eiga sæti  
 í henni hreppstjórinn, sem formaður, slökkviliðsstjóri og 1 maður, sem hrepps  
 nefndin kys til 3 ára í senn.

### 2. gr.

Brunamálanefnd skal hafa eftirlit með, að hlýtt sje fyrirmælum laganna  
 um varnir gegn eldsvoða, og að eldvarnaráhöld sjeu útveguð og þeim haldið við  
 í góðu standi. Hún skipar fyrir um hið árlega eftirlit með eldstæðum, og hreins-  
 un reykháfa, og um varúð alla, er hafa skal í húsum til að fyrirbyggja elds-  
 uppkomu.

### 3. gr.

Eldvarna- og slökkvilið skiftist í þessa flokka:

- I. Slökkvilið, er skiftist í:
  - a. Slökkvívjelalið.
  - b. Vatnsburðarlið.

**17** II. Húsrífs- og bjarglið.

## 13. mars III. Lögreglulið.

Fyrir hvern flokk um sig skipar brunamálanefndin yfirmann, undirforingja, varamenn og aðstoðarmenn eftir þörfum. Hún ákveður tölu liðsmanna í hverjum flokki og skipar fyrir um merki, ef þurfa þykir.

## 4. gr.

Þegar brunakall er hafið, er slökkvívjelaliðið skyldugt til, svo fljótt sem mögulegt er, að mæta við slökkvívjelahúsið, og skal það neyta allra krafta til að koma slökkvívjelunum að eldstöðvunum sem allra bráðast.

Allir aðrir, sbr. 13. gr., eru skyldir til að mæta þegar við eldstöðvarnar.

## 5. gr.

Það er skylda slökkviliðsins að vinna að því af fremsta megni að slökkva eld, er upp kann að koma í kaптúninu, þannig að eigi standi hættu af, og takmarka útbreiðslu eldsins svo sem mögulegt er. Enginn slökkviliðsmaður má fara burt frá eldstöðvunum fyrir en yfirmaður slökkviliðsins leyfir það.

Slökkviliðið er gegn hæfilegri þóknun, er slökkviliðsstjóri og hreppstjóri í hvert sinn ákveða, skyldugt til að kæfa eld í rústum og ryðja þær, ef þess er óskað.

## 6. gr.

Það er skylda bjargliðsins að bjarga úr eldsvoða mönnum og skepnum og verðmætum munum. Húsgirðingar og annað, er aukið geta eldinn eða hindrað slökkvívjelarnar, skulu þeir rífa niður, að því leyti sem það er nauðsynlegt, eftir fyrirætlum slökkviliðsstjóra. Þegar ekki þarf á neinu slíku starfi að halda, eru þeir skyldir til að aðstoða slökkvívjelaliðið.

## 7. gr.

Það er skylda lögregluliðsins að halda reglu á við eldsvoða og við æfingar slökkviliðsins, varna óviðkomandi mönnum að koma nærri eldstöðvunum, og banna alla umferð um götur, þar sem þess þarf. Lögregluliðið skal gæta þess, að mannþyrpingar hindri ekki eða tefji slökkvívjelaliðið eða aðrar deildir slökkviliðsins. Það sjer um, að inn í hús, sem í eldhættu eru, fari enginn nema húsbúar sjálfir og bjargliðið. Það sjer um vörslu á björguðu góssi, annast burtflutning og aðhjúkrun þeirra, er fyrir slysum kunna að verða, vísar burt eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.

## 8. gr.

17

13. mars

Hinar nánari reglur um starfa hvers liðsflokks fyrir sig, semur slökkviliðsstjóri með ráði brunamálanefndar, og skulu yfirmenn flokkanna birta þær liðsmönnum sínum sem fyrirskipanir.

## 9. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir á hendi allar framkvæmdir, er að eldvörnum lúta, og stjórnar slökkviliðinu í heild sinni við eldsvoða og við æfingar. Hann hefir eftirlit með slökkviáhöldum kauptúnsins, heldur skrá yfir þau og sjer um, að þau sjeu í reglu og ætíð til taks. Hann hefir eftirlit með því, að yfirmaður hvers flokks færi nákvæma nafnaskrá yfir undirforingja, varamenn og liðsmenn í flokknunum. Hann skal við störf sín bera einkennishúfu eða annað glögt merki, þar sem allir geta sjeð það.

## 10. gr.

Hreppsnefndin skipar slökkviliðsstjóra til 3 ára í senn og aðstoðarmann, er að öllu leyti gengur í hans stað, þegar hann er ekki viðstaddur.

## 11. gr.

Slökkviliðsstjóri má ekki fara burt úr kauptúninu nema hann tilkynni það hreppstjóra, og setji auk aðstoðarmannsins annan í sinn stað til vara. Sama regla gildir og fyrir yfirmenn flokkanna.

## 12. gr.

Æfingar eldvarna- og slökkviliðsins ákveður slökkviliðsstjóri í samráði við hreppstjóra, og skal kvatt til þeirra með venjulegu brunakalli, en brunamálanefndin ákveður og auglýsir, hvernig brunakalli skuli hagað.

## 13. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kauptúninu, að undanskildum lækni og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun sjeu ófærir til vinnu, eru skyldir til að taka þátt í störfum eldvarna- og slökkviliðsins. Hver sá, er eigi mætir tafarlaust á vettvangi þegar brunakall er hafið, eða sýnir óhlýðni eða mótþróa gegn fyrirskipunum yfirmanns, skal sæta alt að 25 kr. sektum, nema brotið sje ítrekað eða sjerstakar ástæður sjeu til.

17

13. mars

14. gr.

Brot gegn þessari reglugjörð varða sektum, alt að 50 kr., þar sem eigi er öðruvísi ákveðið. Sektir renni í sveitarsjóð.

Framanskráð reglugjörð er hjermeð sett, samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóv. 1907 og tillögum hreppsnefndar Keflavíkurhrepps, til að öðlast gildi 15. apríl 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 13. mars 1913.**

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*

18

22. mars

## **Prófreglugjörð**

**fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík.**

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 22, 11. júlí 1911, um stýrimannaskólann í Reykjavík og Reglugjörð fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík, 29. ágúst 1912, eru hjer með settar eftirfarandi reglur um tilhögun á prófunum og hvað útheimti-ist til þeirra.

### *I. Almenn ákvæði.*

1. gr.

Burtfararpróf skulu haldin í aprilmánuði ár hvert.

2. gr.

Sá, sem óskar að ganga undir stýrimannspróf, skal afhenda forstöðumanni

stýrimannaskólans eiginhandar umsóknarskjal, stílað til stjórnarráðsins, þess efnis, að honum verði leyft að ganga undir prófið. 18  
22. marz

Umsóknarskjalinu skulu fylgja þessi vottorð:

1. Um það, að hann hafi verið háseti á þilskipi í 12 mánuði, að minsta kosti, eftir að hann varð fullra 15 ára að aldri.
2. Um það, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn, hafi það ekki áður verið afhent skólastjóra.

Nú er sá, er undir próf vill ganga, eigi lærisveinn stýrimannaskólans, og skal hann þá, þrem mánuðum áður en prófið er haldið, senda brjeflega beiðni til stjórnarráðsins um að mega ganga undir prófið. Skulu beiðni þessari fylgja frammanefnd vottorð, svo og vottorð frá þeim manni eða mönnum, sem hafa kent honum siglingafræði.

### 3. gr.

Á tilteknum degi og stundu skulu prófsveinar mæta í stýrimannaskólanum og hafa með sjer sjókort, uppdráttaráhöld, pappír og þau hjálpartæki, sem með þarf til úrlausnar verkefnanna.

Við byrjun prófsins draga prófsveinar um, í hvaða röð þeir koma upp í munnlega prófinu. Það tölunúmer, sem hver prófsveinn fær, skal hann skrifa efst á verkefnisúrlausnir sínar, svo og nafn sitt.

### 4. gr.

Stýrimannsprófin eru munnleg og skrifleg. Þau skulu haldin opinberlega af prófnefnd; eru í henni forstöðumaður stýrimannaskólans og 2 menn aðrir, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti, og annan þeirra sem oddvita prófnefndarinnar.

Hinir skipuðu prófdómendur tiltaka verkefni til munnlegs og skriflegs prófs; verkefnin til skriflega prófsins skulu þeir afhenda stjórnarráðinu á undan prófinu í innsigliðu umslagi.

### 5. gr.

Gufuvjelaprófið er að eins munnlegt. Undir það mega þeir einir ganga, sem staðist hafa hið meira stýrimannspróf. Prófið skal haldið opinberlega af prófnefnd og fyrir því standa sá af nefndarmönnum, er stjórnarráðið skipar sem oddvita. Í prófnefndinni eru forstöðumaður skólans og tveir menn aðrir, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti.

### 6. gr.

Við hið skriflega próf fá allir prófsveinar sömu verkefni. Rita má fleiri en eitt verkefni á sama blaðið, en þá skal skýrt frá því um leið, hve mörg verkefni það hafi inni að halda. Prófnefnd kvæður á um hve langur tími veitist til hverrar úrlausnar.

Þeir prófsveinar, sem kann að þykja eitthvað ógreinilegt í verkefninu,



**18** geta snúið sjer til eftirlitsmanns. Eigi mega prófsveinar hafa verkefni í lengri  
**22. mars** tíma en veittur er til úrlausnar.

#### 7. gr.

Meðan á skriflega prófinu stendur, mega engir aðrir en prófsveinar og eftirlitsmenn vera í prófstofunum. Kennarar skólans mega helst ekki vera eftirlitsmenn, að minsta kosti ekki við þær greinar, sem þeir hafa kent. Eftirlitsmenn bera ábyrgð á að engum brögðum sje beitt við prófið. Þeir skulu vera einum fleiri en prófstofurnar. Stjórnarráðið skipar menn þessa.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp, láti hjálpa sjer, eða hjálpi öðrum, skal honum þegar vísað frá prófi, og skal þá svo álitíð, að hann hafi eigi staðist prófið.

Nú gengur prófsveinn frá prófi, og kennir sjúkleik um, en sannar síðar með læknavottorði, að hann hafi verið forfallaður, og ber þá að líta svo á, sem hann hafi eigi gengið undir prófið, og má þá prófa hann aftur á sama próftíma, jafnskjótt og því verður við komið.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndarinnar, að prófsveinn hafi hegðað sjer ósæmilega við prófið, getur oddviti rekið prófsveininn frá prófinu.

Áður en prófið byrjar skal oddviti prófnefndar semja próftöflu; skal hún fest upp í stýrimannaskólanum minst degi áður en prófið byrjar. Prófsveinar skulu mæta stundvíslega samkvæmt þessari töflu.

#### 8. gr.

Munnlegu spurningarnar skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar. Við prófið dregur hver prófsveinn sína spurningu. Munnlega prófið má eigi halda meðan prófsveinar eru að svara skriflegu verkefnunum. Kennarinn í hverri námsgrein, heldur hið munnlega próf.

#### 9. gr.

Fyrir svör í hverri spurningu skal prófnefndin gefa einhverja af einkunum þeim, er hjer skulu taldar, og jafngilda þær tölum þeim, er hjá þeim standa: ágætlega = 7, ágætlega ÷ = 6, dável = 5, dável ÷ = 4, vel = 3, vel ÷ = 2, laklega = 1, laklega ÷ = 0, illa = ÷ 1, illa ÷ = ÷ 3, afarilla = ÷ 5.

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkun skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildum einhverra þeirra, er gefnar hafa verið; sje meðaltal þetta ÷ 2, verður einkunin illa (÷ 1).

## II. Til hins minna íslenska stýrimannsþrófs útheimtist.

18

22. mars

## 10. gr.

## 1. Í stærðfræði (sannanalaust):

*Kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót, notkun logaritma, um grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar, um játandi og neitandi stærðir, um grundvallarsetningar þríhyrningafræðinnar og útreikning rjett-hyrndra þríhyrninga eftir henni. Í tugakerfinu, samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu; í algengum reikningi með heilum tölum, almennem brotum og tugabrotum; í hlutfallslíkingu að finna óþekta tölu; veldi talna og tvíveldisrótarátt; í margföldun, deilingu, veldisupphafningu og rötarátt með notkun logaritma; þekking á beinum og bjúgum línunum, flötum, þríhyrningum, ferhyrningum, hringum og línunum þeirra, á sporbaugum, kúlum, sporbaugskúlum; kunnátta í að skifta beinum línunum, að draga upp og fella línu beint niður á aðra, að draga línu samsíða annari beinni línu, að afmarka horn, er sje jafnstórt öðru tilteknu horni, að skifta horni í tvo jafnstóra parta, að skifta hring í 2, 4, 6, 8 jafnstóra parta; þekking á þríhyrningalínunum og notkun þeirra við útreikning á rjett-hyrndum flötum þríhyrningum.*

## 2. Í siglingafræði:

*Þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línunum á yfirborði hans, breidd og lengd: Miðjarðarbaug, jarðskautum, hádegisbaugum, breiddarbaugum, áttavitalínunum, breidd og lengd, stefnu, vegalengd, breiddarmismun, lengdarmismun, afviki.*

3. *Þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvísun, inklination, deviation og hvernig hún verður fundin, á tilhögun og notkun skipshraðamælisins og grunnsökkunnar: Grein á segulafi, segulnál, hinum ýmsu pörtum áttavítans og mismundi tegundum áttavíta, sólskífunni, miðunarskífunni, misvísunarnálinni, misvísun og breytingum á henni, inklination og breytingum á henni, áhrifum hennar á áttavítann; segulskekkju (deviation) og hvað henni veldur, breytingum hennar, segulskekkjuskrám; að finna rjetta stefnu og miðun með hliðsjón af segulskekkju og misvísun; að ákveða misvísun af stefnum eða miðunum, þegar stefnur eða miðanir eru tilgreindar bæði rjettvísandi og misvísandi; að ákveða segulskekkju af stefnum eða miðunum, þegar stefnur eða miðanir eru tilgreindar bæði með segulskekkju (devierende) og án segulskekkju (misvísandi); þekking á spjald-hraðamælinum og pokaskriðmælinum (skreppuskriðmælinum); handsökku og djúpsökku og notkun þeirra.*4. *Skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð. Á aðalreglum fyrir stækkandi uppdráttum (sjökortum), mælikvörðum þeirra og línunum og þekking á, hvað standa eigi á sjávaruppdráttum að öðru leyti; mælingum og afmörkun þeirra á sjávaruppdrættina.*5. *Þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eftir töflum þeim, sem til þess eru gerðar; að kunna að marka stað skips á uppdrættinum, bæði eftir breidd og*

18  
22. mars

- lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefi borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu og vegalengd til tiltekins staðar:* Þekking á tilgangi skipsdagbókar og hversu í hana skuli rita; að geta fundið þann stað, er halda á til, þegar staður sá, sem siglt er frá er kunnur, og stefnur og vegalengdir þær, er farnar hafa verið; að marka stað skipsins á kortið með miðunum, merkjum, hornmælingum; að finna stefnu og hraða straumsins með athugunum jarðlegra hluta; að finna stefnu þá á kortinu, sem halda á og leiðrjetta þá stefnu fyrir straum og öðrum áhrifum á hana, svo fundin verði sú stefna sem stýra á eftir áttavitanum; að finna vegalengd þá, er halda skal og hve langt um líði, þangað til komist verði til tiltekins staðar.
6. *Þekking á himinhvolfsnu og hinni daglegu hreyfingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því að ákveða afstöðu himintungla, á sólinni og hreyfingu hennar sjálfrar:* Þekking á heimsásnum, miðhiminbaug, vorhnútsbaugum (rectascensionsbaugum), miðfirðarbaugum (deklinationsparalellum), tímabaugum, dagbaugum, sjónbaugum, falllínunum, azimuthbaugum, hæðabaugum, vorhnútsfirð, miðbaugsfirð, tímahornum, hvirfilhornum, hæð, amplitude, afstöðu heimsásins við sjónbauginn, dagbaugum og náttbaugum himinhnatta, sísjæjum og ósjæjum stjörnum, hinni daglegu hreyfingu, áhrifum breiddar og miðbaugsfirðar á hæð himinhnatta, á sólbrautarbaug og hreyfingu sólarinnar eftir honum, á trópisku sólári, borgaralegu sólári og almanaksárinu.
1. Keypt hlutabréf á 2000 kr., 1 <sup>o</sup> / <sub>o</sub> fram yfir nafnverð . . .	kr.	20 00	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Lán Reykjavíkur . . . . .	kr.	21000 00	
b. — gegn fasteignarveði . . . . .	—	34150 00	
c. Veðdeildarbrjef . . . . .	—	5700 00	
d. Hlutabréf í Íslandsbanka . . . . .	—	2000 00	
e. Í Landsbankanum . . . . .	—	23 35	
			<hr/>
			— 62873 35
			<hr/>
	Kr.		62893 35

I stjórnarráði Íslands, 14. janúar 1913.

F. h. r.

*Kl. Jónsson.*

---

  
Eggert Briem.

## Reikningur

## 45

yfir tekjur og gjöld Míningarsjóðs Herðisar og Ingileifar Benediktson  
fyrir árið 1912.

### Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1912 B., bls. 17):			
a. Lán gegn fasteignarveði . . . . .	kr.	67990 00	
b. Hlutabréf í Íslandsbanka . . . . .	—	1600 00	
c. Innstæða í bönkum . . . . .	—	503 45	
			<hr/>
			kr. 70093 45
2. Vextir:			
a. Af fasteignarveðslánum . . . . .	kr.	2530 86	
b. Af hlutabréfæign . . . . .	—	104 00	
c. Af fje í bönkum . . . . .	—	38 25	
			<hr/>
			— 2673 11
			<hr/>
	Kr.		72766 56

## Gjöld:

45

Sjóður til næsta árs:

a. Lán gegn fasteignaveði . . . . .	kr.	64290 00	
b. Hlutabréf í Íslandsbanka . . . . .	—	1600 00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði . . . . .	—	6000 00	
d. Innstæða í bönkum . . . . .	—	876 56	
			kr. 72766 56
			Kr. 72766 56

Í stjórnarráði Íslands, 8. janúar 1913.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Eggert Briem.

**Aths.:** Renta af innstæðu í Söfnunarsjóði getur samkvæmt reglum sjóðsins fyrst komið í næsta reikningi, og síðan einu ári á eftir.

## Reikningur

46

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í hinu fyrverandi Suðuramti árið 1912.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1912 B. bls. 18):			
a. Veðskuldabréf . . . . .	kr.	4200 00	
b. Í Landsbankanum . . . . .	—	460 12	
			kr. 4660 12
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum . . . . .	kr.	189 00	
b. Af bankainnstæðu . . . . .	—	17 21	
			— 206 21
			Kr. 4866 33

## 46

## Gjöld:

1. Styrkur veittur . . . . .	kr.	104 00	
2. Keypt 500 kr. hlutabréf á 505 kr. . . . .	—	5 00	
3. Sjóður í árslok:			
a. Veðskuldabréf . . . . .	kr.	4200 00	
b. Hlutabréf í Íslands banka . . . . .	—	500 00	
c. Í Landsbankanum . . . . .	—	57 33	
			4757 33
			<b>Kr. 4866 33</b>

Í stjórnarráði Íslands, 14. janúar 1913.

F. h. r.

*Kl. Jónsson.*

Jón Hermannsson.

## 47

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs W. Fischers árið 1912.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1912 B. bls. 19):			
a. Innritunarskirteini Ltr. A. fol. 373 . . . . .	kr.	20000 00	
b. Bankavaxtabréfum . . . . .	—	18000 00	
c. Lán gegn fasteignarveði . . . . .	—	1000 00	
d. Í Landsbankanum . . . . .	—	1359 65	
			kr. 40359 65
2. Vextir:			
a. Af innritunarskirteini . . . . .	kr.	700 00	
b. Af bankavaxtabréfum . . . . .	—	832 50	
c. Af fasteignarveðsláni . . . . .	—	40 50	
d. Af sparisjóðsinnstæðu . . . . .	—	65 05	
			— 1638 05
3. Ágóði á keyptu bankavaxtabréfi . . . . .	—		3 75
4. Skuld við árslok . . . . .	—		315 40
			<b>Kr. 42316 85</b>

## Gjöld:

47

1. Styrkur veittur samkvæmt stofnskrá sjóðsins . . . . .	kr.	1425 00
2. Borgun fyrir auglýsingar . . . . .	—	23 25
3. Sjóður til næsta árs:		
a. Innritunarskirteini Ltra. A. fol. 373 . . . . .	kr.	20000 00
b. Bankavaxtabrjef . . . . .	—	19000 00
c. Lán gegn fasteignarveði . . . . .	—	1800 00
d. Í sparisjóði . . . . .	—	68 60
		<hr/>
		40868 60
	Kr.	42316 85

Í stjórnarráði Íslands, 18. janúar 1913.

F. h. r.

*Kl. Jónsson.*

---

Jón Hermannsson.

## Reikningur

48

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs C. Liebes árið 1912.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1912 B. bls. 19—20):		
Bankavaxtabrjef . . . . .	kr.	10700 00
2. Vextir af bankavaxtabrjefum . . . . .	—	481 50
		<hr/>
	Kr.	11181 50

## Gjöld:

1. Borgað Búnaðarfjelagi Íslands . . . . .	kr.	481 50
2. Sjóður í árslok:		
Bankavaxtabrjef . . . . .	—	10700 00
		<hr/>
	Kr.	11181 50

Í stjórnarráði Íslands, 17. janúar 1913.

F. h. r.

*Kl. Jónsson.*

---

Jón Hermannsson.



## Reikningur

yfir tekjur og gjöld gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar  
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1912.

### Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1912 B bls. 20):			
a. Bankavaxtabrjef . . . . .	kr.	2500 00	
b. Lán gegn fasteignarveði . . . . .	—	2000 00	
c. Í Landsbankanum . . . . .	—	820 60	
			kr. 5320 60
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabrjefum $\frac{2}{1}$ og $\frac{1}{7}$ '12	kr.	112 50	
b. Af fasteignarlánnum . . . . .	—	80 00	
c. Af fje í Landsbanka . . . . .	—	34 52	
			— 227 02
			Kr. 5547 62

### Gjöld:

1. Styrkur veittur til vegabóta:			
a. Arnessýslu . . . . .	kr.	125 00	
b. Rangárvallasýslu . . . . .	—	125 00	
			kr. 250 00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Bankavaxtabrjef . . . . .	kr.	2500 00	
b. Lán gegn fasteignarveði . . . . .	—	2000 00	
c. Í Landsbankanum . . . . .	—	797 62	
			— 5297 62
			Kr. 5547 62

Í stjórnarráði Íslands, 4. janúar 1913.

F. h. r.

*Kl. Jónsson.*

\_\_\_\_\_  
Jón Hermannsson.

## Reikningur

50

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs W. Fiskes til Grimseyinga árið 1912.

### Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1912 B, bls. 21):			
a. Bankavaxtabrjef . . . . .	kr.	23600 00	
b. Í Landsbankanum . . . . .	—	184 99	
		<hr/>	kr. 23784 99
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabrjefum . . . . .	kr.	1094 13	
b. Af fje í Landsbankanum . . . . .	—	31 17	
		<hr/>	— 1125 30
3. Meðtekð frá prófessor H. S. White . . . . .	—		3730 00
4. Ágóði á keyptu bankavaxtabrjefi . . . . .	—		40 00
		<hr/>	<hr/>
	Kr.		28680 29

### Gjöld:

1. Styrkur til Grimseyinga . . . . .	kr.	1000 00	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Bankavaxtabrjef . . . . .	kr.	22600 00	
b. Lán gegn fasteignarveði . . . . .	—	5000 00	
c. Í Landsbankanum . . . . .	—	80 29	
		<hr/>	— 27680 29
	Kr.		<hr/>
			28680 29

Í stjórnarráði Íslands, 4. janúar 1913.

F. h. r.

*Kl. Jónsson.*

---

Jón Hermannsson.

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Kristjáns konungs hins Níunda fyrir árið 1912.

### Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1912 B, bls. 22):			
a. Innritunarskírteini Ltr. A. fól. 84 . . . . .	kr.	8600 00	
b. Veðskuldabrjef . . . . .	—	1600 00	
c. Í Landsbankanum . . . . .	—	463 33	
		<hr/>	kr. 10663 33
2. Vextir:			
a. Af innritunarskírteini . . . . .	kr.	301 00	
b. Af veðskuldabrjefum . . . . .	—	64 00	
c. Af fje í Landsbankanum . . . . .	—	16 78	
		<hr/>	— 381 78
3. Ágóði af keyptu veðdeildarbrjefi . . . . .			— 20 00
			<hr/>
	Kr.		11065 11

### Gjöld:

1. Heiðursgjafir veittar:			
a. Birni sýslumanni Bjarnarson . . . . .	kr.	140 00	
b. Ingvari bónda Þorsteinssyni . . . . .	—	140 00	
		<hr/>	kr. 280 00
2. Sjóður til n. á.:			
a. Innritunarskírteini Ltr. A. fól. 84. . . . .	kr.	8600 00	
b. Veðskuldabrjef . . . . .	—	1600 00	
c. Veðdeildarbrjef . . . . .	—	500 00	
d. Í Landsbankanum . . . . .	—	85 11	
		<hr/>	— 10785 11
	Kr.		11065 11

Í stjórnarráði Íslands, 15. janúar 1913.

F. h. r.  
Kl. Jónsson.

---

---

Jón Hermannsson.

## Reikningur

52

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Friðriks konungs hins Áttunda fyrir árið 1912.

### Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1912 B, bls. 23)			
a. Bankavaxtabrjef . . . . .	kr.	10000 00	
b. Í Landsbankanum . . . . .	—	800 37	
		<hr/>	kr. 10800 37
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabrjefum 2/1 og 1/7 . . . . .	kr.	450 00	
b. Af sparisjóðsinnstæðu . . . . .	—	37 34	
		<hr/>	kr. 487 34
	Samtals		kr. 11287 71

### Gjöld:

1. Styrkur til skógræktar:			
a. Til Vífilsstaðahælis . . . . .	kr.	225 00	
b. Til Guðbjargar Þorleifsdóttur . . . . .	—	125 00	
c. Til lystigarðs Akureyrar . . . . .	—	100 00	
		<hr/>	kr. 450 00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Bankavaxtabrjef . . . . .	kr.	10000 00	
b. Í Landsbankanum . . . . .	—	837 71	
		<hr/>	kr. 10837 71
	Samtals		kr. 11287 71

Í stjórnarráði Íslands, 3. jan. 1913.

F. h. r.

*Kl. Jónsson.*

---

Jón Hermannsson.

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum 1912.

### Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1912 B, bls. 24):			
a. Lán Seyðisfjarðar . . . . .	kr.	12800	00
b. Lán gegn fasteign og ábyrgð sýslufjel. —		23400	00
c. Bankavaxtabrjef . . . . .	—	2400	00
d. Í Landsbankanum . . . . .	—	650	44
e. Ógoldnir vextir . . . . .	—	20	00
			<hr/>
	kr.	39270	44
2. Vextir:			
a. Af láni Seyðisfjarðar . . . . .	kr.	576	00
b. Af öðrum lánum . . . . .	—	968	78
c. Af bankavaxtabrjefum . . . . .	—	108	00
d. Af fje í Landsbanka . . . . .	—	29	31
			<hr/>
	kr.	1682	09
	Samtals	kr.	40952 53

### Gjöld:

1. Styrkur til Eiðaskóla . . . . .	kr.	1336	00
2. Sjóður í árslok:			
a. Lán Seyðisfjarðar . . . . .	kr.	12000	00
b. Lán gegn fasteign og ábyrgð sýslufjel. —		24400	00
c. Bankavaxtabrjef . . . . .	—	2400	00
d. Í Landsbankanum . . . . .	—	796	53
e. Ógoldnir vextir . . . . .	—	20	00
			<hr/>
	kr.	39616	53
	Samtals	kr.	40952 53

Í stjórnarráði Íslands, 4. janúar 1913.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

## Skýrsla

54

um gjöf Jóns Sigurðssonar frá 1. janúar 1911 til 31. desember 1912.

## Tekjur:

1. Sjóðar í árslok 1910 (Alþ.tíð. 1911 A. bls. 810):			
a. Bankavaxtabrjef . . . . .	kr.	10800 00	
b. Veðskuldabrjef . . . . .	—	6700 00	
c. Í Landsbankanum . . . . .	—	457 50	
		<hr/>	kr. 17957 50
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabrjefum 2/1 og 1/7—'11 og 2/1 og 1/7—'12 . . . . .	kr.	1005 75	
b. Af veðskuldabrjefum 11/6—'11 og 11/6—'12 . . . . .	—	551 94	
c. Af fje í Landsbankanum . . . . .	—	45 33	
		<hr/>	kr. 1603 02
	Samtals		kr. 19560 52

## Gjöld:

1. Auglýsingar . . . . .	kr.	15 00	
2. Vextir af keyptum veðdeildarbrjefum . . . . .	—	16 94	
3. Sjóður í árslok 1912:			
a. Bankavaxtabrjef . . . . .	kr.	11300 00	
b. Veðskuldabrjef . . . . .	—	7500 00	
c. Í Landsbankanum . . . . .	—	676 83	
d. Í sjóði . . . . .	—	51 75	
		<hr/>	kr. 19528 58
	Samtals		kr. 19560 52

Í stjórnarráði Íslands, 17. janúar 1913.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

---

Eggert Briem.

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1912.

### Tekjur:

1. Sjóður í árslok 1911 . . . . .	kr.	459855	39
2. Bætt við innstæðu vaxtaeigenda:			
a. Innlög á árinu . . . . .	kr.	39166	63
b. Vextir fyrir 1912 lagðir við höfuðstól	—	13458	68
		<hr/>	
			52625 31
3. Vextir af útlánum 1912 . . . . .	—	22350	08
4. Borgun fyrir viðskiftabækur, dráttarvextir o. fl. . . . .	—	145	26
5. Vextir fyrir 1912 er biða útborgunar . . . . .	—	6436	89
6. Höfuðstóll geymdur til útborgunar . . . . .	—	892	77
7. Innborguð lán . . . . .	—	4711	24
8. Móti gjaldlið 5 . . . . .	—	48250	00
		<hr/>	
	Samtals kr.	595266	94

### Gjöld:

1. Vextir vaxtaeigenda fyrir 1912:			
a. Ársvextir 4.57% af höfuðstól . . . . .	kr.	19317	10
b. Dagvextir 4.05% um árið . . . . .	—	578	47
		<hr/>	
			kr. 19895 57
2. Kostnaður ýmislegur . . . . .	—	1136	61
3. Vextir greiddir, er biðu útborgunar við árslok 1911 . . . . .	—	6124	99
4. Höfuðstóll:			
a. Er geymdur var til útborgunar . . . . .	kr.	779	19
b. Fallinn til útborgunar á árinu . . . . .	—	2969	78
		<hr/>	
			— 3748 97
5. Sett á vöxtu . . . . .	—	48250	00
6. Móti tekjulið 7 . . . . .	—	4711	24
7. Sjóður í árslok 1912:			
a. Veðskuldabryf . . . . .	kr.	483154	00
b. Lán til prestakalls . . . . .	—	500	00
c. Lán til sveitarfjelaga . . . . .	—	9060	00
d. Vextir fyrir 1912 ógreiddir . . . . .	—	116	91
e. Innstæða í Landsbankanum . . . . .	—	10868	84
f. Í sjóði hjá fjehirði . . . . .	—	1699	81
		<hr/>	
			— 511399 56
	Samtals kr.	595266	94

Stjórn Söfnunarsjóðs Íslands.

Reykjavík, 25. febrúar 1913.

*Eiríkur Briem.*

*Magnús Stephensen.*

*J. Havsteen.*

## Yfirlit

56

yfir efnahag Söfnunarsjóðs Íslands við árslok 1912.

## Eignir:

1. Veðskuldabryf . . . . .	kr.	483154 00
2. Skuldabryf prestakalls . . . . .	—	500 00
3. Skuldabryf sveitarfjelaga . . . . .	—	9060 00
4. Vextir ógreiddir . . . . .	—	116 91
5. Innstæða í Landsbankanum . . . . .	—	16868 84
6. Í sjóði hjá fjehirði . . . . .	—	1699 81
	Samtals kr.	511399 56

## Skuldir:

1. Innstæða vaxtaeigenda:		
a. Í Aðaldeild . . . . .	kr.	440370 83
Paraf í deild hinnar æfinlegu erfingja-		
rentu kr. 2482.63.		
b. Í Útborgunardeild . . . . .	—	25246 62
c. Í Bústofnsdeild . . . . .	—	8598 05
d. Í Ellistyrksdeild . . . . .	—	1109 91
	kr.	475325 41
2. Vextir er biðu útborgunar . . . . .	—	6436 89
3. Höfuðstóll geymdur til útborgunar . . . . .	—	892 77
4. Varasjóður . . . . .	—	28744 49
	Samtals kr.	511399 56

Stjórn Söfnunarsjóðs Íslands.

Reykjavík, 25. febrúar 1913.

*Eiríkur Briem.**Magnús Stephensen.**J. Havsteen.*



## Reikningur

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Kristjáns læknis Jónssonar árið 1912.

### Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári:			
a. Hlutabréf í Íslandsbanka . . . . .	kr.	10000 00	
b. Peningar í innlánsbók við Íslands- banka . . . . .	—	370 94	
		<hr/>	kr. 10370 94
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum . . . . .	kr.	650 00	
b. Af innlögum í Íslandsbanka . . . . .	—	25 81	
		<hr/>	— 675 81
	Samtals	kr.	11046 75

### Gjöld:

1. Styrkur veittur:			
a. Ágústa Egilsson . . . . .	kr.	178 77	
b. Valborg Nielsen . . . . .	—	92 60	
c. Ingvar Guðmundsson . . . . .	—	172 20	
		<hr/>	kr. 443 55
2. Eftirstöðvar til næsta árs:			
a. Hlutabréf í Íslandsbanka . . . . .	kr.	10000 00	
b. Peningar í innlánsbók við Íslands- banka . . . . .	—	603 20	
		<hr/>	— 10603 20
	Samtals	kr.	11046 75

Reykjavík, 25. janúar 1913.

G. Zoëga.

**Reikningur****58**

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar árið 1912.

**Tekjur:**

1. Sjóður frá f. á. . . . .	kr.	1648 25
2. Vextir:		
a. Af bankavaxtabrjefum $\frac{2}{1}$ og $\frac{1}{7}$ '12	kr.	72 00
b. Af sparisjóðsinnstæðu $\frac{30}{6}$ og $\frac{31}{12}$ '12	—	1 94
		<hr/>
		73 94
3. Til jafnaðar við gjaldlið 2 . . . . .	—	8 94
	Samtals kr.	<hr/> 1731 13

**Gjöld:**

1. Styrkur veittur Þórði bónda Jónassyni á Ljósalandi . . .	kr.	65 00
2. Lagt í sparisjóð . . . . .	—	8 94
3. Sjóður 31. desember 1912:		
a. Bankavaxtabrjef . . . . .	kr.	1600 00
b. Í sparisjóðsdeild útbús Íslandsbanka á Seyðisfirði . . . . .	—	57 19
		<hr/>
		1657 19
	Samtals kr.	<hr/> 1731 13

Skrifstofu Norður-Múlasýslu, 11. janúar 1913.

*Jóh. Jóhannesson.*

**Reikningur.****59**

yfir tekjur og gjöld bókasafns Austuramtsins á Seyðisfirði árið 1912.

**Tekjur:**

1. Eign frá fyrra ári . . . . .	kr.	658 75
2. Ársstyrkur úr landssjóði . . . . .	—	400 00
3. ——— — bæjarsjóði Seyðisfjarðarkaupstaðar . . . . .	—	200 00
4. ——— — sýslusjóði Austur-Skaftafellssýslu . . . . .	—	25 00
5. ——— — ——— Suður-Múlasýslu . . . . .	—	100 00
6. ——— — ——— Norður-Múlasýslu . . . . .	—	125 00
7. ——— — ——— Norður-Pingeyjarsýslu . . . . .	—	25 00
8. Styrkur úr landssjóði til að kaupa eldri íslenskar bækur . . . . .	—	500 00
	Samtals kr.	<hr/> 2033 75

59

## Gjöld:

1. Keyptar bækur . . . . .	kr.	989 45
2. Bókband . . . . .	—	398 34
3. Bókaskápar . . . . .	—	24 50
4. Húsaleiga . . . . .	—	100 00
5. Brunabótagjald . . . . .	—	73 13
6. Laun bókavarðar . . . . .	—	150 00
7. Ýmisleg gjöld . . . . .	—	88 79
8. Eign til næsta árs . . . . .	—	209 54
	Samtals kr.	2033 75

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði, 11. janúar 1913.

*Jóh. Jóhannesson.*

60

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs skipstjóra og stýrimanna við Faxaflóa árið 1912.

## Tekjur:

1. Í sjóði við árslok 1911 . . . . .	kr.	7028 05
2. Innheimt gjöld frá fyrra ári . . . . .	—	6 00
3. Ágóði af hlutaveltu . . . . .	—	744 00
4. Árstíllög 96 fjelagsmanna . . . . .	—	192 00
5. Of lítið tilfært í vexti í Söfnunarsjóði 1911 . . . . .	—	0 03
6. Vextir í Söfnunarsjóði árið 1912 . . . . .	—	320 00
7. Vextir í sparisjóðsdeild Landsbankans . . . . .	—	3 66
	Samtals kr.	8293 74

## Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu:		
Arndisi Þorsteinsdóttur . . . . .	kr.	30 00
Páli Hafliðasyni skipstjóra . . . . .	—	90 00
Sigurveigu Runólfsdóttur . . . . .	—	35 00
Börnum Guðm. sál. Jónssonar skipstjóra . . . . .	—	30 00
Guðrúnu Jóhannesdóttur . . . . .	—	30 00
Margrjeti Jónsdóttur . . . . .	—	25 00
	Flyt kr.	240 00

	Flutt	kr.		
Elinu H. Jónsdóttur . . . . .	—	240 00		<b>60</b>
Halldóru Einarsdóttur . . . . .	—	25 00		
Sigþóru Steinþórsdóttur . . . . .	—	15 00		
Guðleifu Erlendsdóttur . . . . .	—	20 00		
Guðrúnu Jónsdóttur . . . . .	—	10 00		
Önnu Gunnarsdóttur . . . . .	—	20 00		
Berent Sveinssyni stýrimanni . . . . .	—	45 00		
		25 00		
			kr.	400 00
2. Í sjóði við árslok . . . . .			—	7893 74
			Samtals kr.	8293 74

Reykjavík, 6. janúar 1913.

*Jón Ólafsson.*

## Reikningur

61

Minningarsjóðs Sigríðar Thoroddsen 1912.

### Tekjur:

Eign við ársbyrjun:

1. Stofnfje:				
a. Í bankavaxtabrjefum . . . . .	kr.	3100 00		
b. Í innlánsbók Ísl. banka nr. 3612 . . . . .	—	155 47		
			kr.	3255 47
2. Til úthlutunar í innlánsbók Íslandsbanka nr. 3372 . . . . .			—	118 96
3. Vextir:				
a. Af bankavaxtabrjefum . . . . .	kr.	139 50		
b. Í innlánsbókum . . . . .	—	8 53		
			kr.	148 03
			Samtals kr.	3522 46

## 61

## Gjöld:

1. Auglýsing í Lögrjettu . . . . .	kr.	2	20
2. Úthlutað:			
Til Þórönnu Einarsdóttur . . . . .	kr.	20	00
— Þuríðar Guðjónsdóttur . . . . .	—	20	00
— Guðrúnar Árnadóttur . . . . .	—	20	00
— Unnar og Sigríðar Eggertsdætra . . . . .	—	50	00
		<hr/>	
	kr.	110	00
Eign við ársbyrjun 1913:			
3. Stofnfje:			
a. Í bankavaxtabrjefum . . . . .	kr.	3100	00
b. Í innlánsbók Ísl. banka nr. 3612 . . . . .	—	192	48
		<hr/>	
	kr.	3292	48
4. Til úthlutunar í innlánsbók Ísl. banka nr. 3372 . . . . .	—	117	78
		<hr/>	
	Jöfnuður kr.	3522	46

Reykjavík, 2. janúar 1913.

*Þórunn Jónassen.*

Reikningurinn er rjettur.

Ragnh. Hafstein. Susie Briem.

## Embætti og sýslanir m. m.

13. febrúar var exam. pharm. Sigurði Sigurðssyni allramildilegast leyft að setja á stofn og reka lyfjabúð í Vestmannaeyjum.

26. febrúar skipaði ráðherrann sóknarprest að Skútustöðum síra Árna Jónsson sóknarprest í Hólmaprestakalli í Reyðarfirði frá næstkomandi fardögum að telja.

11. mars skipaði ráðherrann Friðrik Klemensson póstafrgreiðslumann í Hafnarfirði.

Ráðherrann hefir skipað Eirík Þórðarson á Vattarnesi vitavörð við landsvitann á Vattarnesi.

## Heiðursmerki.

21. janúar var bæjarfógeta í Reykjavík Jóni Magnússyni, r. af Dbr. og Dbrm., allramildilegast leyft að bera heiðursmerki kommandóra af heiðursfylkingarorðunni frakknesku, er forseti hins frakkneska lýðveldis hefir sæmt hann.

S. d. var bókaverði við Landsbókasafnið dr. phil. Guðmundi Finnbogassyni allramildilegast leyft að bera heiðursmerki sem »Officier d' Académie«, er stjórn hins frakkneska lýðveldis hefir sæmt hann.

19. febrúar var landritara Klemens Jónssyni, r. af Dbr. og Dbrm., allramildilegast leyft að bera heiðursmerki officera af heiðursfylkingarorðunni frakknesku, er forseti hins frakkneska lýðveldis hefir sæmt hann.

5. mars var stórkaupmaður A. F. Aubertin í Kaupmannahöfn allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogssorðunnar.

S. d. var stórkaupmaður Jakob Gunnlögsson í Kaupmannahöfn allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogssorðunnar.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um skifting Borgarhrepps í tvö sveitarfjelög.** **62**

26. mars

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 19. p. m., hefir hingað borist ányjað erindi frá hreppsnefndinni í Borgarhreppi um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög, ásamt meðmælum sýslunefndar Mýrasýslu með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu er hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Borgarhreppi í Mýrasýslu skal skift í tvö sveitarfjelög, og skulu takmörkin milli hinna nýju hreppa vera þessi: Frá Borgarfirði að austan ræður Grimólfskelda norðvestur í Þorsteinsstapa, þaðan sama stefna í stapa vestan neðri enda Vindáss, þaðan efst yfir Snöggholt í grjótvröðu vestan til á Rjettarási, þaðan suðvestur sunnanvert við Klaufarselás í grjótvröðu á flóasundi norðvestur frá Selásbrekku, þaðan bein lína suður um Klaufarholt í Engjaás, þaðan suðaustur að flutningabrautinni og meðfram henni að Löngubrekku, þaðan um Granastadahól beint í Borgarvíkurhorn. Neðri hlutinn skal heita Borgarneshreppur, en efri hlutinn halda nafninu Borgarhreppur. Að sjálf-sögðu fylgja Brákareyjar báðar Borgarneshreppi.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Borgarhrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift til helminga milli hinna nýju hreppa, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna til að koma, og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa. Þó skal ellistyrktarsjóði hins núverandi hrepps skift eftir tölu gjaldskyldra til alþýðu- og ellistyrktarsjóðanna í hvorum hreppshluta fyrir sig um síðastliðin 5 ár.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skiftingunni, skal úr honum skorid af sýslunefnd, er einnig skal kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Borgarhreppi sem dómþinghá nje manntalsþinghá.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um sveitfesti þurfalings.** **63**

29. mars

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 18. f. m., hefir hingað borist erindi frá hreppsnefndinni í Breiðvíkurhreppi, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar, dags. 20. des. f. á., sem ákveður, að ekkjan Kristjana Sigurðardóttir skuli teljast sveitlæg í tjeðum hreppi.

**63** Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir  
29. mars hreppsnefndunum í Breiðuvíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis, að með því að  
stjornarráðið telur umræddan úrskurð yðar rjettan, skal hann standa óhaggaður.

### Urskurður sýslumanns.

Með brjefi hingað, dags. 2. júlí þ. á., hefir oddviti Neshrepps utan Ennis æskt þess, að úrskurður verði lagður á ágreining milli Breiðuvíkurhrepps og Neshrepps utan Ennis útaf sveitfesti ekkjunnar Kristjönu Sigurðardóttur, og er mál þetta því hjermeð úrskurðað á þessa leið:

Í desembermánuði f. á. æskti ekkjan Kristjana Sigurðardóttir á Sandi þess að henni væri veittur sveitarstyrkur af fátækra sjóði Neshrepps utan Ennis, og með því að það kom í ljós við aðsjónargjörð, er fram fór hjá henni, að hún var þurfaði styrks, var henni veittur styrkur að upphæð kr. 8,91. Samkvæmt æfiferilsskýrslu þeirri, er tekin hefir verið af nefndri Kristjönu, hefir maður hennar, er andaðist árið 1903, verið við fráfall sitt sveitfastur í Breiðuvíkurhreppi, en í Neshreppi utan Ennis höfðu þau hjónin dvalið 4 ár þegar maður Kristjönu dó, og hafði hún eftir það dvalið samfleytt 8 ár í Neshreppi utan Ennis, þegar skýrsla var tekin af henni 23. desbr. f. á. — Oddviti Neshrepps utan Ennis heldur því nú fram, að nefnd Kristjana verði að teljast sveitlæg í framfærsluhreppi manns síns, Breiðuvíkurhreppi, þarsem hún hafi eftir fráfall hans eigi dvalið nema 8 ár í Neshreppi utan Ennis þegar styrkurinn var veittur, og eigi því framfærslusveit manns síns samkvæmt 38. gr. fátækralaga 10. nóvember 1905. Oddviti Breiðuvíkurhrepps heldur því aftur á móti fram, að nefnd Kristjana verði að teljast sveitlæg í Neshreppi utan Ennis samkvæmt ákvæðum 32. gr. fátækralaganna, þarsem hún hafi dvalið í Neshreppi utan Ennis samfleytt 12 ár, 4 ár ásamt manni sínum og 8 ár sem ekkja.

Á þessa skoðun oddvita Breiðuvíkurhrepps verður þó eigi fallist, því að eftir beinum ákvæðum 38. gr. fátækralaganna heldur ekkja manns sveitfesti þeirri, er maður hennar átti á deyjanda degi, þangað til hún vinnur sjer sjálf sveit, en um það er eigi hjer að ræða, úr því að tjeð ekkja hafði aðeins dvalið 8 ár í Neshreppi utan Ennis, þegar hún varð styrkþurfi. Ákvæði 32. gr. fátækralaganna koma eigi í bága hjer við, því að þau innihalda aðeins hina almennu reglu um sveitfestisvinslu, er takmarkist af ákvæðum 38. gr. laganna, um hið sjerstaka tilfelli, er þar ræðir um. Og þarsem oddviti Breiðuvíkurhrepps hefir eigi hreyft frekari andmælum gegn sveitfesti Kristjönu þessarar í Breiðuvíkurhreppi, verður að úrskurða tjeða Kristjönu sveitfasta þar í hreppi, en af því leiðir að Breiðuvíkurhreppi ber að endurgjalda Neshreppi utan Ennis  $\frac{2}{3}$  hins veitta styrks kr. 8,91.

## Því úrskurðast:

63

Umrædd Kristjana Sigurðardóttir skal teljast sveitlæg í Breiðuvíkurbreppi, 29. mars og ber hreppssjóði þess hrepps að greiða hreppssjóði Neshrepps utan Ennis  $\frac{2}{3}$  hins veitta sveitarstyrks, kr. 8,91, eða kr. 5,94.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra oddviti, að því viðbættu, að eg vænti þess að þjer greiðið hingað sem fyrst umræddar kr. 5,94, svo framarlega sem þjer eigi áfrýið úrskurði þessum.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um flutning þingstaðar** 64  
10. apríl

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 3. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Fellshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Felli að Skálá, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna um friðun á mælingamerkjum landmælingadeildar herstjórnarráðsins.** 65  
12. apríl

Landmælingadeild herstjórnarráðsins í Kaupmannahöfn hefir skýrt stjórnarráðinu frá því, að það hafi þráfaldlega komið fyrir síðan mælingadeildin hóf mælingar nú hjer á landi, að vörðum þeim og merkjum, sem mælingamennirnir hafa sett upp og notað við landmælingarnar, hafi verið raskað, þau verið skemd og feld, og grjót, stengur, flögg, kopargaddar og koparhúnar teknir úr þeim.

Þetta hefir valdið landmælingamönnum mikilla erfiðleika og tafa, og oft mikils kostnaðar, er ákveða hefir orðið þúktana aftur, sem merkin áttu að sýna, og gjöra um aftur mælingar til þess.

Þessar mælingarvörður og merki landmælingamanna herstjórnarráðsins hafa einnig mikið gildi fyrir landið eftir að þeir hafa nú lokið mælingum sínum í hinum ýmsu hjeruðum, því merki þessi og vörður má nota við síðari mælingar bæði á landi og sjó, og er því einnig áriðandi fyrir eftirtímann, að þeim verði ekki raskað eða þau skemd, að því ógleymdu, hve ósæmilegt slíkt athæfi er að öllu leyti.

Jafnframt því að skýra yður, herra sýslumaður, frá þessu, skuluð þjer hjermeð beðinn að brýna fyrir almenningi á næstu manntalsþingum í umdæmi yðar, að menn raski ekki eða skemmi á neinn hátt umrædd mælingamerki og



**65** 12. apríl vörður landmælingamanna herstjórnarráðsins, og taki ekki heldur úr þeim neitt, hvorki grjót, vír, stengur, flögg, kopargadda, húna eða annað, og að menn gæti þessa jafnt eftir að mælingarnar í þetta sinn eru um garð gengnar í hjeruðunum eins og á meðan þær standa yfir, svo og jafnframt leiða athygli að því, að brot á móti þessu varði refsingu samkvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

**66**  
28. mars

## Reglugjörð

til bráðabirgða fyrir yfirsetukvennaskólann í Reykjavík.

1. gr.

Það er markmið skólans að veita námskonum þá fræðslu, bóklega og verklega, sem nauðsynleg er til þess að þær geti leyst af hendi þau störf, sem yfirsetukonum eru ætluð samkvæmt gildandi yfirsetukvennalögum.

2. gr.

Kennarar skólans eru: 1) landlæknir, 2) þær 3 yfirsetukonur í Reykjavík, sem stjórnarráðið skipar til að veita yfirsetukonum verklega tilsögn.

Landlæknir ber ábyrgð á störfum skólans. Hann skal hafa eftirlit með þeirri verklegu tilsögn, sem yfirsetukonurnar veita.

3. gr.

Landlæknir úrskurðar um inntöku á skólann.

Inntökuskilyrðin eru þessi:

1. Að námskona sje eigi yngri en 18 ára og eigi eldri en 36 ára.
2. Að hún hafi engan næman sjúkdóm, og sje svo heilsuhraust, að efalaust megi telja hana færa til yfirsetukonustarfs fyrir þá sök. Skal það sannað með læknisvottorði.
3. Að siðferði hennar sje óspilt.
4. Að hún sje full-læs og skrifandi og kunni fjórar aðalgreinar reiknings með heilum tölum og brotum. Skal það sannað með vottorði frá presti eða kennara, sem hefir kennarapróf.

4. gr.

Námskonur skulu fá styrk, sem stjórnarráðið ákveður, alt að 45 kr. um mánuðinn, meðan þær eru við námið.

## 5. gr.

66

28. mars

Ef námskona vanrækir námið, eða hagar sjer ósæmilega í skólanum eða utan skóla, svo og ef telja verður skólagöngu hennar skaðlega fyrir skólann, eða gagnslausa fyrir hana sjálfa, þá má landlæknir að fengnu leyfi stjórnarráðsins vísa henni burtu úr skólanum fyrir fult og alt.

## 6. gr.

Burtfararpróf skólans nefnist yfirsetukvennapróf.

Stjórnarráðið skipar prófdómara til 6 ára í senn.

Prófseinkunnir skulu vera þessar:

Ágætiseinkunn,  
fyrsta einkunn,  
önnur einkunn,

og er það sú minsta einkunn, sem til þess þarf að standast prófið. Í prófbók skólans skal skrá fult nafn hvernar námskonu, er að prófi gengur, aldur hennar, stjett og heimili, prófspurningar og einkunn, og skal prófdómari rita nafn sitt undir hvert árspróf ásamt landlækni.

Landlæknir gefur út prófvottorð handa þeim, er staðist hafa prófið, og staðfestir það með undirskrift sinni og embættisinnsgli.

## 7. gr.

Landlæknir skal kenna 4 eða 5 stundir á viku. Hann skal auglýsa kenslustundirnar fyrir námskonum í byrjun kensluskeiðsins.

Hann skal skifta námskonum sem jafnast milli þeirra þriggja yfirsetukvenna, sem veita verklega tilsögn, og skulu þær hafa námskonur með sjer við yfirsetustörf svo oft sem þeim frekast er unt.

## 8. gr.

Jólaleyfi skal veita námskonum frá 24. desember til 2. janúar, að báðum þeim dögum meðtöldum.

Auk þess er landlækni heimilt að gefa leyfi einn dag í senn, þegar honum þykir sjerstök ástæða til.

**Í stjórnarráði Íslands, 28. mars 1913.**

**H. Hafstein.**

---

*Eggert Briem.*

## Reikningur

Minningarsjóðs lektor theol. Sigurðar Melsted árin 1911 og 1912.

1911:

1. Í útborgunardeild Söfnunarsjóðs í árslok 1910 (Stj. tíð. 1911 B, bls. 157) . . . . .	kr.	695 82
2. Ársvextir 1911 . . . . .	—	31 66
Á vöxtum í Söfnunarsjóði í árslok 1911	kr.	727 48

1912:

1. Í sjóði við árslok 1911 . . . . .	kr.	727 48
2. Ársvextir 1912 . . . . .	—	33 25
Á vöxtum í Söfnunarsjóði í árslok 1912	kr.	760 73

Í stjórnarráði Íslands, 8. apríl 1913.

F. h. r.

*Kl. Jónsson.*

\_\_\_\_\_  
Eggert Briem.

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld Fiskimannasjóðs Kjalarnesþings 1912.

Tekjur:

1. Í sjóði frá fyrra ári:		
a. Veðskuldabrjef . . . . .	kr.	8784 80
b. Bankavaxtabrjef . . . . .	—	16000 00
c. Sparisjóðsinnstæða . . . . .	—	668 34
		_____
	kr.	25453 14
	Flyt kr.	25453 14

	Fluttar	kr.	25453 14	<b>68</b>
2. Vextir:				
a. Af veðskuldum . . . . .	kr.	383 39		
b. — bankavaxtabrjefum . . . . .	—	697 50		
c. — sparisjóðsinnstæðu . . . . .	—	32 84		
			—	1113 73
	Samtals	kr.	26566 87	

## Gjöld:

1. Árlegur styrkur . . . . .	kr.	800 00		
2. Til mannskaðasamskotanna . . . . .	—	1000 00		
3. Prentunarkostnaður . . . . .	—	7 00		
4. Í sjóði við árslok:				
a. Veðskuldabrjef . . . . .	kr.	8708 59		
b. Bankavaxtabrjef . . . . .	—	16000 00		
c. Sparisjóðsinnstæða . . . . .	—	51 28		
			—	24759 87
	Samtals	kr.	26566 87	

Bæjarfógetinn í Reykjavík, 4. janúar 1913.

*Jón Magnússon.*

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar árið 1912.

69

	T e k j u r :			
1. Sjóður:				
a. Í veðskuldabrjefum . . . . .	kr.	1000 00		
b. Í sparisjóði . . . . .	—	2078 25		
c. Hjá reikningshaldara . . . . .	—	15 34		
			kr.	3093 59
2. Vextir:				
a. Af veðskuldabrjefum . . . . .	kr.	40 00		
b. Af innstæðu í sparisjóði . . . . .	—	84 35		
			—	124 35
3. Skuld við reikningshaldara . . . . .	—			58 46
	Samtals	kr.	3276 40	

## 69

## Gjöld:

1. Styrkur veittur tveim bændum í Vallahreppi . . . . .	kr.	113 00
2. Burðargjald . . . . .	—	» 80
3. Í sjóði:		
a. Í veðskuldabryfum . . . . .	kr. 1000 00	
b. Í sparisjóði . . . . .	— 2162 60	
		<hr/>
	Samtals kr.	3162 60
		<hr/>
		3276 40

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, Eskifirði, 21. febrúar 1913.

*G. Eggerz.*

# Auglýsing

70  
9. maí

um

## **kosning alþingismanns fyrir Akureyrarkaupstað.**

Með því að bæjarfógeti Guðlaugur Guðmundsson á Akureyri hefir lagt niður þingmensku fyrir Akureyrarkaupstað, er hjermeð samkvæmt 54. gr. laga nr. 18. frá 3. október 1903, um kosningar til alþingis, fyrirskipað, að aukakosning skuli fram fara laugardaginn 7. júní næstkomandi á þingmanni fyrir kaupstaðinn um yfirstandandi kjörtímabil.

Frestir þeir, sem ákveðnir eru í kosningarlögnum, eru styttr þannig, að framboðsfrestur er til 2. júní næstkomandi, að þeim degi meðtöldum, og að tveimur dögum þar eftir skulu kjörseðlar fullgjörðir.

Þetta er hjermeð birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, og hefir verið lagt fyrir hlutaðeigandi kjörstjórn að undirbúa kosningu þessa og sjá um, að hún fari fram samkvæmt fyrirmælum kosningarlaganna.

**Í stjórnarráði Íslands, 9. maí 1913.**

**H. Hafstein.**

---

*Eggert Briem.*

**71** Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um vöru-  
17. apr. toll af veiðarfærum.

Með brjefi 19. mars þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður, spurst fyrir um, hvort vörutoll beri að greiða af ýmsum veiðarfærum, sem Þ. Egilsson fyrir hönd fiskifjelags í Hollandi, og Evensen útgerðarmaður, sem nú er í Hafnarfirði, óska að leggja á land til þess að afhenda veiðarfærin aftur fiskiskipunum til endurbóta á þeim veiðarfærum, sem kunna að slitna eða verða ónýt.

Þjer bendið jafnframt á tvær leiðir til skýringar vörutollslögunum um þetta atriði. Önnur leiðin sje að skoða veiðarfærin sem tollskyldar vörur og skila tollinum aftur, þegar þau eru flutt út í skipin, en að þar sje sá annmarki á, að vörutollslögin taki ekki afhendingarvottorð lögreglustjóra gilt eitt útaf fyrir sig (sbr. 11. gr.), en vottorð útlendrar tollstjórnar verði hæpið að fá. Hin leiðin sje að skoða veiðarfærin eins og þau væru farangur skipverja. En um það atriði ákveða vörutollslögin, að aðeins »vanalegur« farangur sje undanþeginn, en botnvörpu »rúllur« og netastúfar verði ekki taldir með vanalegum farangri.

Stjórnarráðið verður að álita, að hvorug þessara leiða geti leitt til þess að undanþiggja hin umræddu veiðarfæri vörutolli, og að ekki verði hjá því komist að svarað sje af þeim vörutolli eins og öðrum vörum af sama tagi, sem hingað flytjast. Sá tollur verður því aðeins endurgoldinn, að skilyrðinu, sem sett er í 11. gr. vörutollslaganna, sje fullnægt.

**72** Brjef stjórnarráðsins til bæjarfóगतans í Reykjavík um vörutoll af vjela- eða  
17. apr. eða smurningsolíu.

Forstjóri steinoliufjelagsins, hr. Holger Debell, hefir með brjefi 12. mars þ. á. leitað álits stjórnarráðsins um, hvern vörutoll eigi að greiða af vjela- eða smurningsolíu (Smöreolie), sem aðallega er höfð til að bera á mótora í bátum. Forstjórinn tekur það fram, að vjelaolían sje unnin úr jarðolíu, eins og steinolía og bensín, og að það sje gjört á Vallö-verksmiðjunni í Noregi, og sendir með málaleitun sinni farmskrá frá verksmiðjunni, sem sýnir að vjelaolían er þaðan.

Eftir að stjórnarráðið hefir sannfært sig um, að hin nefnda verksmiðja býr til vjelaolíu úr jarðolíu, og að vjelaolían er framleidd af hinu sama efni, eins og steinolía, sýnist verða að greiða sama vörutollinn af vjelaolíu, eins og steinolíu, og heimta hann eftir 1. gr. 1 vörutollslaganna.

Farmskráin frá Noregi endursendist.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið, herra bæjarfógeti, til frekari birtingar.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1913.

*Opíð brjef, um að Hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku, sje settur ríkisstjóri, undirskrifað af konungi 13. febrúar 1913 (A nr. 1, bls. 2—3).*

*Konungleg auglýsing, um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 18. febrúar 1913 (A nr. 2, bls. 4—5).*

*Opíð brjef, um að Hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku, sje settur ríkisstjóri, undirskrifuð af konungi 23. febrúar 1913 (A nr. 3, bls. 6—7).*

*Konungleg auglýsing, um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 27. febrúar 1913 (A nr. 4, bls. 8—9).*

*Opíð brjef, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1913, undirskrifað af konungi 1. apríl 1913 (A nr. 5, bls. 10—11).*

*Opíð brjef, um að Hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku, sje settur ríkisstjóri, undirskrifað af konungi 20. apríl 1913 (A nr. 6, bls. 12—13).*

*Konungleg auglýsing, um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 25. apríl 1913 (A nr. 7, bls. 14—15).*

### **Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík, um innflutning á hundi.**

**73**

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá Forberg landssímastjóra um, að hon- 8. apríl um verði leyft að flytja hjer í land hund frá Noregi. Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þess með eftirfarandi skilyrðum:

1. Að hundinum fylgi vottorð dýralæknis í Noregi um, að hann hafi verið heill heilsu við útskipun þar í landi, og að hann verði fluttur hingað beina leið.
2. Að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur hjer á land, og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga.
3. Að hundinum sje haldið í sóttkvi, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis í 8 daga, og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum landssímastjóra hefir verið tilkynnt þetta hjeðan.



**74** **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um sveit-  
18. apríl festi þurfalings.**

Frá sýslumanninum í Norður-Múlasýslu hefir hingað borist áfrýjun á úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 10. ág. f. á., sem ákveður, að Jón nokkur Gíslason frá Árbakka (áður Grundarhóli) í Húsavíkurverslunarstað skuli teljast hafa unnið sjer sveit í Vopnafjarðarhreppi með óslitinni 10 ára sveitfestisdvöl þar í hreppi, og að fæðingarhreppur Jóns, Vatnsleysustrandarhreppur í Gullbringusýslu, sje þar með laus við að endurgjalda styrk, sem Ingibjörgu Guðmundsdóttur konu hans var veittur á Seyðisfirði árin 1909 og 1911.

Það er enginn ágreiningur um það, að Jón þessi hafi komið til Vopnafjarðar vorið 1897 og farið þaðan til Húsavíkur haustið 1907, heldur aðeins um það, hvort þessi dvöl hans í Vopnafjarðarhreppi hafi verið þannig óslitin, að hann hafi unnið sjer þar sveit. Af hálfu Vopnafjarðarhrepps hefir því sem sje verið haldið fram, að Jón hafi farið alveg burt úr Vopnafirði veturinn 1900—1901, er hann var til sjóróðra suður í Njarðvíkum. Þjer hafið nú í úrskurði yðar talið það sannað bæði af kirkjubókum Kálfatjarnarprestakalls og vottorði húsbónda þess, er Jón reri hjá í Njarðvíkunum, að hann hafi ekki verið heimilisfastur þar þenna vetur, og má vel vera að það sje rjett, en það er auðvitað engin sönnun fyrir því, að hann þá hafi ekki rofið heimilisfang sitt á Vopnafirði, en í því efni verður sönnunarskyldan að hvíla á fæðingarhreppnum. Jón hefir nú enn á ný verið yfirheyrður af sýslumanninum á Húsavík 20. nóv. f. á., og hefir hann borið það, að þegar hann fór suður frá Vopnafirði umræddan vetur, hafi hann enga búslóð skilið eftir á Vopnafirði, og ekkert heimili átt eða talið sjer þar nokkursstaðar, enda hafi hann lítið átt annað en fót þau, er hann stóð í, því konan hafi hlaupið frá honum veturinn áður, og þá tekið með sjer alt hið helsta af hinni litlu búslóð þeirra. Að hann þannig hafi ekki átt heimilisfang á Vopnafirði veturinn 1900—1901 styrkist og við það, að samkvæmt útskrift úr lögreglurjettarbók Norður-Múlasýslu, sem hingað hefir borist, var hann haustið 1900 sektaður fyrir ólöglega lausamensku og átti þá ekkert lögheimili, en skömmu á eftir fór hann suður. Þetta styrkist ennfremur við kirkjubækur Hofsprestakalls í Vopnafirði. Það verður þá ekki einungis að telja ósannað, að Jón hafi haldið heimili á Vopnafirði umræddan vetur, heldur þvert á móti sannað, að sveitfestisdvöl hans þar hafi rofnað þá. Það er viðurkent, að hann hafi ekki unnið sjer sveit annarstaðar.

**Því úrskurðast:**

Framangreindur Jón Gíslason skal teljast sveitlægur í Vatnsleysustrandarhreppi, fæðingarhreppi sínum.

Þetta gefst yður, herra sýslumaður, hjer með til vitundar til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um endurgjald á veittum sveitarstyrk.** **75**  
19. apríl

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 17. f. m., hefir hingað borist erindi frá hreppsnefndinni í Akrahreppi, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar, dags. 8. s. m., í máli milli tjeðs hrepps og Þóroddsstaðarhrepps, útaf endurgjaldi á sveitarstyrk til Gunnars nokkurs Pálssonar, en í úrskurði þeim er ákveðið, að Akrahreppur skuli greiða Þóroddsstaðahreppi 192 kr. 20 au., en vera að öðru leyti laus við kröfur síðastnefnds hrepps í því máli.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Akrahrepps, að með því að stjórnarráðið telur framangreindan úrskurð yðar rjettan, skal hann standa óhaggaður.

### Ú r s k u r ð u r

#### sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu.

Hinn 13. febrúar f. á. kom til Ólafsfjarðar í Þóroddsstaðarhreppi unglingspiltur, að nafni Gunnar Pálsson. Kom hann þangað frá Siglufirði og ætlaði inn í Höfðahverfi, en var veikur, er hann kom til Ólafsfjarðar og lá þar nokkra daga, eða til 19. febrúar f. á., er hann var fluttur eftir læknisráði á sjúkrahúsið á Akureyri, og varð hreppsnefnd Þóroddsstaðarhrepps að ábyrgjast kostnaðinn, með því að hann var með öllu eignalaus. Piltur þessi, sem hafði berklaveiki í lungum, lá síðan á sjúkrahúsinu á Akureyri, þar til hann andaðist hinn 31. maí f. á.

Tveim dögum eftir að pilturinn var lagður á sjúkrahúsið, eða 21. febrúar f. á., var hin lögboðna æfiferilsskýrsla tekin af honum, og var hann eftir henni að dæma sveitfastur í Akrahreppi hjer í sýslu, enda hefir hreppsnefnd þess hrepps viðurkent sveitfesti hans.

Kostnaðurinn við dvöl hins látna pilts á sjúkrahúsinu varð, að meðtöldum útfararkostnaði, lyfjum og læknishjálp kr. 294.30, og flutningkostnaður hans m. m. frá Ólafsfirði til Akureyrar kr. 17.60. Þessar upphæðir, samtals kr. 311.90, hefir hreppsnefnd Þóroddsstaðarhrepps krafði framfærslusveitina um að öllu leyti, með því að hreppsnefnd Þóroddsstaðarhrepps leit svo á, að síðastnefndur hreppur hefði ekki verið dvalarsveit piltsins. En af kröfu þessari hefir hreppsnefnd Akrahrepps ekki viljað greiða nema  $\frac{2}{3}$  sjálfs legukostnaðarins á sjúkrahúsinu, eða kr. 101.40, og er því í málinu deilt um kr. 210.50. Hafa báðir málsaðilar óskað úrskurðar um, hverjum beri að greiða fjárhæð þessa.

Í hinni umræddu fjárhæð felast þessar upphæðir:

1. Flutningskostnaður m. m. . . . .	kr.	17.60
2. $\frac{1}{3}$ sjúkrahússvistar . . . . .	—	50.70
3. Lyf . . . . .	—	31.70
4. Læknishjálp . . . . .	—	50.00
5. Greftrunarkostnaður . . . . .	—	60.50

Samtals kr. 210.50

**75**  
19. apríl af því að hann hafi verið óþarfur og rjettara hefði verið að flytja þurfalingsinn til Sauðárkróks, ef flutningsþörf hefði verið fyrir hendi,  $\frac{1}{3}$  sjúkrahússvistarinnar af því að Þóroddsstaðarhreppur hafi verið dvalarsveit þurfalingsins, og  $\frac{1}{3}$  lyfja og læknishjálpar af sömu ástæðum, en  $\frac{2}{3}$  tveggja síðustu gjaldliða fyrir það, að þeir sjeu altof háir. Þá telur framfærslusveitin sjer og óviðkomandi greftrunarkostnaðinn, og álitur að Akureyrarkaupstaður eigi að greiða hann, og auk þess sje 2 liðir hans, borgun til líkmanna og grafarmanna og borgun til prests, altof háir.

Samkvæmt þessum málavöxtum verður það að teljast vafalaust, að Þóroddsstaðarhreppur var dvalarsveit umrædds pilts, er hann varð styrksþurfi, en eftir að hann var fluttur á sjúkrahúsið á Akureyri var Akureyrarkaupstaður dvalarsveit hans. Akureyrarkaupstaður á þó ekki að taka neinn þátt í framfærslukostnaði hans sökum þess að dvöl hans þar hvíldi á samningi milli sjúkrahússstjórnar annars vegar en hreppsnefndar Þóroddsstaðarhrepss hins vegar. Greftrunarkostnaðurinn er því eins og annar kostnaður þurfalingsins óviðkomandi tjeðum kaupstað. Og með því að Þóroddsstaðarhreppur var ekki dvalarsveit piltsins, eftir að hann var fluttur á sjúkrahús Akureyrar og flutningur hans úr hreppnum löglegur, verður kostnaður við dvöl hans þar eigi lagður á aðra en framfærslusveitina, og verður Akrahreppur því að greiða hann allan, og skal það í þessu efni tekið fram, að mótmæli framfærslusveitar gegn meðala- og læknishjálparreikningi, sem báðir eru sundurliðaðir, geta eigi orðið tekin til greina.

Með því að framfærsla þurfalingsins á Akureyri var samningsframfærsla, eins og þegar er tekið fram, og heimild brestur til að leggja þurfamannakostnað á aðra en dvalar- eða framfærslusveit, nema svo standi á, að sveit hafi komið þurfamanni af sjer ólöglega, verður framfærslusveitin einnig að greiða greftrunarkostnaðinn, og þykir ekki næg ástæða til að taka mótmælin gegn upphæð hans til greina.

Einsog þegar er tekið fram, var æfiferilsskýrsla þurfamannsins ekki tekin fyr en eftir að hann kom til Akureyrar og leiðir þaraf, sbr. 64. og 65. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905, að Þóroddsstaðarhreppur getur ekki fengið neitt af flutningskostnaðinum, þarsem ekkert bendir á, að ekki hafi verið hægt að taka skýrsluna strax og styrkveiting byrjaði, en hún byrjaði með flutningnum. Að öðrum kosti hefði Þóroddsstaðarhreppur átt að fá endurgreidda  $\frac{2}{3}$  þessa kostnaðar. Aftur á móti er ekki ástæða til að láta Þóroddsstaðarhrepp greiða verukostnaðinn á sjúkrahúsinu frá 19.—21. febrúar f. á., með því að Akrahreppur hefir þegar greitt  $\frac{2}{3}$  þess kostnaðar og yfirleitt viðurkennt sjúkrahússvistarkostnaðinn rjettmætan.

Akrahreppi ber því að greiða allan hinn umrædda kostnað að frádregnum um kr. 17.60, eða kr. 192.90.

## Því úrskurðast:

75

19. apríl

Hreppsnefnd Akrahrepps greiði hreppsnefnd Þóroddsstaðarhrepps kr. 192.90, en sje að öðru leyti laus við kröfur síðastnefnds hrepps í þessu máli.

Þerta birtist hreppsnefndinni hjermeð, og ber henni að greiða hina úrskurðuðu upphæð án tafar.

**Brjef stjórnarráðsins til frikirkjuprests Ólafs Olafssonar um staðfesting á forstöðumanni frikirkjusafnaðar í Hafnarfirði.**

76

8. maí

Með brjefi, dags. 25. f. m., hefir stjórn hins nýstofnaða frikirkjusafnaðar í Hafnarfirði, Garða- og Bessastaðahreppum skýrt stjórnarráðinu frá því, að söfnuðurinn hafi kosið yður fyrir forstöðumann safnaðarins, og farið þess á leit að kosningin yrði staðfest.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir safnaðarstjórninni, að stjórnarráðið hefir samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 6, 4. mars 1904, í dag staðfest kosningu yðar til forstöðumanns nefnds utanþjóðkirkjusafnaðar.

Í sambandi hjer við skal athygli yðar leitt að því, að samkvæmt 14. gr. í lögum um utanþjóðkirkjumenn 19. febr. 1886, ber yður áður en þjer framkvæmið embættisverk í söfnuðinum að sýna sýslumanninum í Gullbringu og Kjósarsýslu staðfesting þessa á kosningu yðar, svo og afhenda honum skriflegan eiðstaf eða yfirlýsingu yðar um það, að hegða yður í þessari stöðu samkvæmt lögum.

**Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi.**

77

6. júní

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá kaupmanni Sigfúsi Bjarnasyni um að honum verði leyft að flytja hjer í land hund frá Danmörku.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. Að hundinum fylgi vottorð dýralæknis í Danmörku um, að hann hafi verið heill heilsu við útskipun þar í landi, og að hann sje fluttur hingað beina leið.
2. Að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur hjer í land, og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga.
3. Að hundinum sje haldið í sóttkví, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknisins í 8 daga, og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum kaupmanni hefir verið tilkynt þetta hjeðan.

**78** **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um skifting Norð-**  
**10. júní fjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu í tvö sveitarfjölög.**

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 9. f. m., hefir hingað borist erindi frá hreppsnefndinni í Norðfjarðarhreppi, um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjölög ásamt meðmælum sýslunefndar með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Norðfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu skal skift í tvö sveitarfjölög þannig, að Neshreppur verði hreppur út af fyrir sig og nefnist Neshreppur, með þessum takmörkum: Að vestan Nautalækur frá fjallsegg til fjöru, að sunnan og austan sjórinn og að norðan merkjalínan milli hins núverandi Norðfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps, en hinn hreppurinn nái yfir hið annað svæði hins núverandi hrepps, og haldi nafninu Norðfjarðarhreppur.
2. Öllum eignum og skuldum hins núverandi Norðfjarðarhrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig á milli hinna nýju hreppa, að í hlut Neshrepps komi 15% og í hlut Norðfjarðarhrepps 85%.
3. Öllum sveitarþyngslum hins núverandi Norðfjarðarhrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Neshrepps komi  $\frac{4}{5}$  hlutar, og í hlut Norðfjarðarhrepps  $\frac{1}{5}$  hluti. En sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna til að koma, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa:
 

Þeim, sem eru heimilisfastir í hinum núverandi Norðfjarðarhreppi er skiftingin fer fram, og hafa ekki þegið sveitarstyrk, skal framfleytt af þeim hinna nýju hreppa, sem þeir eru heimilisfastir í við skiftin.

Þeim, sem eiga fæðingarhrepp í hinum núverandi Norðfjarðarhreppi en eru heimilisfastir utan hreppsins er skiftingin fer fram, skal framfleytt af þeim hinna nýju hreppa, sem þeir eru fæddir í.

Þeim, sem hafa unnið sjer sveit í hinum núverandi Norðfjarðarhreppi, er skiftingin fer fram, en eru við skiftin heimilisfastir utan hreppsins, skal framfleytt af þeim hinna nýju hreppa, sem þeir hafa dvalið lengur í, eða þeim, sem þeir hafa dvalið síðar í, ef þeir hafa dvalið jafnlengi í báðum hinna nýju hreppa.
4. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðar framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig skal kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeingar, frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Norðfjarðarhreppi sem dómpinghá nje manntalsþinghá.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um hlunnindi handa sparisjóði.** 79  
8. júlí

Með brjefi, dags. 5. apríl þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, fyrir hönd sýslunefndarinnar í Mýrasýslu farið þess á leit, að sparisjóði Mýrasýslu verði veitt hlunnindi þau, sem tiltekin eru í tilskipun 5. jan. 1874.

Eftir að hafa yfirfarið og athugað meðsend lög fyrir sjóðinn, vill stjórnarráðið veita nefndum sjóði um 5 ár, frá 1. þ. m. að telja, hin umbeðnu hlunnindi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi.

Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir sýslunefndinni.

## Reglugjörð

80  
7. apríl

**fyrir Strandasýslu um lækning hunda af bandormum.**

### 1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu ráðnir af hreppsnefnd 1 eða fleiri menn til að hafa á hendi og framkvæma lækningu hunda af bandormum.

### 2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi skal hafa bók, löggilta af sýslumanni, er borgist af sýslusjóði; skal hún á ári hverju rita í hana skrá yfir hundaeigendur og tölu hunda þeirra, svo og tölu þeirra hunda, sem lækningamenn gefa skýrslu um að þeir hafi haft til lækninga frá hverjum einum. Fyrir hver árslok skal hreppsnefnd senda oddvita sýslunefndar skýrslu samhljóða bókinni.

### 3. gr.

Alla hunda skal hreinsa einu sinni á ári, í nóvembermánuði, með areka-dufti eða kamaladufti, og baða þá strax á eftir úr öruggu fjárbaði, og skulu þá saurindi hinna hreinsuðu hunda vandlega brend.

### 4. gr.

Hundana skal hreinsa á einum eða fleiri stöðum í hverjum hreppi, og skal viðkomandi hreppsnefnd sjá um byggingu, á kostnað hreppsins, á sjerstöfum kofum

**80** til þess að geyma hundana í meðan á lækningunni stendar. Lækningamenn 7. apríl skulu skyldir að auglýsa að minsta kosti með viku fyrirvara dag þann eða daga, er koma á með hundana til lækningar. Hver hundeigandi skal skyldur að flytja hunda sína á lækningastaðina í ákveðinn tíma og hjálpa til að gefa inn hundunum, endurgjaldslaust. Hreinsun hunda utan lækningastaða er með öllu fyrirboðin.

## 5. gr.

Verði vart við bandorma í einstökum hundum milli lækningatíma, skulu eigendur þeirra tilkynna það hreppsnefndaroddvita, sem sjer um lækningu þeirra svo fljótt sem unt er samkv. 3. gr. Þó skulu þeir eigi vera undanþegnir lækningu á hinum fyrirskipaða tíma í nóvember.

## 6. gr.

Nú valda lögleg forföll að hundar koma eigi til lækninga, á ákveðnum tíma, skal húsbóndi hans færa hann til lækningamanns svo fljótt sem unt er að tilvísun hreppsnefndar, ella verða fyrir sektum.

## 7. gr.

Sýslunefnd annast útvegum hreinsunarlyfjanna, sem borgast úr sýslusjóði. Einnig skal greiða lækningamönnum úr sýslusjóði 30 aura fyrir að hreinsa hvern hund.

## 8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar alt að 10 kr. sektum, sem sýslumaður ákveður eftir málavöxtum; sektin rennur í sýslusjóð.

## 9. gr.

Hreppsnefnd skal hafa nákvæmt eftirlit með því, að reglugjörð þessari sje fylgt.

## 10. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar hún er birt í stjórnartíðindunum, og er með henni úr gildi numin reglugjörð fyrir Strandasýslu um lækningu hunda af bandormum, sem samþykkt var af aðalfundi sýslunefndarinnar í Strandasýslu 1898.

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Strandasýslu á aðalfundi hennar 7. apríl 1913.

*H. Kr. Júlíusson. Guðm. G. Bárðarson. Gunnlaugur Magnússon.*

*Sigmundur Ljódsson. Björn Halldórsson. Ingim. Guðmundsson. Böðvar Eyjólfsson.*

# Samþykkt

81  
28. apríl

## um veiði í Drangey.

Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefir, samkvæmt lögum nr. 20, 22. okt. 1912, samið og hjeraðsfundur fallist á eftirfarandi samþykkt um veiði í Drangey.

### 1. gr.

Þegar vika er liðin af sumri skal öllum, sem lögheimili eiga í Skagafjarðarsýslu, heimilt að fara til Drangeyjar að byggja sjer byrgi á »Fjörinni« meðan rúm leyfir, ef þeir ætla sjer að stunda svartfuglaveiði á flekum í landhelgi eyjarinnar. Enginn má taka grjót eða byggingarefni úr byrgjum eða byrgispörtum annara, sem standa þar frá fyrra ári, eða byggja það upp sjer til afnota, án heimildar fyrri notanda. Umsjónarmaður eyjarinnar, sbr. 8. gr., skal gæta þess vandlega, að rúmið sje notað sem haganlegast og drýgst. Verði ágreiningur út af byggingu byrgja ræður úrskurður umsjónarmanns.

### 2. gr.

Heimilt skal mönnum, þegar þeir koma til veiðanna, að ryðja uppsátur fyrir skip sín, sem næst byrgi sínu, eða þar sem þeim þykir hentast á »Fjörinni«, ef áður er ótekið af öðrum, og heldur hver sínu uppsátri þá vertið. Sjeu 2 för í fjelagi, er formaður skyldur til að setja annað farið upp fyrir hitt ef annara för fá eigi viðunanlegt uppsátur að öðrum kosti. Verði ágreiningur út af uppsátri, ræður úrskurður umsjónarmanns.

### 3. gr.

Allir skulu skyldir til að fara út að vitja um niðurstöður sínar á sama tíma dags, eftir því sem formenn og umsjónarmaður koma sjer saman um.

### 4. gr.

Öll byssuskot eru stranglega bönnuð við eyna og í landhelgi hennar á alla vegu á tímabilinu frá 1. marsmánaðar til 20. júlímánaðar. Þó skal með



**81** samráði við umsjónarmann vera heimilt að skjóta gripfugl, er legst til skemda 28. apríl á veiði manna.

#### 5. gr.

Peir, sem róa til fiskjar frá eygni, skulu svo sem kostur er á, forðast að stýggja fuglinn frá niðurstöðunum. Einnig er bannað að leggja fiskilóð innan um niðurstöðurnar, svo og að fiska þar á handfæri utan umvitjunartíma.

#### 6. gr.

Hver maður, sem stundar fuglveiði á fleka við Drangey 14 daga eða lengur, skal greiða í fjörotoll 75 aura, sama gjald greiðist fyrir hvert skip; en hafi sama skipshöfn aukafar — fuglfar — greiðist fyrir það 40 aurar. Sje einn eða fleiri menn á einhverju skipi, er ekki hafa flekaútgerð, greiði hann eða þeir 40 aura í fjörotoll. Fjörotollinn ber formanni hverjum að greiða fyrir sig og sína skipshöfn þá er þeir hafa stundað veiði við eyna í 14 daga. Verslanir eða aðrir, sem hafa fisktöku við Drangey, skulu greiða hver um sig 5 krónur fyrir hverja vertíð. Ef skipshöfn, er ekki hefir byrgi og fast uppsátur við eyna, gjörir þar að afla sínum til að salta hann þar eða selja, greiði hún lóðarfisk — málfisk — af hverjum róðri ef 5 eru í hlut eða meira.

#### 7. gr.

Sýslunefndin byggir eyna til alt að 5 ára í senn til eggjatöku og gefur oddviti sýslunefndar leiguliða byggingarbrjef, sem skýrt tekur fram, hvað það er, sem bygt er, til hvað langs tíma og með hvaða skyldum. Skyldur er leiguliði til að hreinsa bjargið yfir »Fjörunni« og annarstaðar þar sem bygt er, gegn 20 króna þóknun úr sýslusjóði árlega, og skal hreinsunin fara fram á þeim tíma, sem umsjónarmaður telur hentugast. Leiguliða skal bannað að stunda eggjatöku lengur en til laugardagskvölds, þá sjö vikur eru af sumri.

Leiguliði skal skyldur að ryðja niður ritsusetrum, eftir því sem hann getur við komið. Eftirgjald það, er leiguliða ber að greiða, auk áður nefndrar 20 kr. þóknunar, greiðist oddvita sýslunefndar fyrir 1. dag nóvembermánaðar ár hvert.

#### 8. gr.

Sýslunefndin, eða oddviti hennar, útvegar á ári hverju umsjónarmann, sem hefir á hendi eftirlit með því, að þeir, sem stunda veiði við eyna, og leiguliði eggversins hlýði fyrirmælum samþyktaðar þessarar. Ber umsjónarmanni að gæta þess vandlega, að fugl sje ekki veiddur í bjarginu nje í »Kerlingunni« með speldum, háfum, flekum eða á annan hátt. Ekki má heldur drepa lunda eða taka egg hans uppi á eygni. Ennfremur hefir umsjónarmaður á hendi innheimtu á gjaldi því, er ræðir um í 6. gr. Einnig skal hann heimta skýrslu um fuglveiði af formanni hverjum, eftir hverja viku, svo og af eggjatökumanni skýrslu um tölu eggja, þá er eggjasigi er lokið.

Umsjónarmaður semur því næst aðalskýrslu um fuglveiði og eggjatöku, **81** sem hann skilar oddvita sýslunefndar ásamt fjörutollum, fyrir lok júlímánaðar ár 28. apríl hvert. Fyrir starf sitt fær umsjónarmaður hæfilega þóknun, sem greiðist úr sýslusjóði.

9. gr.

Heimilt er sýslunefndinni, ef henni þykir ástæða til, að gjöra sjerstakar ráðstafanir í því skyni að útrýma úr eygni ritsu og öðrum vargfugli, sem spillir svartfuglaveiði við eyna.

10. gr.

Friðlýst skal eygni á öllum manntalsþingum sýslunnar fyrir öllum óleyfilegum afnotum. Öll landspell á eygni eða skemdir á festum þeim, sem henni fylgja og mönnum verður um kent, varða sektum og skaðabótum.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum samþyktaðar þessarar varða sektum alt að 200 krónum, er renna í sýslusjóð.

12. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn samþyktaðri þessari, skulu rekin sem almenn lögglumál.

Samþyktað þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. maí 1913 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 28. apríl 1913.**

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*

82  
6. júní

# Reglugjörð

## um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu.

### 1. Um afþjetti.

#### 1. gr.

Suður-Þingeyjarsýsla, ásamt Keldunesshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, skiftist eftir landsháttum í 3 fjallskilafjelög þannig: á öllu svæðinu milli Jökulsár og Skjálfandafljóts sje eitt fjallskilafjelag; annað fjallskilafjelag sje á svæðinu vestan Skjálfandafljóts og norðan Ljósavatnsskarðs, vestur í Fnjóskadal hjá Skógum og þaðan yfir Vaðlaheiði að Veigastöðum á Svalbarðsströnd; hið þriðja fjallskilafjelag er á svæðinu vestan Skjálfandafljóts ofan við Ljósavatnsskarð. Hvert fjallskilafjelag skiftist í deildir, eftir því, sem landi hagar, og fjöll og vatnsföll deila. Sýslunefnd ákveður takmörk deilda, eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfjelaga.

#### 2. gr.

Sýslunefnd hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskilamálefna í sýslunni samkvæmt 30. gr. sveitarstjórnalaganna 10. nóv. 1905; en hreppsnefndir hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd í fjallskilamálum deildanna. Nú tilheyrir ein deild tveimur eða fleiri hreppum, og kjósa þá hlutaðeigandi hreppsnefndir úr sínum flokki sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi.

#### 3. gr.

Alt land skiftist í öræfi, afþjetti og heimalönd. Það skulu vera afþjettir sem að fornu hafa verið. Sýslunefnd getur og tekið upp nýja afþjetti, ef nauðsyn ber til, eftir tillögum hreppsnefnda, og með samþykki landeiganda.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá yfir þá afþjetti, með tölu og ummerkjum, er hún hefir umsjón með, og skal rita hana í fjallskilabók hreppsins. Þessar skrár skulu allar sendar sýslunefnd, er sjer um að þær sjeu allar innfærðar í eina bók.

## 4. gr.

82

6. júní

Hreppsnefndirnar gangast fyrir því, hver í sínum hreppi, að gerð sje sveitarsamþykkt um það, hvort nota skuli heimalönd til upprekstrar fyrir geldfje eða lömb; skal í samþykktinni skýrt tekið fram, hver þau lönd sjeu, og tala þess fjár, er í þau má reka. Má enginn nota, nje leyfa öðrum að nota heimaland sitt til upprekstrar, nema það sje þannig heimilað með gildandi sveitarsamþykkt, samþyktri af sýslunefnd, ella tvígjaldi hann fjártolla grönnum þeim, er lönd eiga að landi hans, og verður sekur að auki sem um gangnarof.

Nú liggja saman heimalönd hreppa, er menn vilja nota til upprekstrar, og skulu þá hlutaðeigandi hreppsnefndir gera sameiginlega samþykkt um notkun þeirra. Heimalönd þau, sem heimild er fyrir að nota til upprekstrar, skal skoða sem afrjett, að því er göngur snertir, enda sjeu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigendum sjálfum.

Allar samþykktir, sem nefndar eru í grein þessari, hvort sem þær eru eldri eða yngri en þessi reglugerð, skulu sendast sýslunefnd til samþykktar, áður en ár er liðið frá því, er reglugerðin öðlast gildi.

## 5. gr.

Sauðfje, sem menn hafa í hólum, eyjum og afgirtum svæðum, skal undanskilið fjallskilum, ef það kemst eigi þaðan hjálparlaust, að álitu hlutaðeigandi hreppsnefndar.

## 6. gr.

Alt sauðfje nema kvíaær þær, sem nytkaðar eru, eða það fje, sem menn hafa í hólum, eyjum og afgirtum svæðum (sbr. 5. gr.) skal reka í afrjetti, eða þau heimalönd sem notuð eru sem afrjettir (sbr. 4. gr.). Verður hver, sem eigi hlýðnast þessu, sekur sem um gangnarof, og gjaldi grönnum sínum skaðabætur að auki, eftir óvilhallra manna mati. Alt fullorðið geldfje skal á afrjett komið, þá er 8 vikur eru af sumri, nema ótíð og gróðurleysi banni; en lömb og dilkær viku eftir frá færur. Reka skal í miðjan afrjett, nema afrjettareigandi eða hreppsnefnd hafi öðru vísi mælt fyrir.

## 7. gr.

Nú gengur fje á sumrum úr afrjettum og í búfjárhaga manna. Er þá rjett að búendur þeir, er lönd eiga að afrjetti, kveðji granna sína, þá er næstir búna, til að hreinsa land með sjer, og reka fjeð aftur í afrjetti. Svo skulu þeir haga hreinsun og rekstri, að fjenu verði eigi mein að, ella varðar það sektum sem fyrir gangnarof, nema meiru varði eftir almennum hegningarlögum.

## 8. gr.

Rjett er þeim, sem liður usla og ágang af afrjettarfje, að kæra það fyrir sýslunefnd, enda hafi hann eigi náð samkomulagi við umráðamann afrjettar, og leggur þá sýslunefnd fullnaðarúrskurð á málið.

82

6. júní

Nú eiga tveir eða fleiri menn afrjett saman og skiftast þá afrjettartollar milli þeirra eftir tiltölu hvers eins í afrjetti, þó einn leyfi upprekstur frekar en aðrir.

10. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera ákvörðun um, hve margt sauðfje má reka á hvern afrjett, sem heyrir undir stjórn hennar. Sje eigandi afrjettar óánægður með ákvörðunina, er honum heimilt að skjóta máli sínu til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á málið. Sú hreppsnefnd, er telur of margt fje rekið í aðliggjandi utansveitar afrjett, getur og skotið því atriði til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, náist eigi samkomulag við umráðamann afrjettarins.

## II. Um fjárrjettir.

11. gr.

Fjárrjettir skiftast í aðalrjettir og aukarjettir; ákveður sýslunefnd, eftir uppástungum hreppsnefndanna, hverjar skuli vera aðalrjettir, og hverjar aukarjettir. Hver aukarjett heyrir undir einhverja aðalrjett. Á aukarjettum skal rjetta fyr en á aðalrjettum, enda gangi úrtíningsfje úr aukarjettum til aðalrjetta, og dragist þar upp. Sýslunefndin semur skrá yfir allar fjárrjettir í sýslufjelaginu. Skal þar fram tekið, hverja afrjetti og heimalönd ganga skal að hverri rjett, og hverja daga þar skal rjetta. Skrá þessa skal síðan rita í fjallskilabók hvers hrepps.

12. gr.

Skyldir eru allir fjáreigendur, er sókn eiga að fjárrjett, að halda henni við og byggja að nýju, ef þörf er á. Skulu þeir leggja þar til skylduvinnu eftir niðurfjöfnun hreppsnefndar, þegar um rjettarbygging eða stærri aðgerðir er að ræða, en smáaðgerðir lætur hreppsnefndin framkvæma, og jafnar þeim kostnaði niður á fjáreigendur ásamt fjallskilunum. Hver fjáreigandi er skyldur til að sjá sjer sjálfur fyrir dilkrúmi við þá rjett, er hann á sókn að, handa öllu því fje, er hann á á afrjetti. Sama gildir um þær fjallskiladeildir, er von eiga fjár í rjettinni. Nú á maður sókn að tveim rjettum, og er hann skyldur að eiga dilkrúm á báðum. Hver sem eigi vinnur þá skylduvinnu að fjárrjett, er á hann skiftist, eða vanrækir að hafa þar nægilegt dilkrúm fyrir fje sitt, verður sekur sem um gangnarof. Svo má og hreppsnefnd láta vinna verk það, en honum bar að vinna, á hans kostnað. Lokið skal aðgerð rjettar og dilka degi fyrir fyrsta rjettardag haust hvert.

## 13. gr.

Nú þykir þörf á að fjölga fjárrjettum, eða færa gamla rjett á annan hentari stað, og skal þá hreppsnefnd sú, er hlut á að máli, bera málefnið undir atkvæði búenda í hreppnum, á almennum fundi. Sje um aukarjett að ræða, ræður meiri hluti atkvæða málinu til fullnaðarlykta, en um aðalrjett þarf samþykki sýslunefndar, til þess ákvörðunin sje gild.

82

6. júní

*III. Um smölun til rúnings og fráferna.*

## 14. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorin, eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

## 15. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun geldfjár á vorin til rúnings, þegar hentugast þykir. Ef þörf gerist, má hún láta göngur fara fram í afrjettum, og heimalöndum eyðijarðar; hið sama gildir að því er snertir smölun á ám til fráferna. Innansveitarfje, sem kemur fyrir við vorsmölun, skal reka bæja milli eftir sömu reglum og haustrekstra. Utansveitafje, sem kemur fyrir við rúning, eða eftir rúning, er finnandi skyldur að rýja, ef unnt er, og einnig marka unglömb; skal hann gjöra eigendum aðvart um ullina, og gjöra grein fyrir merking á lömbum. Fyrir ómak sitt ber honum borgun: fyrir að rýja kind 25 aurar, og fyrir að marka lamb 25 aurar, nema öðru vísi sje um samið.

*IV. Um göngur og rjettun.*

## 16. gr.

Hver fjáreigandi, sem á sauðkindur eða geitfje á afrjetti, er skyldur að gjöra fjallskil á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður, en skyldur er hver húsráðandi að inna fjallskilin af hendi fyrir heimamenn. Enginn er undanþeginn almenntri fjallskilaskyldu, þótt hann hafi slept geldfje sinu í heimalönd, annaðhvort í óleyfi, eða samkvæmt 4 gr.

## 82

6. júní

Skifta skal hreppsnefnd afrjettum þeim, sem hún á fyrir að ráða, í leiti, og kveða á um hve marga menn þarf í leit hverja, svo og til annara fjárrjetta er sækja þarf fje að. Skrá um þetta skal rita í fjallskilabókina.

## 17. gr.

Á vor-hreppamóti ár hvert skal hreppsnefndin þá er framtal er tekið, rita upp fjártölu framteljenda, og er þeim jafnframt skylt að skýra hreppsnefndinni frá, hvaða afrjett þeir nota það ár. Hreppsnefnd er skyld að semja skýrslu um fjártölu þeirra hreppsþúa, er reka á utansveitarafrjetti, og senda skýrslu þessa hlutaðeigandi hreppsnefnd, eigi síðar en mánuði fyrir göngur.

Hreppsnefnd ákveður, hve mikið hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna, með hliðsjón af fjártölu hvers eins, eftir því sem næst verður komist.

Nú nota fjáreigendur utansýslu-afrjett í einhverri fjallskiladeild sýslunnar; eru þeir þá skyldir að gefa hlutaðeigandi hreppsnefnd skýrslu um tölu fjár þess, er þeir eiga á afrjettinni, um leið og þeir reka fje sitt á afrjett.

## 19. gr.

Nú er eigi svo mikill mannafti til, að einhver afrjettur verði hreinsaður til hlítar af þeim er hann nota, og er þá rjett, að það fjallskilafjelag, er afrjetturinn liggur í, leggi hæfilegan styrk til fjallskila á þeim afrjetti. Synji hlutaðeigandi um þann styrk, eða verði ágreiningur um, hve mikill hann skuli vera, heyrir það undir úrskurð sýslunefndar.

## 20. gr.

Nú vanrækir einhver að gjöra þau fjallskil, sem á hann hafa skiftst, og er honum það sjálfrátt, eða leggur ógildan mann til fjallskila, þá eru það gangnarof, og varðar 5—20 króna fjeþótum, er renna í fjallskilasjóð hreppsins. Sje brotið itrekað, tvöfaldast sektirnar í hvert skifti; þó mega þær aldrei verða hærri en 200 krónur. Auk þess greiðir sá, er brýtur, slíkar skaðabætur, er samsvari fjallskilum þeim, er hann hefir vanrækt. Rjett er og að leitarforingi eða hreppsnefnd fái mann til að gjöra fjallskil í stað þess, sem gangnarof gerði, á hans kostnað, og falla þá skaðabætur niður, sama gildir og um þann er lögmæt forföll hefir.

## 21. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann er leitarforingi og minst helmingur leitarmanna tekur gildan. Nú verður einhver leitarmaður sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er um að kenna, þá skal svo álíta, sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinni, og varðar það sektum og skaðabótum, sem fyrir gangnarof. Nú er leitarmaður eigi talinn fullgildur, en

þó eigi heim sendur, og reiknast honum þá kaup eftir mati leitarforingja og hreppsnefndar.

82  
6. júní

22. gr.

Það skal vera aðalregla, að gjöra þrenn fjallskil haust hvert; þó skal hreppsnefnd heimilt, með samþykki sveitarmanna, að skipa fyrir um fleiri eða færri fjallskil, eftir því, sem henta þykir á hverjum stað, og í hvert skifti. Nú kemur óveður þegar gangnamenn eru á stað komnir, og göngur byrjaðar, svo að þær verða að litlu gagni eða engu, og er þá komið undir hlutaðeigandi hreppsnefnd, hvort hún álitur að nokkrar göngur hafi verið gjörðar í það sinni.

23. gr.

Fyrstu haustgöngur skulu byrja 15. september ár hvert, og verða þá fyrstu rjettardagar í aðalrjettunum: Hraunsrjett, Gautlandarjett og Tungurjett í Fnjóskadal 18. september, og í samræmi við það í öðrum rjettum. — Aðrar göngur skuli byrja 7 dögum síðar en fyrstu göngur (22. sept.) og þriðju göngur viku seinna (29. sept.).

24. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbrjefi er berist sem þingboð um hreppinn, nokkru á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna; sje þar tekið fram hvernig göngum skuli hagað í hvert skifti, tilnefndir leitarforingjar og þeir menn, sem sendir eru á aðrar fjárrjettir. Hreppsnefndin hefir umsjón með rjettun fjárins og sundurdrætti. Rjett er að hún kveðji sjer til aðstoðar á rjettinni svo marga menn sem þarf til þess, að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega. Allskonar óhlýðni og þrjóska gegn skipun rjettarstjóra, varðar sektum sem fyrir gangnarof. Störf þau, sem upp eru talin í þessari grein, má hreppsnefndin fela einum eða fleiri mönnum til framkvæmda.

25. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að hafa svo marga menn á þeirri fjárrjett, er hann á sókn að, sem með þarf til þess, að fje hans verði dregið svo greiðlega, sem rjettarstjóri mælir fyrir. Skal að minsta kosti einn maður vera kominn til rjettar frá hverjum fjáreiganda, þá rjettað er, og sundurdráttur byrjar, enda má engin reka fje frá rjettinni fyrri en honum er lokið, nema rjettarstjóri leyfi.

26. gr.

Leitarforingjar skipa fyrir um, hvernig göngum skal haga í hverri leit. Þeir sjá svo um, sem unt er, að hver einstakur gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi, og að fjársöfnin sjeu rekin með reglu til rjettar og í tækan tíma.



- 82** Svo hafa þeir og umsjón með geymslu fjárins, þar til rjettarstjóri tekur við því.  
 6. júní Eru gangnamenn skyldir að hlýða leitarforingja, og varðar sektum sem fyrir gangnarof, ef útaf er brugðið.

## 27. gr.

Heimilt er hreppsnefnd, ef þörf krefur, að jafna niður á alla fjáreigendur í hreppnum, auk þeirrar skylduvinnu til fjallsleita, sem ræðir um í 16. gr., alt að 2ja aura gjaldi á hverja kind. Gjald þetta innheimtir hreppsnefndin, og er eindagi þess 31. desember.

Sje þessi heimild notuð; skal jafnhliða stofna fjallsleitasjóð fyrir hreppinn sem hreppsnefnd geymir og ábyrgist. Rennur þá fyrgreint gjald í þennan sjóð, og er enn fremur heimilt að til hans falli smærri eftirstöðvar, er eigi hafa unnist upp með skylduvinnu.

Nú nota fjáreigendur utansýslu afrjett í einhverri fjallskiladeild sýslunnar, og er þá hlutadeigandi hreppsnefnd heimilt að leggja alt að 2ja aura gjald á hverja kind, er þeir eiga á afrjettinum, sem renni í fjallskilasjóðinn.

## 28. gr.

Tekjum fjallskilasjóðs má að eins verja til, að standa straum af fjallskilakostnaði, sem eigi verður auðveldlega intur af höndum með skylduvinnu svo sem: að borga aukaleitir, öræfaleitir, eftirleitargjald fyrir fjáreigendur í hreppnum, svo og utansýslu fjáreigendur, þegar svo stendur á, sem segir í 27. gr. o. fl. Hreppsnefnd semur og sendir sýslunefnd í janúar ár hvert reikning um tekjur og gjöld fjallskilasjóðs.

## 29. gr.

Þyki einhverjum sjer gjörð of mikil fjallskil, hefir hann rjett á að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur, með því að kæra, skotið sjer undan að inna af hendi þau fjallskil er honum voru gjörð.

V. *Um hreinsun heimalanda.*

## 30. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á hverju hausti um leið og fyrstu og önnur fjallskil fara fram. Skipar hreppsnefnd fyrir um rekstur þess fjár til rjetta, er fyrir kemur í heimalöndum, eða sjer um rjettun þess sje

það rjettað á aukarjettum. Heimilt er og hreppsnefnd að skipa fyrir um almenna hreinsun heimalanda að öðru leyti á hausti hverju, þegar henni þykir nauðsyn til bera. **82** 6. júní

## 31. gr.

Nú liggja lönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir gjöra samþykkt um hvornig hreinsuninni skal haga á því svæði er lönd hreppa ná saman. Sama gildir og um smölun til rúnings og fráferna. Greini hreppsnefndir á um þetta, skal sýslunefnd skera úr. Óhlýðni gegn skipunum hreppsnefnda um hreinsun heimalanda, og hverskonar vanrækslu í því efni varðar sektum sem fyrir gangnarof.

## 32. gr.

Hver maður er skyldur til að hirða fje það er finst í heimalöndum, eftir að hinni almennu hreinsun er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, er það á að ganga. Nú kemur fjárrekstur til manns frá næsta bæ, og er hann skyldur til að reka hann tafarlaust áfram rjetta leið, nema kveld sje komið eða óveður svo að eigi sje fært. Skal þá beita fjenu, eða gefa hey ella, uns fært er að reka. Hver sem sleppir fjárrekstri, verður sekur sem um gangnarof.

## VI. Um eftirleitir.

## 33. gr.

Þá er fjallskilum er að fullu lokið, má hreppsnefnd leyfa eftirleit á afrjetti, annaðhvort fyrir umsamda borgun, eða á kostnað leitarmanna sjálfra.

## 34. gr.

Nú finnur maður óheimt fje á afrjetti í eftirleit og ber honum þá borgun fyrir það þannig:

Fyrir lamb hvert. . . . .	kr. 2,75
— veturgamla kind. . . . .	— 3,50
— dilká með dilki . . . . .	— 5,00
— dilká með 2 dilkum . . . . .	— 6,50
— dilká dilklausa eða mylka á . . .	— 3,00
— gelda á . . . . .	— 3,50
— sauð 2 vetra og eldri . . . . .	— 4,00
— hrút 2 vetra og eldri . . . . .	— 5,50

**82** Borgun fyrir eftirleitarfje greiðist úr fjallskilasjóði, þar sem hann er, en 6. júní ella af eiganda fjárins.

Fyrir áður heimt fje, sem finst í löglegri eftirleit, skal eigandi borga eina krónu fyrir hverja kind, á hvaða aldri sem er.

Fyrir óheimt fje, sem finst í heimalöndum, eða við smölun fjár, þótt í af-rjett sje, eftir að fjallskilum er lokið er eigi skylt að greiða fundarlaun.

### 35. gr.

Fjárleitir á öræfi, sem ekki geta talist til nokkurra afrjetta, skulu gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir, en heimilt er að þær fari fram samtímis fjallskilum.

## VII. Um fjármörk.

### 36. gr.

Hver maður skal einkenna fje sitt með glöggu marki á eyrum, en, ef soramarkað er, með brennimarki á hornum eða klaufum. Skrúð og brögð á eyrum eru auðkenni en eigi fjármörk.

Yngri menn en 14 ára mega eigi taka upp fjármörk nje nota. Engin má eiga nje nota nema eitt fjármörk. Þó ganga þessi ákvæði eigi í gildi fyrri en við næstu endurskoðun markaskrár sýslunnar. Um markarjettindi fer sem í lögum er ákveðið.

Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna sauðfje sitt á vinstra horni með þessum sveitabrennimörkum:

í Kelduneshreppi . . . . .	Þ 1
- Tjörneshreppi . . . . .	Þ 2
- Húsavíkurhreppi . . . . .	Þ 3
- Aðaldælahreppi . . . . .	Þ 3
- Reykdælahreppi . . . . .	Þ 3
- Skútustaðahreppi . . . . .	Þ 4
- Bárðadælahreppi . . . . .	Þ 5
- Ljósavatnshreppi . . . . .	Þ 5
- Hálshreppi . . . . .	Þ 6
- Flateyjarhreppi . . . . .	Þ 6
- Grýtubakkahreppi . . . . .	Þ 7
- Svalbarðsstrandarhreppi . . . . .	Þ 8

## 37. gr.

82  
6. júní

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá er sýslunefnd semur, og skal prenta hana svo oft, er sýslunefnd álitur þurfi, og útbyta meðal búenda í sýslufjelaginu.

Hver búandi er skyldur að geyma markaskrána meðal þeirra heimildarskjala, er fylgja býli hans, og skila næsta ábúanda þá er hann flytur frá jörðinni.

VIII. *Um óskilafje.*

## 38. gr.

Óskilafje, sem ekki finnast eigendur að, skal hreppsnefnd hirða, og senda lýsingu af því í næstu sveitir ef unt er. Það fje, sem óútgengið er á hausthreppamóti, seljist við uppboð af hlutaðeigandi hreppstjóra.

Auglýsingu um fje, sem þannig er selt, sendir hreppstjóri oddvita sýslunefndar til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, ásamt auglýsingargjaldinu. — Rjettarstjóri annast um, að öll ómörkuð lömb, sem koma fyrir í rjettinni, sje dregin í sjerstakan dilk, og mönnum gefinn kostur á að láta lambsmæður helga sjer lömbin.

Þeir ómerkingar, sem eigi spyrjast upp, seljist sem óskilafje.

IX. *Um rekstur sölufjár og sláturfjár.*

## 39. gr.

Þegar sauðfje er rekið um hjeraðið til slátrunar eða útflutnings, skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo og, að sem minstur bagi verði að fyrir þá, er lönd þau eiga, sem um er rekið, eða í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra að morgni, fyrri en markljóst er orðið, og eigi halda áfram að kveldi eftir að fer að skyggja, nema brýna nauðsyn beri til.

Rekstrarmönnum ber að gæta þess vandlega, að annað fje lendi eigi saman við reksturinn, en verði það, skulu þeir, þegar er þeir verða þess varir, draga það fje úr rekstrinum, og annast um, að það komist í átthaga sína eigendum kostnaðarlaust.

Skaða, sem hlýst af því, að út af þessu er brugðið, þer eiganda eða umsjónarmanni rekstursins að greiða eiganda fjárins, en sannist það, að skaðinn stafir af skeytingarleysi rekstrarmanna, skal hann auk þess sæta sektum.

X. *Almennar ákvarðanir.*

## 40. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sjerskilda fjallskilabók. Skal í hana rita skrár þær, sem um er getið í reglugjörð þessari, og allar þær ákvarðanir, er hreppsnefnd gerir um fjallskilamálefni. Oddviti sýslunefndar getur heimtað endurrit úr fjallskilabókinni hvenær sem þarf.

## 41. gr.

Með brot gegn ákvörðunum reglugjörðar þessarar skal fara sem almenn lögreglumál, sbr. lög 22. mars 1890.

## 42. gr.

Með reglugjörð þessari, sem öðlast gildi 1. september 1913, er úr gildi numin reglugjörð um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu frá 23. ágúst 1904.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1913.

**Í stjórnarráði Íslands, 6. júní 1913.**

Í fjarveru ráðherra

**Eggert Briem,**

settur.

---

*Jón Hermannsson.*

# Reglugjörð

83  
24. júní

## um skipun slökkviliðs og brunamála í Reykjavíkurborg.

### I.

*Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.*

#### 1. gr.

Brunamálanefnd er skipuð 5 mönnum: borgarstjóra, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóra og 3 bæjarfulltrúum, er bæjarstjórnin kýs. Kosningar í nefndina fara fram annaðhvort ár, að afloknum venjulegum bæjarfulltrúakosningum.

Brunamálanefndin hefir á hendi, undir yfirumsjón bæjarstjórnarinnar, stjórn brunamála kaupstaðarins að svo miklu leyti sem það ekki ber beinlínis undir slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálalaga kaupstaðarins og reglugjörðar þessarar sje í einu sem öllu framfylgt, og fullnægja skyldum þeim, sem henni eru þar á herðar lagðar.

### II.

*Hver slökkvitól kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.*

#### 2. gr.

Reykjavíkurborg er skylt, auk slökkvitólahúsa og brunasíma, að eiga í notfæru ástandi að minsta kosti þessi slökkvitól:

8 slönguvagna,  
4 slökkvidælur,  
3 björgunarstiga,  
1 sjálfheldustiga,  
ljósker og önnur smærri áhöld.

Áhöldum þessum skal á kostnað bæjarsjóðs haldið vel við. Slönguvagnarnir og slökkvidælnar skulu smurðar svo oft sem þörf er á, og dælnar reyndar að minsta kosti einu sinni á ári.

**83** Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitólin, skal hún leggja 24. júní það til við bæjarstjórnina, að svo verði gjört.

### 3. gr.

Slönguvögnunum og slökkvidælunum sem og öðrum slökkviáhöldum skal skift niður í slökkvitólahúsin eftir því sem slökkviliðsstjóri ákveður, en geymsluhúsin skulu að minsta kosti vera þrjú, eitt í austurbænum, annað í miðbænum og hið þriðja í vesturbænum.

Lyklar að slökkvitólahúsum skulu vera í vörslum slökkviliðsstjóra, vara-slökkviliðsstjóra og svo margra úr aðalslökkviliðinu, sem þurfa þykir. Slökkvitólahúsunum skal haldið vel við á kostnað bæjarsjóðs.

### 4. gr.

Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á því, að slökkvitólin sjeu fyrir hendi, og að þeim sje vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefndinni skrá yfir slökkvitól þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið, hver slökkvitól hafi verið keypt á árinu, og hver hafi gengið úr sjer.

## III.

*Hver slökkvitól húseigandi skuli útvega á sinn kostnað og láta fylgja húsi sínu.*

### 5. gr.

Hverju húsi, sem er virt 10.000 kr. eða meira, skal fylgja einn krókstjaki hæfilega sterkur og minst 5 metra langur. Sömuleiðis stigi, er sje svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Þessir hlutir skulu geymdir á tilteknum stað, er sje aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

## IV.

*Skylða borgaranna til að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðsins.*

### 6. gr.

Slökkviliðið skiftist í aðalslökkvilið, varaslökkvilið og lögreglulið.

Slökkviliðsstjórinn og í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins.

## 7. gr.

Allir karlmenn í bænum, sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til þjónustu í aðalslökkviliðinu frá því þeir eru 20 ára uns þeir eru 50 ára, nema sjúkleiki hamli.

83  
24. júní

## 8. gr.

Í aðalslökkviliðinu skulu að minsta kosti vera þessir menn:

- Slökkviliðsstjórinn,
- varaslökkviliðsstjórinn,
- 2 áhaldsásmenn, er jafnframt sjeu vöku-  
menn á aðalslökkvistöðinni og gæslumenn  
miðstöðvar brunasímans,
- 36 liðsmenn og nokkrir varaliðsmenn eftir  
nánari ákvörðun slökkviliðsstjóra,
- 2 brunakallarar.

## 9. gr.

Bæjarstjórnin skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar. En brunamálanefndin ræður hina aðra starfsmenn aðalslökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum aðalslökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en allir liðsmenn í aðalslökkviliðinu eru skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum ekki geta gegnt starfi sínu í slökkviliðinu.

## 10. gr.

Slökkviliðsstjórinn — ef starfið er ekki sameinað bæjarverkfræðings- eða byggingarfulltrúastarfinu — hefir 600 króna laun á ári, og varaslökkviliðsstjórinn 300 kr. Hinir almennu liðsmenn fá 1 kr. fyrir hverja klukkustund, sem þeir vinna að því að slökkva eldsvoða, og að auki 1 kr. fyrir að gegna kalli til eldsvoða. Við æfingar og fyrir varðþjónustu, hvers konar sem er, fá þeir 50 auru fyrir hverja klukkustund. Kaup áhaldsásmanna skal ákveðið með samningi.

## 11. gr.

Bæjarstjórnin ákveður eftir tillögu brunamálanefndar, hver einkenni aðalslökkviliðið skuli bera þegar það er að starfi sínu.

## 12. gr.

Brunamálanefndin ákveður með reglugjörð starfssvið og skyldur aðalslökkviliðsins þegar eldsvoða ber að höndum, við æfingar, eftirlit með slökkvitolum og annað starfrækslu þess viðvikjandi.



## 13. gr.

Slökkviliðsstjórinn stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á því, að ávalt sjeu nógu margir í aðalslökkviliðinu og að það sje vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann hvernig slökkvitólunum skuli fyrir komið og alt hvað gjöra skuli til að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki láta rífa niður hús til varnar útbreiðslu eldsins, nema samþykki lögreglustjóra komi til. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sje hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórnina á hendi sá af liðsmönnum, er slökkviliðsstjórinn hefir fyrirfram ákveðið til þess.

## 14. gr.

Allir karlmenn, sem til þess verða álitnir hæfir, að undanskildum konunglegum embættismönnum, opinberum sýslunarmönnum og bæjarfulltrúum, eru skyldir til þjónustu í varaslökkviliðinu frá því þeir eru 25 ára uns þeir eru 35 ára nema sjúkleikur hamli.

Enginn getur þó til 50 ára aldurs skorast undan að hafa á hendi fyrirliðastörf, ef hann verður til þess kjörinn.

## 15. gr.

Í byrjun desembermánaðar ár hvert innkallar varaslökkviliðsstjóri með opinberri auglýsingu alla þá, sem samkvæmt 14. gr. eru skyldir til varaslökkviliðsþjónustu, til þess að mæta á ákveðnum stað og stundu og láta skrásetja sig í varaslökkviliðið. Sá, sem ekki mætir eftir löglegu fyrirkalli, sæti sektum.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert semur svo varaslökkviliðsstjóri í samráði við slökkviliðsstjóra skrá yfir alt varaslökkviliðið, flokkaskiftingu þess, yfirmenn og liðsmenn í hverri sveit, og tilkynnir hverjum sveitarhöfðingja hverjir undir hann sjeu settir, en hann leiðrjettir skrár sínar samkvæmt því og tilkynnir liðsmönnum sínum stöðu þeirra, ef breyting hefir orðið á henni frá næsta ári áður.

## 16. gr.

Varaslökkviliðið skiftist í 3 sveitir:

1. Slökkvisveit.
2. Húsrífssveit.
3. Björgunarsveit.

Yfir slökkvisveitina skal undir yfirstjórn slökkviliðsstjórans skipaður sveitarhöfðingi, og hefir hann undir sjer svo marga undirsveitarhöfðingja, flokkstjóra og bunumeistara, sem slökkviliðsstjóra þurfa þykir. Við hverja slökkvidælu skulu að jafnaði vera skipaðir að minsta kosti 2 liðsmenn, er hafi næga þekkingu og nauðsynleg áhöld við hendina til að bæta úr skemdum á slökkvidælum, ef á þarf að halda, þegar þær eru notaðar.

Til slökkvisveitarinnar teljast einnig þeir menn, sem flytja eiga vatn til slökkvidælanna. **83**  
24. júní

Yfir húsrifslíðið og björgunarlíðið skal einnig skipa sveitarhöfðingja og undirsveitarhöfðingja eftir nánari ákvörðun slökkviliðsstjóra.

#### 17. gr.

Slökkviliðsstjóri skipar alla yfirmenn í varaslökkviliðinu og ákveður stöðu hvers liðsmanns. Hver yfirmaður varaslökkviliðsins stjórnar og ræður fyrir liðsmönnum þeim, sem undir hann eru settir.

#### 18. gr.

Varaslökkviliðsstjóri afhendir hverjum sveitarhöfðingja skrá yfir þá menn, sem undir hann eru settir. Sveitarhöfðinginn skal sjá um, að skrá þessi sje leiðrjett árlega samkvæmt tilkynningum þeim, er hann fær frá varaslökkviliðsstjóra um, hverjir gangi úr liðinu og hverjir komi í þeirra stað.

Þegar varaslökkviliðið hefir verið kallað saman til að slökkva eldsvoða eða til æfinga, skal sveitarhöfðinginn tilkynna slökkviliðsstjóra hverjir ekki hafi mætt, svo að ábyrgð megi koma fram á hendur þeim.

#### 19. gr.

Slökkviliðsstjóri kveður svo marga menn úr varaslökkviliðinu, sem hæfilegt þykir, til æfinga að minsta kosti tvisvar á ári.

#### 20. gr.

Þegar eldsvoða ber að höndum skal venjulega að eins kalla aðalslökkviliðið til, er framkvæmir eitt það er með þarf.

Að eins þegar um stórfeldan eldsvoða er að ræða, eða þegar hætt er við útbreiðslu eldsins, skal slökkviliðsstjóri eða sá, sem gengur í hans stað, láta kalla varaslökkviliðið til.

#### 21. gr.

Sjerhver slökkviliðsmaður er að viðlagðri sekt skyldur til að mæta til æfinga og til að slökkva eld þegar hann er til þess kallaður hvar sem er innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, og hlýða þá í einu sem öllu því, sem yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanns síns yfirgefa eldsvoða áður en slökt er eða slökkviliðsæfing áður en henni er lokið.

24. júní

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Auk hans eru í lögreglusveitinni allir lögreguþjórnar bæjarins, dagverðir og næturverðir, og enn fremur 20 menn, er lögreglustjóri kveður til þess úr flokki þeirra, sem skyldir eru til að vera í vara-slökkviliðinu. Lögreglustjóri ákveður skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni.

Skylt er lögreglusveitinni að viðhalda góðri reglu við eldsvoða, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um, að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því sem brennur, eða flytji þaðan neitt burt.

## V.

*Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.*

## 23. gr.

Vatn til að slökkva eldsvoða sem og til æfinga skal tekið úr brunahönum bæjarins. Það er á ábyrgð slökkviliðsstjóra, að allir brunahanar sjeu óskemdir og ávalt í notfæru ástandi, hvenær sem vatn þarf að taka úr þeim, og skal að minsta kosti einu sinni á mánuði frá miðjum apríl til miðs september, en hinn tíma ársins að minsta kosti tvisvar sinnum sannprófa að svo sje.

Enginn má taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi fengið til þess leyfi slökkviliðsstjóra.

Í vökumannsherberginu á aðalslökkviliðsstöðinni skal vera mælir, er sýni þrýsting vatnsins í æðum vatnsveitunnar, og komi það fyrir, að vatnsþrýstingin sje minni en eðlilegt er, skal slökkviliðsstjóri tilkynna það umsjónarmanni vatnsveitunnar og gera ráðstafanir til að tafarlaust verði bætt úr því.

## 24. gr.

Skylt er sjerhverjum húseiganda að leyfa að vatn sje tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, gegn fullu endurgjaldi úr bæjarsjóði fyrir skemdir á húsi og húsgögnum, sem af því hlýst, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir í veg fyrir að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum hússins. Meðan verið er að slökkva eldsvoða, eru bæjarbúar skyldir til að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

## 25. gr.

83  
24. júní

Ef hús brennur, þar sem vatnsveita liggur ekki að, eða ef vatn úr brunahönum nægir ekki, er sjerhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til að flytja vatn og leyfa að vatn sje tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru, eða hann hefir umráð yfir. Ef tæki, sem lánað hefir verið, skemmist eða týnist, skal fult endurgjald koma fyrir úr bæjarsjóði.

## 26. gr.

Það er skylda hvers og eins, sem er viðstaddur eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliði eða ekki, að láta í tje alla þá aðstoð, sem hann getur, ef slökkviliðsstjórnin krefst þess.

## VI.

*Um skoðun eldfæra og reykháfa.*

## 27. gr.

Slökkviliðsstjóri skal einu sinni á ári hverju, í októbermánuði, skoða eða láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum bæjarins, og lita eftir að þau sjeu útbúin lögum samkvæmt og að reykháfar hafi verið tilhlýðilega hreinsaðir, svo og aðgæta hvort púðurbirgðir og önnur eldfim efni sjeu geymd eins og vera ber. Komi það í ljós við skoðunina, að eitthvað sje ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til að fá það lagfært, og skal þá að honum liðnum ný skoðun fara fram. Komi það í ljós við hina síðari skoðun, að enn sje ekki búið að bæta úr því, sem fundið var að, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og skyldar hann til að færa í lag það, er lagfæra þarf.

## VII.

*Um brunaboðun.*

## 28. gr.

Það er skylda hvers eins, sem verður eldsvoða var, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Skal hann einkum gjöra það á þann hátt, að hann hleypur til næsta brunaboða, brýtur rúðuna, þrýstir á hnappinn og bíður við brunaboðann þar til slökkviliðið kemur, og segir því þá hvar eldsvoðinn sje. Samtímis skal hann, ef hægt er, láta aðvara lögregluþjónana um brunann.

Næturverðir skulu á göngum sínum um bæinn hafa sjerstakt eftirlit með

**83** því, hvort eldur er að kvikna í húsi, og tilkynna það varðmönnum á slökkvi-  
24. júní liðsstöðinni og lögreglustjóra.

Varaslökkviliðið skal kallað til með því að hefja brunakall um bæinn með brunalúðri.

### VIII.

*Ýmsar almennar varúðarreglur, er gæta ber umfram það, sem ákveðið er í 3., 6.,  
8. og 12. gr. laga 15. okt. 1875 um brunamál í Reykjavík.*

#### 29. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða annarstaðar á almannafæri, eða milli húsa, eða í gördum má eigi setja lausar eldstór eða bráðabirgðahlóðir til eldunar, nema leyfi sje veitt til þess í hvert skifti af slökkviliðsstjóranum og ákveður hann þá hvernig eldstæðið skuli útbúið og hverra varúðarreglna skuli gæta. Í slíkum eldstæðum skal kol eða koks haft sem eldsneyti, en sem minst af trjávið eða mó. Þegar slík eldun er leyfð, skulu menn ávalt vera við eldinn, og má eldunin ekki fara fram, ef þar nálægt er geymt mikið af eldnæmum efnum.

Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugjörð og bikgjörð undir beru lofti. Í húsum inni má ekki hafa slíkt um hönd á náttarpeli.

Milli húsa eða úti við má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum.

#### 30. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja upp fyrir utan hús, þegar brunamálanefnd álitur að af því geti stafað eldshætta. Mikið af víði og borðum má að eins hafa fyrir utan hús þar sem slökkviliðsstjóri leyfir. Ákveður hann um leið hve stór hver trjástakkur megi vera, hve langt bil skuli vera milli þeirra og minstu fjarlægð frá næsta húsi.

Skal það yfirleitt ekki leyft að hafa viðarstakk hærri en 6 metra, ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá einnig stakkarnir ekki nær hver öðrum en 2 metra og ekki nær næsta húsi en 6 metra.

#### 31. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, bensíni eða áþekkum lýsingarvökvum, skal hjergreindum varúðarreglum stranglega fylgt:

- a. Sjeu birgðirnar meiri en 800 lítrar má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, þótt byrgt sje í lokuðu ljóskeri, ekki kveikja á eldspítu nje reykja þar tóbak. Heldur ekki mega þar vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur.
- b. Sjeu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar og þær geymdar utan húss í gördum eða húsum, sem engin íbúð er í, má því að eins bera þar um ljós, að

það sje í lokuðu ljóskeri, en eld má þar ekki kveikja nje bera. Ekki má þar heldur tappa ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sje geymt í lokuðu ljóskeri og það látið hanga a. m. k. í 2 metra fjarlægð. 83  
24. júní

- c. Birgðir alt að 200 lítrum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmilátum eða lokuðum flöskum.
- d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós, má ekki tappa úr ílátum neitt ljósmeti, sem er svo eldfímt, að í því kvikni við 40° hita á hundraðsmæli (C.).
- e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur er úti eða inni, í sölustöðum eða í smíðahúsi, skal gæta alls hreinlætis. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldnæma hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sje höfð ábreiða, sem ekki er eldnæm.

Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af ofangreindum ljósvökvum, má engin vinna fara fram nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sje ávalt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo að óviðkomandi komist þar ekki inn.

- f. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg þar sem það er auðvelt til aflestrar.

### 32. gr.

Í smíðahúsum trjesmiða, stólasmíða, laggara og handiðnamanna, sem fást við trjesmiði, skal gæta þessara varúðarreglna:

- a. Eld má ekki fara með nema í eldstæðinu eða ofninum og ekki má reykja þar tóbak.
- b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái að minsta kosti 8 cm. út frá pottinum á alla vegu. Kantur málmplötunnar skal beygður upp á við.
- c. Kertaljós má því að eins nota, að það sje haft í ljóastjaka úr málm og nauðsynlegrar varúðar gætt við meðferð þess. Sje borðlampi notaður, skal hann standa á þungum fæti, svo að ekki sje hætt við að hann velti um koll.
- d. Ekki má fleygja eldspitu á gólfið þegar kveykt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem víska er fyrir, að hún ekki geti kveikt frá sjer.
- e. Trjespæmir, hey eða aðrir slíkir eldnæmir hlutir mega ekki liggja dreyfðir um smíðahússgólfið dag frá degi. Á hverjum degi að endaðri vinnu skal þeim sópað saman og þeir bornir burt úr smíðahúsinu eða þeim komið fyrir á sjerstökum stað í húsinu, sem ætlaður er fyrir þá, og skal sá staður vera svo fjarri eldstæðinu, sem hægt er. Miklar birgðir af trjespónum skal geyma í lokuðum klefum, þar sem engin sjerstök eldhætta getur stafað af.
- f. Miklar birgðir af trjesmiðaefni mega ekki liggja í göngum nje í stigum og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sjerstakt leyfi slökkviliðsstjóra komi til. Handiðnamenn, sem fást bæði við trjesmiði og járnsmíði, mega ekki

**83**  
24. júní

- geyma meira viðarsmiðaeefni í járnsmiðju sinni en með þarf til þess, að vinnan verði int af hendi viðstöðu- og tafarlaust
- g. Þegar vinnu er lokið að kveldi og áður en smiðir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki inn í það.
  - h. Í sjerhverju smíðahúsi skal vera sjerstakur vatnskraní með viðfestri slöngu.
  - i. Í sjerhverju smíðahúsi skal prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sje hlýtt, og að hinnar mestu varúðar sje að öðru leyti gætt í allri meðferð á eldi eða ljósi.

### 33. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki alt að 200 króna sekt fyrir afbrot sitt, er renni í bæjarsjóð Reykjavíkur.

### 34. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi frá staðfestingardegí, og eru þá um leið úr gildi feldar reglugjörð um slökkvilið Reykjavíkurbæjar 31. okt. 1874, reglugjörð um hver slökkvitól Reykjavíkurkaupstaður skuli eiga og viðhalda 15. febr. 1875 og reglugjörð um brunamál í Reykjavík 26. okt. 1876.

Reglugjörð þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 20, 15. október 1875, og nr. 32, 13. desember 1895.

**Í stjórnarráði Íslands, 24. júní 1913.**

**H. Hafstein.**

---

*Jón Hermannsson.*

# Reglugjörð

84  
24. júní

## fyrir vatnsveitu Sauðárkrókshrepps.

### 1. gr.

Samkvæmt lögum 22. okt. 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum, hefir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps einkaleyfi til starfrækslu og umráða á vatnsveitufyrirtæki því, sem þegar er á komið í kaптúninu Sauðárkrók og umhverfi.

### 2. gr.

Frá vatnsæðum þeim, sem lagðar eru um hreppinn og kaптúnið, má enginn nema með leyfi hreppsnefndar leggja neinar vatnsleiðslur.

### 3. gr.

Hreppsnefndin tilnefnir mann eða menn, sem hafi fyrir hennar hönd umsjón með öllu því, er lýtur að vatnsveitufyrirtækinu, og sjer hann eða þeir um allar gamlar og nýjar leiðslur, breytingar og viðgerðir. Eru allir skyldir að snúa sjer til hans eða þeirra um alt, er að slíku lýtur, enda eru tilsjónarmenn þessir skyldir að hlíta vinnukaптaxta, sem hreppsnefndin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir reglum þeim, er hún fyrirskipar.

### 4. gr.

Hver sá, er fær aukaleiðslu samkvæmt 2. gr., skal hlíta fyrirmælum umsjónarmanns um efni og lagning, og skal hann gæta þess, að alt efni sje jafnvandað og það, sem brúkað hefir verið til vatnsveitu kaптúnsins, og að vinnan sje að öllu leyti af hendi leyst í fullu samræmi við hana. Allar slíkar aukaleiðslur kosta hlutaðeigendur sjálfir. Allan viðhaldskostnað og aukakostnað af aukaleiðslum, sem þegar eru lagðar og síðar kunna lagðar að verða, bera húsa- og lóðaеigendur.

### 5. gr.

Hreppsnefndinni skal heimilt að loka vatnsæðum kaптúnsins fyrir þeim, er vanrækja að láta gera við leka á pípum eða hönum eða eyða vatni að óþörfu eða fara óhreinlega með það.

### 6. gr.

Hver, sem af ásettu ráði eða gáleysi skemmir vatnsæðar hreppsins eða önnur mannvirki, sem heyra til vatnsveitunni, skal greiða skadabætur að fullu og eftir atvikum sektir, ef þingri refsing liggur ei við að lögum.



## 84

24. júní

## 7. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugjörðar varða sektum alt að 200 kr. og fer með mál útaf þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir samið, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 26, 22. október 1912.

**Í stjórnarráði Íslands, 24. júní 1913.**

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*

## 85

24. júní

## Gjaldskrá

**um vatnsskatt í Sauðárkrókshreppi.**

## 1. gr.

Af öllum húsum í hreppnum skal vatnsskatt greiða, nema húsum þeim, er standa á svonefndri »Eyri« yzt í kaптúninu, og innangarðs á bóndabýlinu Sauða. Vatnsskattur skal álagður eftir skattvirðingarverði, þar sem til er. Þau hús, sem ei eru svo mikils virði, að skattskyld sjeu, virðir hreppsnefndin til vatnsskatts.

## 2. gr.

Í vatnsskatt árlega skal greiða af húsum öllum á vatnsveitusvæðinu, sem ei eru meira en 14000 króna virði, sem hjer segir:

1.  $5\frac{1}{2}\text{‰}$  af virðingarverði:
  - a) í íbúðarhúsum, þar sem eru 3 íbúðir eða fleiri,
  - b) í sjúkrahúsum,
  - c) í gistihúsum,
  - d) í sláturhúsum,
  - e) í peningshúsum.
2.  $5\text{‰}$  af virðingarverði í íbúðarhúsum, þar sem eru 2 íbúðir.

3.  $4\frac{1}{2}\text{‰}$  af virðingarverði:

- a) í íbúðarhúsum með 1 íbúð,
- b) í sölubúðum,
- c) í verkstæðum.

85

24. júní

4.  $4\text{‰}$  af virðingarverði:

- a) í húsum, sem eingöngu eru notuð til vörugeymslu,
- b) í samkomuhúsum,
- c) í smiðjum,
- d) öllum öðrum húsum, sem eigi geta heimfærst undir einhvern hinna nefndu flokka.

Hús yfir 14000 kr. virði flokkast á sama hátt, en af þeim greiðist  $1\text{‰}$  minni vatnsskattur árlega en af húsum með minna virðingarverði.

Heimilt er hreppsnefnd að lækka vatnsskatt, eftir því sem kringumstæður leyfa.

## 3. gr.

Af sláturhúsum og öðrum húsum, er vatn kynnu að nota til annars en venjulegra starfa, vegna atvinnu, greiðist aukagjald,  $2\text{‰}$  af virðingarverði. Auk hins ákveðna gjalds greiði húseigandi 6 krónur fyrir hvert vatnssalerni. Fyrir vatnshana, sem settir eru upp í þeim tilgangi að vökva garða og ræktunarsvæði, skal greiða gjald, sem svarar 4 krónum fyrir 500  metra garðs eða ræktunarsvæðis eða minna, og 2 krónur fyrir hverja 500  metra, sem fram yfir er, eða hlutfallslega fyrir brot úr þeim.

Fyrir sjerhvern annan vatnshana utan húss, skal eigandi greiða 4 krónur árlega.

## 4. gr.

Fyrir vatn, sem tekið er til notkunar á skipum, skal greiða 75 aura fyrir hverja smálest; minsta gjald er þó 2 krónur.

## 5. gr.

Vatnsskattur miðast við fardagaárið, og skal gjalddagi hans vera 15. júlí ár hvert fyrir það fardagaár, sem þá stendur yfir. Skattur þessi hefir lögtaksrjett. Hinn 1. maí 1913 má þó heimta vatnsskatt samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir tímabilið frá 1. septbr. 1912, er vatnsleiðslunni var lokið til fardaga 1913, og telst tímabil þetta, að því er til vatnsskatts kemur, eitt misseri.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir samið, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 26, 22. október 1912.

Í stjórnarráði Íslands, 24. júní 1913.

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson,*

# Reglugjörð

## um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkauptúni.

### 1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæði kaupsins skal greiða vatnsskatt árlega. Skal skatturinn lagður á eftir virðingarverði húsanna til húsaskatts. Skatturinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra vjela, sem í húsinu eru.

### 2. gr.

Húsum kaupsins skal skift í flokka eftir virðingarverði þeirra og vatnsskattur goldinn af þeim eins og hjer segir:

1. flokkur:	Hús, sem eru virt alt að 2000 kr. . . . .	6 <sup>0</sup> / <sub>100</sub>
2. —	Hús, sem eru virt frá 2000 kr. til 3000 kr. . . . .	5 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> <sup>0</sup> / <sub>100</sub>
3. —	Hús, sem eru virt frá 3000 kr. til 4000 kr. . . . .	5 <sup>0</sup> / <sub>100</sub>
4. —	Hús, sem eru virt frá 4000 kr. til 6000 kr. . . . .	4 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> <sup>0</sup> / <sub>100</sub>
5. —	Hús, sem eru virt frá 6000 kr. til 8000 kr. . . . .	4 <sup>0</sup> / <sub>100</sub>
6. —	Hús, sem eru virt frá 8000 kr. til 10,000 kr. . . . .	3 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> <sup>0</sup> / <sub>100</sub>
7. —	Hús, sem eru virt yfir 10,000 kr.:	
	Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðsins . . . . .	3 <sup>0</sup> / <sub>100</sub>
	Af næstu 10,000 kr. virðingarverðsins . . . . .	2 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> <sup>0</sup> / <sub>100</sub>
	Af því, sem þar er fram yfir . . . . .	2 <sup>0</sup> / <sub>100</sub>

### 3. gr.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald, og skal það venjulega ákveðið með samningi; sömuleiðis vatnsskattur fyrir hreyfivjelar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatnu til annarar slíkrar notkunar. Fyrir hvert vatnssalerni greiðist 3 krónur og fyrir hvern stórgrip 1 króna.

### 4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á því, að vatnsskattur sje greiddur í tæka tíð.

### 5. gr.

Árið reiknast frá 1. apríl til 31. mars, og skal vatnsskatturinn greiddur í einu lagi fyrir 15. sept. ár hvert.

## 6. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða 1 kr. 50 auru fyrir hvert tonn eða hluta úr tonni, og greiðist gjaldið strax við vatnstökuna. Innlend skip, sem taka vatn að staðaldri úr vatnsleiðslunni, geta fengið ívilnun í verðinu með samkomulagi við hreppsnefndina.

86  
15. júlí

## 7. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá leiðslum kaupþúnsins inn í hús, nema sá eða þeir, sem hreppsnefndin felur þann starfa á hendur.

## 8. gr.

Hreppsnefndinni skal heimilt að loka vatnsæðum kaupþúnsins fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni til muna að óþörfu.

## 9. gr.

Vatnsskatt þann, er ekki er greiddur í tæka tíð, má taka lögtaki, eins og önnur gjöld til sveitarsjóðs.

## 10. gr.

Hreppsnefndin hefir einkarjett til neysluvatnssölu í kaupþúninu og til skipa á höfninni.

## 11. gr.

Hver, sem skemmir vatnsæðar kaupþúnsins, vatnspróna, brunahana, eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsleiðslunni til, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta sektum alt að 200 krónum, nema þyngri hegning liggji við samkvæmt hegningarlögunum. Sömu sektum sætir sá, sem brýtur gegn einkarjetti hreppsnefndarinnar til neysluvatnssölu.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps hefir samið, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 26, 22. október 1912.

Í stjórnarráði Íslands, 15. júlí 1913.

H. Hafstein.

*Jón Hermannsson.*

## Efnahagsreikningur

Landsbankans 31. mars 1913.

## Eignir:

1. Skuldabryf fyrir lánum:			
a. Fasteignaveðslán . . . . .	kr.	123213	04
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán . . . . .	—	1359037	45
c. Handveðslán . . . . .	—	78595	55
d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjel. . . . .	—	54663	06
e. Reikningslán . . . . .	—	721288	49
		<hr/>	
	kr.	2336797	59
2. Vixlar innlendir og ávísanir . . . . .	—	1425194	66
3. Vixlar og ávísanir til greiðslu erlendis . . . . .	—	81286	39
4. Kgl. rikisskuldbryf . . . . .	—	537000	00
5. Önnur erlend verðbrjef . . . . .	—	194162	50
6. Bankavaxtabryf 1. flokks . . . . .	—	273000	00
7. Bankavaxtabryf 2. flokks . . . . .	—	628278	00
8. Bankavaxtabryf 3. flokks . . . . .	—	5280	00
9. Önnur innlend verðbrjef . . . . .	—	1540	00
10. Skuldabryf og hlutabryf tilheyrandi varasjóði fyrverandi sparisjóðs Reykjavíkur . . . . .	—	7600	00
11. Fasteignir . . . . .	—	111330	18
12. Bankabyggingin með húsbúnaði . . . . .	—	87000	00
13. Útbúið á Akureyri . . . . .	—	472842	55
14. Útbúið á Ísafirði . . . . .	—	529274	79
15. Inneign hjá öðrum bönkum . . . . .	—	306858	77
16. Ýmsir debitorar . . . . .	—	901	08
17. Peningar í sjóði . . . . .	—	93353	38
		<hr/>	
	kr.	7091699	89

## Skuldir:

1. Seðlaskuld bankans við landssjóð . . . . .	kr.	750000	00
2. Bankaskuldbryf . . . . .	—	2000000	00
3. Innstæðufje á hlaupareikningi . . . . .	—	365194	77
4. Innstæðufje í sparisjóði . . . . .	—	2641973	71
5. Innstæðufje gegn viðtökuskirteinum . . . . .	—	265465	94
		<hr/>	
	Flyt kr.	6022634	42

	Fluttar	kr.	6022634 42	<b>87</b>	
6. Inneign 1. fl. veðdeildar . . . . .	--		166102 15		
7. Inneign 2. fl. veðdeildar . . . . .	—		133044 05		
8. Inneign 3. fl. veðdeildar . . . . .	—		7274 38		
9. Innheimt fje óútborgað . . . . .	—		5554 43		
10. Akceptkonto . . . . .	—		2322 14		
11. Ymsir kreditorar . . . . .	—		46 14		
12. Varasjóður fyrv. sparisjóðs Reykjavíkur . . . . .	—		7722 61		
13. Varasjóður bankans . . . . .	—		744500 56		
14. Tekjur, sem ekki eru enn lagðar við varasjóð:					
a. Diskonto . . . . .		kr.	22551 84		
b. Ýmsar tekjur . . . . .			6402,92		
			kr. ÷ 1097,95		
		kr.	5304 97		
		Frá þessum samtals	kr.	27856 81	
dregst:					
a. Kostnaður við rekstur bankans		kr.	15314,12		
b. Vextir: 52460,65 ÷ 48083,76	—		4376,89		
c. Kostnaður við rekstur fast- eigna . . . . .			15322,90		
		kr. ÷	11593,65		
		—	3729,25		
d. Tapogágóði 5110,00 ÷ 3172,46	—		1937,54		
		kr.	25357 80	kr.	2499 01
				Kr.	7091699 89

Landsbanki Íslands.

*Björn Sigurðsson. Jón Olafsson. Vilhj. Briem.*

Reikning þennan höfum við borið saman við bækur bankans, og höfum ekkert að athuga.

Reykjavík, 22. maí 1913.

*Eggert Briem. Benedikt Sveinsson.*

## Embætti m. m.

4. apríl var læknaskólakandídat Pjetur Thoroddsen allramildilegast skipaður hjeraðs-læknir í Norðfjarðarhjeraði.
8. apríl skipaði ráðherrann sóknarprest að Hrafnagili síra Þorstein Briem sóknarprest að Görðum á Álftanesi frá fardögum 1913 að telja.
23. apríl var Friðjóni lækni Jenssýni, samkvæmt beiðni hans, allramildilegast veitt lausn frá hjeraðslæknisembættinu í Reyðarfjarðarhjeraði frá 1. júlí næstk. að telja, án eftirlauna.
- S. d. var sýslumanni Gísla Ísleifssýni, samkvæmt beiðni hans, allramildilegast veitt lausn frá sýslumannsembættinu í Húnavatnssýslu, án eftirlauna.
3. maí skipaði ráðherrann cand. theol. Vigfús Ingvar Sigurðsson sóknarprest í Desjar-mýrarprestakalli í Norður-Múlaprófastsdæmi frá fardögum 1913 að telja.
8. maí staðfesti ráðherrann kosningu sjera Ólafs frikirkjuprests Ólafssonar til for-stöðumanns utaþjóðkirkjusafnaðar í Hafnarfirði, Garða og Bessastaðahreppum.
10. maí skipaði ráðherrann síra Gísla Kjartansson sóknarprest í Sandfellsprestakalli í Öræfum frá fardögum 1912 að telja.
16. maí leysti ráðherrann sóknarprest að Hrafnagili síra Þorstein Briem eftir umsókn hans frá því að taka við veitingu fyrir Garðaprestakalli á Álftanesi.
17. maí skipaði ráðherrann sóknarprest í Hálsprestakalli síra Ásmund Gíslason prófast í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi frá 6. þ. m. að telja.
27. maí þóknadist Hans hátign konunginum allramildilegast að kveðja til þingsetu sem konungkjörinn alþingismann landlækni G. Björnsson, r. af Dbr. og Dbrm., í stað kaup-manns Ágústs Flygenring, er hafði afsalað sjer þingmenskuumboði sínu.
14. júní veitti ráðherrann sóknarpresti í Hestþingum síra Arnóri Þorlákssýni lausn frá embætti frá fardögum þ. á. að telja, samkvæmt beiðni hans vegna heilsubreysts, með eftir-launum eftir lögum.
25. júní setti ráðherrann Sigurð lækni Hjörleifsson til þess fyrst um sinn frá 1. júlí næstkomandi að telja, að gegna hjeraðslæknisembættinu í Reyðarfjarðarhjeraði.
28. júní skipaði ráðherrann guðfræðiskandídat Jakob Ó. Lárusson sóknarprest í Holts-prestakalli undir Eyjafjöllum frá fardögum 1913 að telja.

## Laus embætti, er konungur veitir.

1. Sýslumannsembættið í Húnavatnssýslu. Árslau 3500 kr.  
Auglýst laust 14. júlí 1913.  
Umsóknarfrestur til 14. október 1913.  
Sá, sem embættið fær, er skyldur að setja þá tryggingu, er síðar mun verða kveðið á um, fyrir innheimtum þeim, sem honum verður trúað fyrir af hálfu hins opinbera. Svo ber honum og að fylgja þeim reglum, er verða settar um reikningsskil af hans hálfu og greiðslur í landssjóð.
2. Hjeraðslæknisembættið í Reyðarfjarðarhjeraði. (Reyðarfjarðar, Eskifjarðar- og Helgustaðahreppar). Árslau 1500 kr.  
Auglýst laust 14. júlí 1913.  
Umsóknarfrestur til 14. október 1913.

## Heiðursmerki.

19. febrúar var Matthíasi lækni Einarssýni allramildilegast leyft að bera heiðursmerki sem »Officier d' Académie«, er stjóra hins frakkneska lýðveldis hefir sæmt hann.
21. maí var skrifstofustjóri í stjórnarráði Íslands Eggert Ólafur Briem allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogssorðunnar.
- S. d. var vígslubiskup prófastur Geir Stefán Sæmundsson allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogssorðunnar.
- S. d. var kaupmaður Ágúst Flygenring Þórðarson í Hafnarfirði allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogssorðunnar.

**Brjef stjórnarráðsins til biskups um breyting á takmörkum prestakalla.****88**

11. sept.

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og löglegrí ályktun hjeraðsfundarins í Suður-Píngeyjarprófastsdæmi 25. júní þ. á. skal stjórnarráðið samkvæmt meðmælum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dags. 30. f. m., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, hjermeð veita leyfi til þess, að Lundarbrekkusókn færíst undan Skútustaðaprestakalli og sameinist Þóróddsstaðarprestakalli.

Ætlast stjórnarráðið til þess að þessi breyting teljist frá síðastliðnum fardögum, og flyst erfiðleikauppbót Skútustaðaprestakalls jafnframt þaðan til Þóróddsstaðarprestakalls.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Kollektusjód Jóns Eiríks.****89**

sonar«, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 22. júlí 1913. 22. júlí  
Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

### fyrir Kollektusjód Jóns Eiríkssonar.

Sjóðurinn, sem í árslokinn 1912 var kr. 15453.24, heitir: »Kollektusjóður Jóns Eiríkssonar«.

Upphaflega er sjóðurinn til orðinn af samskotum andlegrar stjettar manna í Noregi og Danmörku, árin 1775–1786, að forgöngu Jóns konferensráðs Eiríkssonar. Var fjeð ætlað til styrktar fátækum prestum á Íslandi, og síðar ánafnað prestum Hólastiftis.

#### 1. gr.

Vöxtunum af sjóði þessum, sem hingað til hefir verið skift milli nokkurra prestakalla í Hólastifti hinu forna, skal frámvegís varið til styrktar prestum á því svæði, þurfi þeir í langvarandi sjúkdómum að leita heilsubótar utan heimilis fyrir sjálfa sig, eiginkonur sínar eða óuppkomin börn.

#### 2. gr.

Árlega skal leggja við höfuðstólinn  $\frac{1}{5}$  hluta vaxtanna, og það frekar, sem eigi notast ár hvert. Meðan Hvanneyrarprestakall er undir hinum eldri launalögum, helst greiðslan þangað óbreytt af vöxtum sjóðsins, 140 kr. árlega.



89

22. júlí

3. gr.

Biskup landsins geymir undir yfirumsjón landsstjórnarinnar sjóðinn, og ávaxtar fje hans. Birtir hann reikning sjóðsins í byrjun hvers árs í Stjórnartíðindunum. Skulu þá og jafnframt auglýstar styrkveitingar úr sjóðnum.

4. gr.

Landstjórnin veitir styrk úr sjóðnum eftir tillögum biskups, en hann hefir aftur í ráðum með sjer vígslubiskupinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna. Veiting styrksins skal jafnan fara fram á afmælisdegi Jóns konferensráðs Eiríkssonar hinn 31. dag ágústmánaðar.

Í stjórnarráði Íslands, 22. júlí 1913.

H. Hafstein.

*Eggert Briem.*

90

1. ág.

## Samþykkt

um samgirðing í úthluta Náhlíðar í Miðdalahreppi og yfir Sauðafellstungu.

Hreppsnefndin í Miðdalahreppi í Dalasýslu hefir, samkvæmt lögum 30. júlí 1909 um girðingar, gjört eftirfarandi

### samþykkt

um samgirðing í úthluta Náhlíðar í Miðdalahreppi og yfir Sauðafellstungu.

1. gr.

Í Náhlíðinni í Miðdalahreppi og yfir Sauðafellsland að auki skal vera girðing þvert yfir Náhlíðarhól á landamerkjum Stóráskógs og Kvinnabrekku að austan og svo yfir Sauðafellstungu. Þessi samgirðing skal ná frá Prestagilskletti við Haukadalsvatn að Tunguá neðanhalt við Sauðapoll, og svo þaðan beint heim í norðanverða túngirðinguna á Sauðafelli, og aftur úr henni sunnanverðri að Miðá á landamerkjum Sauðafells og Erpstaða, og þaðan á börðunum niður með Miðá að gljúfrunum í Skarðafjótí.

## 2. gr.

Girðing þessi skal vera fimmþætt gaddavírsgirðing að öllu leyti samkvæm því, sem girðingarlögin mæla fyrir.

90  
1. ág.

## 3. gr.

Kostnaðinn við að leggja girðing þessa og halda henni við ber að greiða af öllum sauðfjár- og hrossaeigendum vestan girðingar þessarar á svæðinu milli Haukadalsár og Miðár, og eru þá fjáreigendur á Sauðafelli taldir með. Gjaldi þessu ber að jafna niður þannig, að jafnt gjald komi á hverja kind, en hvert hross sem 3 kindur.

## 4. gr.

Framkvæmdin við að leggja girðinguna, eftirlit með henni ásamt viðhaldi, niðurfjöfnun kostnaðarins, er jafnan ber að gera í marsmánuði, og gjaldheimta skal falin þriggja manna stjórn, er kosin skal af þátttakendum á aðalfundi, sem haldinn skal í aprilmánuði ár hvert. Niðurfjöfnun og reikningsskil leggist fyrir aðalfund samgirðingarfélagsins til úrskurðar. Stjórn þessi kýs sjer sjálf formann, er hefir á hendi reikningsfærsluna og boðar til fundar. Rita ber honum í bók, sem til þess er gerð, alla reikninga félagsins og fundargerðir. Að öðru leyti skifta stjórnarnefndarmenn sjálfir verkum með sjer.

## 5. gr.

Brot á móti samþykkt þessari varða sektum frá 2—20 kr., er renna í sveitarsjóð, ef eigi varðar hærri sekt eftir girðingarlögunum, og er formanni skylt að kæra þau fyrir lögreglustjóra, ef aðrir hafa eigi gert það.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 1. ágúst 1913.**

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*

**91** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Jóns alþingis-  
6. ág. manns Sigurðssonar frá Gautlöndum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 6. ágúst 1913.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Jóns alþingismanns Sigurðssonar  
frá Gautlöndum.

### Inngangur:

Við undirritaðir, sem á sínum tíma gengumst fyrir að safna samskotum til minnisvarða yfir Jón sál. Sigurðsson frá Gautlöndum, er andaðist 26. júní 1889, vörðum fje því, er þannig kom inn til okkar viðsvegar að, til að láta reisa minnisvarða úr steini með ígreyptri marmaraplötu á leiði hans. En afganginn af samskotafjenu settum við þegar á vöxtu, og mun það verða á næsta ári með gjöfum, er síðar hafa bæst við, um 1500 kr.

Allmargir gefendanna tóku það fram, að þeir óskuðu að samskotafjeð gengi eigi einungis til minningar Jóns sál. þar sem hann hvílir, heldur einnig til minningar um hann í Reykjavík eða við alþingi, þar sem hann hefði starfað mest að því að verða þjóðkunnur.

Í anda þessara gefenda, sem við erum fyllilega samdóma, gjörum við eftirfarandi

### Skipulagsskrá.

#### 1. gr.

Sjóðurinn skal heita »Minningarsjóður Jóns alþingismanns Sigurðssonar frá Gautlöndum«.

#### 2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, og vera innborgaður í hann fyrir 26. júnímánaðar 1914.

#### 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Forseti neðri deildar alþingis og 2 menn, er neðri deild kýs til 6 ára í senn.

#### 4. gr.

Sex tíundu hlutum af vöxtum sjóðsins skal varið til verðlauna fyrir hin- ar bestu ritgerðir um búnaðarmál, samvinnumál, stjórnsmál eða framfarir Íslands, sem fram koma í tímaritum eða beint til stjórnarnefndarinnar, og dæmir hún um það, hvaða ritgjörðir eru verðlaunahæfar. Við verðlaunaveitinguna skulu menn af bændastjett sitja fyrir.

## 5. gr.

Verðlaun skulu veitt þá er stjórnarnefnd þykir ástæða til, þó eigi sjaldnar en tvisvar á hverjum tíu árum, og á því tímabili skal veita til verðlauna  $\frac{6}{10}$  hluta vaxtanna, sem fallið hafa á þessum 10 árum. Hinir  $\frac{4}{10}$  hfutar vaxtanna leggjast við höfuðstólinn.

## 6. gr.

Þegar stundir líða — þó eigi innan næstu 50 ára — má neðri deild alþingis breyta til um verðlaunaveitingar úr sjóðnum, eftir því sem kröfur tímans þá kunna að heimta. Þó má aldrei skerða höfuðstólinn, og eigi ganga nær vöxtunum á næstu 100 árum, en að  $\frac{1}{10}$  þeirra leggist árlega við höfuðstólinn.

## 7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu samdir fyrir 2 ár í senn, og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna. Skulu þar nafngreindir þeir menn, sem fengið hafa verðlaun úr sjóðnum, og fyrir hvað þau verðlaun hafa veitt verið.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Gjört að Skútustöðum 8. maímán. 1913.

*Árni Jónsson. Steinþór Björnsson.*

## Auglýsing

92

7. ág.

### um staðfesting stjórnarráðsins á samþykkt um viðauka við 16. gr. lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað 21. nóvbr. 1893.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hjermeð staðfest eftirrituð samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað 21. nóvember 1893, er samið hefir bæjarstjórn þessa kaupstaðar:

Aftan við 16. gr. komi svolatandi viðauki: Geitfje má ekki gæslulaust ganga í landi kaupstaðarins frá 15. maí til 30. september. Eftir fráfarur má ekki hafa kið og gelt geitfje í landi kaupstaðarins.

Ákvæði þetta öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 7. ágúst 1913.

**H. Hafstein.**

*Eggert Briem.*

93  
14. ág.

## Reglugjörð

um breytingar á reglugjörðum fyrir Mýrasýslu um notkun  
afrejtta, fjallskil, rjettir og refaveiðar  
frá 25. júlí 1892 og 3. ágúst 1912.

### 1. gr.

Á eftir orðunum: »alt fjalland Gilsbakkakirkju« í 52. gr. reglugjörðar 25. júlí 1892 komi: og allan afrejtta fyrnefndra hreppa í Borgarfjarðarsýslu að löndum Þverárrjettarafrjettar og Húnvetninga o. s. frv.

### 2. gr.

Á eftir orðinu: »Hvítársíðurjettar« í niðurlagi 1. málsg. 53. gr. reglugjörðar 25. júlí 1892 komi: Einnig Lambatungur, sem nú tilheyrir Þverárrjettarafrjetti, leitast til Þverárrjettar.

Þó getur stjórn Þverárrjettarfjelagsins látið eftir að nefnt land sje leitað til Hvítársíðurjettar.

### 3. gr.

Í stað orðsins: »Þó« í 4. gr. reglugjörðar 3. ágúst 1912 komi: Einnig.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1913.

Í stjórnarráði Íslands, 14. ágúst 1913.

H. Hafstein.

*Jón Hermannsson.*

94  
1. sept.

## Reglugjörð

um breyting á reglugjörð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu um  
eyðing refa, fjallskil, rjettahöld o. fl. frá 21. júní 1906.

### 1. 2. gr.

Byrjunarorð greinarinnar: »Hver hreppsúi, sem á að minsta kosti«, falli burtu.

Í þess stað komi:

Hver sem býr á jörð, sem metin er til dýrleika, sem og þeir, er eiga að minsta kosti . . .

## 2. 4. gr.

94

Orðin: »Eftir að gren finst . . . burtu yrðlinga sína og varast«, falli burtu. 1. sept.  
Í þess stað komi:

Hvort grens skuli gætt eða ekki þangað til skotmaður kemur, ákveður hreppsnefnd í samráði við skotmann, en varast skal . . .

## 3. 7. gr.

Greinin orðist þannig:

Skotmaður kostar flutning sinn á gren og af, en fær í daglaun kr. 2,50 fyrir hvern sólarhring, sem hann er að heiman við grenvinsluna. Vinni hann annað fullorðna dýrið fær hann 6 kr. að verðlaunum, en 15 kr. vinni hann bæði dýrin, og fyrir hvern yrðling, sem drepinn er á greni greiðist 2 kr. Sama upphæð, 2 kr., greiðist og fyrir hvern yrðling, sem drepinn er utan grens fyrir 1. okt., svo og fyrir tóur, er ekki hafa legið á fje manna, og drepnar eru utan grens á tímabilinu frá 1. maí til 1. okt.

Ef yrðlingar nást eigi út úr greni, skal skotmaður eitra rækilega fyrir þá. Hreppsnefnd leggur til eitrið.

Verðlaun, sem og dagkaup skotmanns greiðist úr sveitarsjóði, enda skal skotmaður færa hreppsnefnd gildar sannanir fyrir því, að hve miklu leyti hann hefir unnið hvert gren. Fyrir að vinna bitvarg utan grens á hvaða tíma sem er, má hreppsnefnd veita alt að 15 kr. verðlaunum úr sveitarsjóði, og fyrir að vinna hrafna og erni, er liggja á fje manna, má hún og veita alt að 5 kr. verðlaun.

## 4. 12. gr.

Aftan við greinina bætist:

Enginn má hafa afeyrt sem fjármark.

## 5. 23. gr.

Byrjun greinarinnar orðist þannig:

Þrennar skulu vera fjalleitir í öllum hreppum sýslufjelagsins, þó er hreppsnefndum Rauðasands-, Patreks-, Tálknafjarðar- og Dalahreppa heimilt að láta þriðju leitir falla niður, ef ástæður eru til. Fyrsti leitardagur . . .

Í staðinn fyrir orðin: »Í Trostansfjarðarrjett á þriðjudag« komi:

Í Dufansdalsrjett á mánudag.

## 6. 24. gr.

Í stað byrjunarorða greinarinnar: »Hver hreppsúi«, komi:

Hver sem býr á jörð, er metin er til dýrleika, svo og hver sá . . .

Aftan við greinina bætist:

Niðurlögn þessari skal hreppsnefnd hafa lokið hálfum mánuði fyrir fyrstu leitir. Þykist einhver verða hart úti í ráðstöfunum hreppsnefndar, getur hann borið sig upp fyrir henni og fært ástæður fyrir málstað sínum ekki síðar en 4 dögum fyrir fyrsta leitardag, og skal þá hreppsnefnd þegar skylt, að taka umkvartanir hans til athugunar og úrskurðar. Þó getur enginn skotið sjer und-

**94** an úrskurði hreppsnefndar með því að skjóta málinu til sýslunefndar. Skylt 1. sept. skal húsbónda hverjum, að annast um fjallskil fyrir heimilisfólk sitt.

7. 29. gr.

Í stað orðanna: »á Suðurhamri«, komi: á Fossá, og á eftir orðinu: »Brjánslæk« bætist inn í: Haga.

Á eftir orðinu: »Kvigyndisfelli«, komi: og Suðureyri.

8. 33. gr.

Í stað orðanna: »og afhent eiganda«, komi: á heimili eiganda.

Aftan við greinina bætist:

Hreppsnefnd getur ákveðið, að maður sje sendur úr rjettarsókn í næstu rjett innan hrepps til þess að hafa eftirlit með drætti og rekstri á fje því, sem þar kann að vera úr hlutaðeigandi rjettarsókn, og skal starf þetta teljast með fjallskilum.

9. 35. gr.

Orðin: »til miðvikudags í 23. viku sumars«, falli burtu.

10. 36. gr.

Orðin: »innan 14 daga«, falli burtu.

Í staðinn fyrir: »miðvikudaginn í 25. viku sumars«, komi:

Þriðjudaginn í 25. viku sumars.

11. 40. gr.

Byrjun greinarinnar orðist þannig:

Áliti hreppsnefnd í einhverjum hreppi nauðsyn á að senda á hausti í næstu sýslur til að leita eftir fje manna, er henni heimilt að kveðja menn til fararinnar. Kostnaðurinn við sendiförina . . .

12. 41. gr.

Orðin: »Björgunarlaun . . . hreppsnefndar«, falli burtu.

Í þess stað komi:

Björgunarlaun greiðast úr viðkomandi sveitarsjóði, ef björgunartilraun verður árangurslaus, ella greiði fjáreigendur kostnaðinn.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890, og nr. 36, 24. nóv. 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. nóvember 1913.

**Í stjórnarráði Íslands, 1. september 1913.**

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Gjafasjóð til fátækra barna, sem ganga í barnaskóla Akureyrar«, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 2. september 1913. **95** 2. sept.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir „Gjafasjóð til fátækra barna, sem ganga í barnaskóla Akureyrar“.

### 1. gr.

Sjóðurinn, sem er stofnaður af gjöf kaupmanns Chr. Johnason, heitir »Gjafasjóður til fátækra barna, sem ganga í barnaskóla Akureyrar«.

### 2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 3000 — þrjú þúsund — krónur í veðdeildarbrjefum Landsbankans. Verði eitthvað af brjefum sjóðsins dregið út til innlausnar, skal jafnan kaupa nýtt í staðinn. Vinnist sjóðnum fje við breytinguna, skal það lagt við höfuðstólinn og ávaxtað í sparisjóði, þangað til það nægir til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef. Leggist veðdeildir Landsbankans niður, skal stjórnandi sjóðsins kaupa jafntrygg verðbrjef. Á sama hátt skal ávaxta afgangsvexti, sbr. 3. gr.

### 3. gr.

Af hvers líðandi árs vöxtum, sem falla í gjalddaga 2. janúar og 1. júlí, skal verja 120 krónum til fatnaðar og klæða handa 4 fátækustu börnum, sem eiga heima á Akureyri og ganga í barnaskóla Akureyrar, 30 kr. til hvers. Af gangur vaxtanna leggist við höfuðstólinn.

### 4. gr.

Pegar sjóðurinn er orðinn 4000 krónur, skal fimta barnið fá 30 kr. styrk til fatnaðar og klæða, og jafnan skal bæta einu barni við, er sjóðurinn hefir vaxið um fullar þúsund krónur.

### 5. gr.

Sóknarpresturinn á Akureyri og forstöðumaður (kona) barnaskólans þar, skulu árlega fyrir jól úthluta styrknum, og annast um útvegum og afhendingu fatnaðarins; þeir ákveða einnig í samráði við foreldra eða forráðamenn barnanna, hvaða plögg hverju barni skuli hlotnast. Það eitt er skilyrði fyrir styrknum, auk fátæktar sem fyr segir, að börnin sjeu komin af heiðarlegum foreldrum.



95

6. gr.

2. sept.

Meðan landritari Klemens Jónsson er á lífi, skal hann hafa yfirstjórn sjóðsins á hendi, þ. e. geyma verðbrjefin, annast um afhendingu vaxtanna í tæka tíð, semja árlegan reikning sjóðsins og annast um birting hans á þann hátt, sem hann telur við eiga o. s. frv. Að honum látnum skal bæjarfógetinn á Akureyri hafa yfirstjórn sjóðsins á hendi.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 21. ágúst 1913.

*Chr. Johnason.*

## Samþykt

96

19. sept.

**um viðhald fyrirhleðslunnar fyrir Markarfljót hjá Seljalandi.**

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir, samkvæmt lögum 20. desbr. 1901, um samþyktir til varnar skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar og um skurði, samið og hjeraðsfundur fallist á eftirfarandi

### samþykt

um viðhald fyrirhleðslunnar fyrir Markarfljót hjá Seljalandi.

1. gr.

Hreppsnefndin í Vestur-Eyjafjallahreppi hefir á hendi umsjón og eftirlit á árlegu viðhaldi fyrirhleðslunnar. Skulu til árlegs viðhaldskostnaðar teljast þær skemdir á henni, sem kosta 150 kr. eða minna. En kostnaður, er meiru nemur, skal teljast til endurbyggingar.

2. gr.

Hver, sem verður var við, að skemdir hafi orðið á fyrirhleðslunni, skal tafarlaust tilkynna það oddvita hreppsnefndarinnar. Skal hann þá kveðja hreppsnefndarmennina til ráða með sjer um það, hvort mögulegt sje að gjöra þá þegar við skemdirnar og á hvern hátt.

## 3. gr.

96

19. sept.

Allar viðhaldsgjörðir skal hreppsnefndin láta framkvæma svo fljótt sem kostur er á. Skal hún ráða verkstjóra og útvega áhöld og menn til verksins.

## 4. gr.

Kostnað þann, sem af viðhaldinu leiðir, leggur hreppsnefndin fram úr hreppssjóði, en fær hann endurgreiddan að hálfu leyti frá ábúendum jarða þeirra, er lágu undir skemdum af Markarfljóti áður en fyrirhleðslan var gjörð: Seljalands, Seljalandssels með Hjáleigusöndum, Fitjar, Fitjarmýrar, Efri-Rota, Syðri-Rota, Helgusanda, Fornusanda, Nýjabæjar, Lambhúshóls með Lambhúshólskoti, Vestur-Holts, Efra-Holts, Syðri-Kvíhólma, Efri-Kvíhólma, Syðri-Hóls, Efri-Hóls, Rimahúsa, Sauðhúsvallar, Hvamms, Núps, Holts með hjáleigum og Varmahlíðar.

## 5. gr.

Þeim hluta hins árlega viðhaldskostnaðar, sem ábúendum ber að greiða, skal hreppsnefndin fyrir það fardagaár, sem þá er liðið, á niðurjöfnunarfundi jafna niður á þá, eftir þeim hagnaði, er hún telur hinar einstöku jarðir hafa orðið aðnjótandi af fyrirhleðslunni.

Niðurjöfnunin skal liggja frammi til sýnis á sama stað og jafn lengi og niðurjöfnunarskrá aukaútsvaranna í hreppnum.

Aðfinningar við niðurjöfnunina skulu vera komnar til hreppsnefndarinnar innan sama tímatakmarks og kærur yfir sveitarútsvörum, og gilda um slíkar aðfinningar allar sömu ákvarðanir og reglur og um vanalegar útsvarskærur.

## 6. gr.

Hinn niðurjafnaða kostnað skal greiða hreppsnefndinni 31. desember eftir að niðurjöfnun hefir verið gjörð.

## 7. gr.

Þegar endurbyggingar samkvæmt álitum hreppsnefndar þarf með, hvort heldur hún er fólgin í endurbót á skemdum eða því að framlengja, hækka eða þykkja fyrirhleðsluna, skal hreppsnefndin svo fljótt sem því verður við komið tilkynna það hinum öðrum hlutaðeigendum: Stjórnarráði Íslands, Búnaðarfjelagi Íslands, sýslunefndinni í Rangárvallasýslu og eigendum jarðanna.

## 8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum frá 5—100 kr., sem renna í sýslusjóð.

## 9. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu rekin sem opinber lögreglumál.

**96** Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birt til 19. sept. eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**I stjórnarráði Íslands, 19. september 1913.**

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*

**97**  
29. sept.

## **Auglýsing**

**um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Hrófbergshrepp í Strandasýslu.**

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Hrófbergshrepp í Strandasýslu:

### **Heilbrigðissamþykkt**

fyrir Hrófbergshrepp í Strandasýslu.

#### *I. Almenn ákvæði.*

##### 1. gr.

Samþykkt þessi nær yfir Hrófbergshrepp.

##### 2. gr.

Hreppstjóri er formaður nefndarinnar. Auk þess eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefndin kys til þriggja ára, og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum hreppsins, til jafnlangs tíma.

##### 3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn eða hjeraðslæknir óska þess, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári, í maí og október; hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndar-

innar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en þá 29. sept. skal tafarlaust skjóta málinu til sýslumanns til úrskurðar. 97

Hjeraðslæknir og sýslumaður eiga heimtingu á að sitja á fundum nefndarinnar, en ekki hafa þeir atkvæðisrjett. Formaður skal ávalt boða hjeraðslækni fundina í tæka tíð, og sömuleiðis sýslumanni, ef hann dvelur innan takmarka samþyktarinnar. Ritfangakostnað og kostnað er hlýst af fundarhöldum skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi.

#### 4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að þessari samþykkt sje hlýtt í öllum greinum. Skal nefndin að minsta kosti einu sinni á ári rannsaka alt það, er um ræðir í samþykkt þessari, eða miklu þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign. Heimilt er nefndinni að skifta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmanna annar heldur en formaður krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni. Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það, er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt samþykkt þessari, og skal hún skriflega skipa þeim, sem hlut eiga að máli, fyrir um, hvað þeir eiga að gjöra til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef um brot er að ræða gegn samþykktinni.

#### 5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót, eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja það mál fyrir hreppsnefnd og fara fram á að fje sje veitt. Nú hafnar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

### II. Um fráræslu.

#### 6. gr.

Skólp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum að hætta sje á að jarðvegurinn undir húsunum saurgist. Er nefndinni heimilt að skipa fyrir um fráræslu á þann hátt, sem hún telur tryggilegan.

### III. Um vatnsból.

#### 7. gr.

Öll vatnsból skal verja hvers konar óhreinindum; er bannað að láta í þau eða að þeim koma rensl úr skólpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða

**97** peningshúsum, og má ekki í þau láta eða nærri þeim koma neins konar saur-  
 29. sept. indi, sorp, slor eða hræ. Ekki má heldur úr vatnsbólum, sem neysluvatn er tekið úr, þvo hvorki fatnað eða fisk nje ull eða neitt annað það, sem óhreinkar vatnið. Ekki heldur fast hjá vatnsbólum. Sje um straumvatn að ræða, má þó þvo úr því, sje það gert svo langt fyrir neðan, þar sem neysluvatn er tekið, sem heilbrigðisnefnd álitur óhult. Nú stendur fleiri en einn bær við læk eða á, og má þá sá eða þeir bæir, sem neðar standa, ekki nota til neyslu vatn úr þeim læk eða þeirri á. Bannað er að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nærri þeim, eins þótt um straumvatn sje að ræða.

#### 8. gr.

Brunna má ekki hafa nær haugum, forum, salernum eða peningshúsum en svo, að millibilið sje 10 metrar. Nú vill einhver gjöra nýjan brunn eða breyta gömlum, og skal hann tilkynna heilbrigðisnefndinni það, en hún leggur dóm á vatnið, þá er greftri eða borun er lokið, hvort nýtilegt sje, og hefir gætur á að brunnurinn sje gerður sem hjer segir:

Sje brunnurinn boraður og járnleggir settir niður, skal gæta þess, að samkeytin milli leggjana sjeu vatnsheld. Sje brunnur upp hlaðinn skal hlaða hann innan úr grjóti, og steinlima vandlega svo langt að neðan frá og upp eftir, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, þó aldrei skemur en 1 metra. Í stað slíkrar hleðslu má hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal vera eins konar límkendur leir, og skal það lag vera  $\frac{1}{2}$  metri á þykt. Hleðslan skal ná minst  $\frac{1}{4}$  metra upp úr jörðu og út frá brunninum, og skal leggja eða steypa steinkraga, sem sje að minsta kosti 1 metri á breidd, og halli út frá brunnopinun. Yfir brunnopinun skal vera vatnsheldur hlemmur, og skal taka vatn úr brunninum með dælu, en upp úr hlemminum skal ganga strompur með hatti yfir, svo loft komist að vatninu. Þar sem strjálbyggt er og engin óhreinindi í nánd, má heilbrigðisnefnd leyfa að brunnar sjeu gjörðir úr grjóti án steinlíms, og vatnið dregið upp í skjólu. Utan um slíka brunna skulu jafnan vera grindur, er sjeu í minsta lagi 1 metri á hæð.

#### 9. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilnæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós, að vatnið sje skaðvænt, og ekki er unt að gera við brunninn svo að vatnið verði óskaðnæmt, þá skal heilbrigðisnefnd skipa eiganda að moka ofan í brunninn, og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð.

### IV. Um peningshús, hauga og forir.

#### 10. gr.

Búpening má ekki hafa í hibýlum manna nje í nánun sambandi við þau, nema með sjerstöku leyfi heilbrigðisnefndar.

## 11. gr.

97

29. sept.

Ef einhver vill reisa peningshús eða gjöra for, haugsstæði eða haugshús, þá skal hann gjöra heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið, og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir:

Ekkert peningshús má setja nær neysluvatnsbóli en nemi 10 metrum. Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 7 metrum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 10 metrum. Forarveggir skulu jafnan ná 20 cm. eða meira upp frá jörðu, og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svo að örugt sje um að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina. Í kauptúnum getur heilbrigðisnefnd bannað hauga og heimtað að haugshús og forir sjeu lögheld.

## 12. gr.

Ef peningshús, haugsstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, valda miklum óprifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þá eiganda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar á 8 daga fresti undir úrskurð sýslumanns. Sýslumaður skal leita álits hjeraðslæknis og því næst kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má.

V. *Um salerni.*

## 13. gr.

Hvert býli í hreppnum skal hafa salerni, er sett sje á þeim stað, er heilbrigðisnefnd ákveður í hverju einstöku tilfelli. Gólf í salernum skal vera úr steinsteypu eða úr hefluðum og plægðum gólfborðum, og liggi gólfíð hærra en jarðvegur í kring. Hafa skal í salerninu vatnsheldan saurkagga, er nái alveg fast upp undir setu. Ef lögheld for er hjá húsi eða bæ má hafa salerni yfir henni þannig, að saurindin fari jafnóðum í forina, en þá skal vera góð loftræsting í salerninu. Verslanir skulu skyldar að sjá verkafólki sinu fyrir salerni.

## 14. gr.

Í salernum skulu seta og gólf jafnan vera vel hrein, og saurilát tæmd áður en þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja til, hvar láta megi saurindi úr salernum.

## 15. gr.

Þar sem vantar salerni eða þau eru ekki samkvæmt 13. gr., þá skal heilbrigðisnefnd heimta að þau sjeu byggð eða þeim breytt, ef hún álitur þörf.

VI. *Um sorp og önnur óhreinindi.*

## 16. gr.

Sorphaugar eða sorpgryfjur skulu ekki vera nær íbúðarhúsi en nemi 3

**97** metrum og ekki nær vatnsbólum en nemi 10 metrum. Flytja skal burtu alt  
29. sept. sorpið, að minsta kosti tvisvar á ári, vor og haust. Ef hús standa þjett saman getur heilbrigðisnefnd heimtað að sorpi og ösku sje safnað í laus ilát úr málmni og flutt í burtu áður en ilátin fyllast.

## 17. gr.

Það er skylda sjómanna að kasta öllu slori í sjóinn svo að út taki, ef því ekki er safnað í gryfju á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir. Formenn bera ábyrgð á því að þessu ákvæði sje hlýtt.

## 18. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kringum hús manna svo að fýluloft eða daunilt rennli fer út á alfaraveg eða inn á eignir þeirra, sem næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað húsráðanda þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja burt óhreinindin tafarlaust. Bannað er að gori og innýflum úr pestarkindum og öðrum sjálfdaudum skepnum sje fleygt kringum bæi eða fjenaðarhús, skal það brent eða grafið í jörð niður þar sem það finst, svo að hundar nái eigi til.

*VII. Um matvöru.*

## 19. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem svikin er eða skemd eða skaðleg fyrir heilsu manna. Nefndinni skal vera frjálst, með samþykki hreppsnefndar, að taka í búðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, er hún telur líkur til að svikin sje, skemd eða skaðleg fyrir heilsu manna og láta rannsaka hana. Nú er það bersýnilegt eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis eða annara manna, er vit hafa á, að matvara er ekki nýtileg til manneldis, og skal þá heilbrigðisnefnd banna þeim, er vöruna hefir á boðstólum, að selja hana til manneldis, og með auglýsingu vara almenn- ing við að kaupa til manneldis hina skemdu vöru. Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdaudum má ekki nota til manneldis, nema hjeraðslæknir eða dýra- læknir leyfi.

*VIII. Um íbúðarhús.*

## 20. gr.

Öll þau hús og bæir, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gjörð, að unt sje að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi, og trjególf í öllum íverustofum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda að ræstað sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin álitur húsbúum hættu búna.

## 21. gr.

97  
29. sept.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal þá tilkynna húsleigjanda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma svo að nefndinni líki. Þó er húsleigjanda frjálst á 8 daga fresti að skjóta skipan nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álots hjeradslæknis og því næst leggja úrskurð á málið svo fjótt sem verða ná.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar.

Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hjer eftir, má ekki hafa kjallara svo gjörða að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

IX. *Um skóla.*

## 22. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá, er tekur til kenslu 6 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætlar að kenna.

## 23. gr.

Hver kenslustofa skal vera svo stór að 80 rúmfet komi á hvert barn í minsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum, og gólf skal þvo á degi hverjum, en ekki sópa.

## 24. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður í skóla vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún þegar tilkynna hjeradslækni nöfn og heimili þeirra, sem sjúkir eru.

Ef skólabarn eða kennari hefir berklasótt, og læknir álitur að um sótt-næmishættu sje að ræða, þá skal heilbrigðisnefnd bauna að barnið eða kennarinn komi í skólann, þar til að sótt-næmishættan að dómi læknis er um garð gengin.

X. *Um næma sjúkdóma.*

## 25. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómum, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeradslækni við sóttvörnina. Ef upp kemur alvarlegur



**97** næmur sjúkdómur á því svæði, er samþykktin nær yfir, eða í nálægum sveitum, 29. sept. þá er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við hjeraðslækni að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

#### *XI. Um slátrun.*

26. gr.

Slátrun skal fara fram á hreinlegum afviknum stað. Þrifa skal slátrunar-svæðið daglega; að kveldi hvers dags koma til sjávar eða í safngryfjur: gori, saur og öðrum úrgangi, er fram kemur við slátrunina, þó skal á blóðvelli hafa sjerstakt ílát, sem allir sullir og sollin líffæri sjeu látin í, og skal að kveldi hvers dags, brenna alt úr því íláti eða grafa minst einn metra í jörð niður, þannig að sjór ekki geti brotið upp gryfjuna. Til þæklunar á kjöt, má ekki nota annað vatn, en úr neysluvatnsbólum, nema í samráði við heilbrigðisnefnd, og þá eftir tillögum hjeraðslæknis.

#### *XII. Um fundarhús, verslunarbúðir o. fl.*

27. gr.

Sölubúðir, fundarhús og hús, sem notuð eru fyrir samkomur, skulu þvegin hátt og lágt að minsta kosti einu sinni á ári, og gólf í sölubúðum skulu þvegin tvisvar í viku, en í öðrum samkomuhúsum í hvert skifti eftir að þau hafa verið notuð. Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með, að í slíkum húsum sjeu nægilega mörg hrákailát og þau hreinsuð á hverjum degi.

#### *XIII. Um kirkjugarða.*

28. gr.

Ef gjöra skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent að vatn komi nokkurn tíma upp í grafirnar.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugörðum á jafnsljettu, eða undan brekku, en nemi 75 m. Grafa skal svo djúpt að minst  $1\frac{1}{4}$  m. moldarlags sje ofan á kistu.

#### *XIV. Um sektir o. fl.*

29. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á settum

fresti nokkra fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt, er rennur í sveitarsjóð. **97**  
29. sept.

Ef heilbrigðisnefnd kys heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er.

30. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. nóvember 1913.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

**Í stjórnarráði Íslands, 29. september 1913.**

Í fjarveru ráðherra.

**Kl. Jónsson.**

*Eggert Briem.*

## Reglugjörð

**98**  
29. sept.

**um viðauka við reglugjörð fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík frá 29. ágúst 1912 og við prófreglugjörð fyrir sama skóla frá 22. mars 1913.**

Til þess að geta fengið inntöku í stýrimannaskólann og til þess að geta fengið leyfi til að taka stýrimannapróf — hið meira eða minna — við skólann, verður sjón hlutaðeiganda að vera minst þessi:

Á öðru auga minsta sjón  $\frac{6}{9}$ .

A hinu auga — —  $\frac{6}{24}$ .

Ennfremur verður umsækjandi að geta greint grænt ljós frá rauðu í 6 metra fjarlægð frá Gräfes Fotometer með 3. m. m. ljósopi.

Vottorð um skarpleika sjónarinnar skal útgefið af augnlækninum í Reykjavík.

**Í stjórnarráði Íslands, 29. sept. 1913.**

Í fjarveru ráðherra

**Kl. Jónsson.**

*Eggert Briem.*

**99** Staðfesting konuogs á skipulagsskrá »Ekknasjóðs Stokkseyrarhrepps«, 29. sept. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 29. september 1913. Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

### fyrir Ekknasjóð Stokkseyrarhrepps.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir »Ekknasjóður Stokkseyrarhrepps«.

#### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja ekkjur og eftirlátin börn sjóðstyrkjenda, það er: þeirra manna í Stokkseyrarhreppi, sem greitt hafa að minsta kosti í 3 ár fast árstíllag til sjóðsins.

#### 3. gr.

Fjelagsmenn eða sjóðstyrkjendur með föstu árstíllagi geta þeir einir verið, er lögheimili eiga í Stokkseyrarhreppi.

#### 4. gr.

Árstíllagið er 2 krónur, er skal greitt fyrir 10. maí ár hvert; borgi einhver meira en 2 kr. á einu og sama ári, skal það skoðað sem gjöf til sjóðsins.

#### 5. gr.

Innan nóvemberloka ár hvert skiftir stjórn sjóðsins alt að hálfu árstíllagi sjóðstyrkjenda, ásamt hálfum vöxtum af höfuðstól sjóðsins næsta ár á undan, milli ekkna þeirra og barna, er rjett eiga til styrks samkvæmt 6. gr. Þó má ekki veita neinni einstakri ekkju eða einstöku barni meira en 50 króna styrk á ári.

#### 6. gr.

Ekkjur sjóðstyrkjenda njóta allar jafnt styrks úr sjóðnum, svo lengi sem þær lifa, nema þær giftist aftur eða flytji burt úr Stokkseyrarhreppi. Lifi sjóðstyrkjandi konu sína, en láti eftir sig ófulltiða börn, þegar hann sjálfur fellur frá, fellur styrkur sá, er konu hans hefði getað borið, til barna hans, skiftist styrkurinn jafnt milli barnanna, ef fleiri eru. En sje aðeins um eitt barn að ræða, fær það styrkinn óskiftan. Rjett þann til styrks úr sjóðnum, sem hjer ræðir um, öðlast börn einnig að móður þeirra látinni, þó hún hafi lifað mann sinn, þó ekki lengur en til 14 ára aldurs.

#### 7. gr.

Nú giftist ekkja, og fellur sjóðstyrkur hennar og barna hennar þá strax í burtu fyrir fult og alt.

## 8. gr.

99

29. sept.

Nú hættir sjóðstyrkjandi að borga árstíllag sitt; hefir hann þá þegar fyrir-gjört rjetti ekkju sinnar og barna til að njóta styrks úr sjóðnum; þó á hann kost á að öðlast þann rjett aftur, ef hann borgar áfallið árstíllag og 1 krónu í viðbót fyrir næsta árs gjalddaga.

## 9. gr.

Flytji ekkja sjóðstyrkjanda burt úr Stokkseyrarhreppi, þá á hún tilkall til að fá endurgoldna þá upphæð, sem maður hennar hefir lagt til sjóðsins, að frádregnum styrk þeim, er hún kann að hafa notið. Sama gildir um börn.

## 10. gr.

Nú byrjar maður yfir fimtugt, sem er giftur svo ungri konu, að milli þeirra er fullra 20 ára aldursmunur, að leggja í sjóðinn, og nýtur þá ekkja hans aðeins 5 ára styrks úr sjóðnum.

## 11. gr.

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir rjett til að taka styrk úr sjóðnum til lúkningar skulda búsins, nje skerða styrkinn að nokkru.

## 12. gr.

Fje ekknasjóðsins skal ávaxtað í sparissjóði Árnessýslu. Þó hefir stjórn sjóðsins í heild sinni ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum.

## 13. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum, einn af þeim er hreppsnefndar-oddviti Stokkseyrarhrepps, en hina 4 kjósa sjóðstyrkjendur; skal á hverjum aðalfundi kjósa til tvo menn til tveggja ára. Ennfremur skal á hverjum aðalfundi kjósa einn mann til vara, er kemur í stað oddvitans, ef hann skyldi skorast undan að vera í stjórninni, eða hvers annars af stjórnendunum, er kynni frá að falla eða flytja í burtu. Endurkosning getur átt sjer stað. Stjórn sjóðsins skiftir svo verkum með sjer, að einn er formaður, og hefir hann yfirumsjón með mál-efnum sjóðsins milli funda, annar er fjehirðir, er tekur á móti tillögum til sjóðs-ins, borgar út styrki eftir ávísun formanns og hefir á hendi reikninga sjóðsins, og hinn þriðji er skrifari. Borgun fá stjórnendur enga fyrir starfa sinn. Á aðalfundi skal einnig kjósa 2 endurskoðunarmenn til næsta árs.

## 14. gr.

Aðalfundur sjóðsins skal haldinn fyrsta virkan dag í janúarmánuði ár hvert, á þeim stað og tíma, sem formaður ákveður. Aukafund kallar formaður saman, ef þörf krefur. Á fundum hefir hver sjóðstyrkjandi atkvæðisrjett. Fundir eru því aðeins lögmatir, að helmingur sjóðstyrkjenda sjeu á fundi.

99

19. sept.

15. gr.

Á aðalfundi skulu rædd málefni sjóðsins, þá skal og framlagður til úrskurðar reikningur sjóðsins fyrir liðið ár, endurskoðaður.

16. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema á löglega boðuðum aðalfundi. Komi fram uppástunga um að henni verði breytt, skal, ef slíkri uppástungu þykir gaumur gefandi, á aðalfundi eða aukafundi kjósa 5 manna nefnd til að ihuga breytingar á skipulagsskránni, og skulu tillögur slíkrar nefndar vera fjelagsmönnum til sýnis á þeim stað, er stjórn sjóðsins auglýsir, að minsta kosti í 14 daga á undan næsta aðalfundi.

Breytingar á skipulagsskrá þessari eru því aðeins lögmætar, að  $\frac{2}{3}$  allra sjóðstýrkjenda greiði atkvæði með þeim.

17. gr.

Alt hið sama, sem getur um í skipulagsskrá þessari viðvikjandi giftum persónum, gildir einnig um ógiftar persónur, sem saman búa.

18. gr.

Fari svo, að sjóðstýrkjandi falli frá á 3ja ára tímabilinu, sem getur um í 2. grein, má veita hans eftirlátum rjettindi þau, sem getur um í skipulagsskrá þessari, þó ekki fyr en að fyrnefndum þremur árum liðnum.

Stokkseyri, 4. febrúar 1908.

*Jón Sturlaugsson.*

*Jón Sigurðsson.*

*Jón Adolfsson.*

*Helgi Jónsson.*

*Sigurður Magnússon.*

## Reikningur

yfir tekjur gjöld váttryggingarsjóðs sjómanna fyrir árið 1912.

## Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:				
a. Bankavaxtabrjef . . . . .	kr.	9500 00		
b. Í sparisjóðsbók nr. 9966 . . . . .	—	2943 02		
c. Í sparisjóðsbók nr. 3763 . . . . .	—	15793 88	kr.	28236 90
2. Lífsábyrgðargjöld 1912 . . . . .	—			20377 24
3. Vextir:				
a. Af bankavaxtabrjefum pr. $\frac{2}{1}$ og $\frac{1}{7}$ 1912 . . . . .	—	393 75		
b. — sparisjóðsbók nr. 9966 . . . . .	—	625 97		
c. — sparisjóðsbók nr. 5248 . . . . .	—	264 01	—	1283 73
4. Útdregin bankavaxtabrjef pr. $\frac{2}{1}$ 1912. . . . .	—			1500 00
5. Til jafnaðar gjaldið 4 a. . . . .	—			8000 00
	Samtals	kr.		59397 87

## Gjöld:

1. Greiddar váttryggingarupphæðir . . . . .	kr.	15816 00		
2. Kostnaður . . . . .	—	386 60		
3. Keypt bankavaxtabrjef pr. $\frac{1}{7}$ 1912:				
1000 kr. á 98 % . . . . .	kr.	980 00		
5000 — á 94 % . . . . .	—	4700 00		
3500 — á 96 % . . . . .	—	3360 00	—	9040 00
4. Í sjóði við árslok:				
a. Bankavaxtabrjef. . . . .	—	17500 00		
b. Í sparisjóðsbók nr. 9966 . . . . .	—	15626 25		
c. Í sparisjóðsbók nr. 5248. . . . .	—	1029 02	—	34155 27
	Samtals	kr.		59397 87

Reykjavík, 17. janúar 1913.

*Jón Hermannsson.*

## Efnahagsreikningur

Landsbankans 30. júní 1913.

## Eignir:

1. Skuldabryf fyrir lánum:			
a. Fasteignaveðslán . . . . .	kr.	119383	68
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán . . . . .	—	1340201	24
c. Handveðslán . . . . .	—	78511	23
d. Lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfjel. —		54613	06
e. Reikningslán . . . . .	—	736748	48
	kr.	2329457	69
2. Vixlar innlendir og ávísanir . . . . .	—	1776165	88
3. Vixlar og ávísanir til greiðslu erlendis. . . . .	—	281526	60
4. Kgl. rikisskuldabryf . . . . .	—	537000	00
5. Önnur erlend verðbryf . . . . .	—	192437	50
6. Bankavaxtabryf 1. flokks . . . . .	—	273000	00
7. Bankavaxtabryf 2. flokks . . . . .	—	628768	00
8. Bankavaxtabryf 3. flokks . . . . .	—	38208	00
9. Önnur innlend verðbryf . . . . .	—	1540	00
10. Skuldabryf og hlutabryf tilheyrandi varasjóði fyrverandi sparisjóði Reykjavíkur . . . . .	—	7600	00
11. Fasteignir . . . . .	—	117583	46
12. Bankabyggingin með húsbúnaði . . . . .	—	87000	00
13. Útbúið á Akureyri . . . . .	—	396115	89
14. Útbúið á Ísafirði . . . . .	—	448083	85
15. Inneign hjá öðrum bönkum . . . . .	—	207406	17
16. Ýmsir debitorar . . . . .	—	55679	39
17. Peningar í sjóði . . . . .	—	137230	04
	Samtals kr.	7514802	47

## Skuldir:

1. Seðlaskuld bankans við landsjóð . . . . .	kr.	750000	00
2. Bankaskuldabryf . . . . .	—	2000000	00
3. Innstæðufje á hlaupareikningi . . . . .	—	611898	57
4. Innstæðufje í sparisjóði . . . . .	—	2737637	09
5. Innstæðufje gegn viðtökuskírteinum . . . . .	—	275399	24
6. Inneign 1. fl. veðdeildar . . . . .	—	169275	31
7. Inneign 2. fl. veðdeildar . . . . .	—	137434	33
8. Inneign 3. fl. veðdeildar . . . . .	—	10322	21
	Flyt kr.	6691966	75

		Fluttar kr.	6691966 75	<b>101</b>
9. Innheimt fje óútborgað . . . . .	—		6283 02	
10. Akseptkonto . . . . .	—		1155 51	
11. Ýmsir kreditorar . . . . .	—		46 14	
12. Varasjóður fyrverandi sparisjóðs Reykjavíkur . . . . .	—		7722 61	
13. Varasjóður bankans . . . . .	—		744500 56	
14. Tekjur, sem ekki eru lagðar við varasjóð:				
a. Vextir . . . . .	kr. 87166 78			
	÷ 56563 39	kr. 30603 39		
b. Diskonto . . . . .	—	55796 04		
c. Tekjur af rekstri	kr. 19834 69			
fasteigna . . . . .	÷ 18073 18	—	1761 51	
d. Ýmsar tekjur . . . . .	kr. 9425 18			
	÷ 1302 83	—	8122 35	
	Frá þessum samtals	kr. 96283 29		
dregst:				
a. Kostnaður við rekstur bankans . . . . .	kr. 31217 87			
b. Tap og ágóði kr. 5110 00 ÷ 3172 46	—	1937 54		
		33155 41		
		—	63127 88	
		Samtals	kr. 7514802 47	

Landsbanki Íslands.

*Björn Kristjánsson.*      *Björn Sigurðsson.*

Reikning þennan höfum við yfirfarið og borið saman við bækur bankans, og höfum ekkert fundið að athuga.

Reykjavík, 12. ágúst 1913.

*Eggert Briem.*      *Benedikt Sveinsson.*



## Embætti m. m.

25. júlí var hjeraðslækni í Dalahjeraði Sigurði Sigurðssyni, eftir umsókn hans sakir heilsuþrests, allramildilegast veitt lausn í náð frá embætti frá 1. september að telja, með eftirlaunum.

30. júlí skipaði ráðherrann sóknarprest í Reynistaðarklaustursprestakalli prófast Árna Björnsson til að vera sóknarprestur í Garðaprestakalli á Álftanesi frá fardögum 1913 að telja.

6. ágúst setti ráðherrann cand. juris Júlíus Havsteen til þess fyrst um sinn að gegna sýslumannsembættinu í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetaembættinu á Akureyri.

11. sept. skipaði ráðherrann sóknarprest að Útskálum síra Kristinn Daníelsson prófast í Kjalarnesprófastsdæmi.

S. d. skipaði ráðherrann sóknarprest að Odda síra Skúla Skúlason prófast í Rangárvallaprófastsdæmi.

16. sept. skipaði ráðherrann prestinn síra Tryggva Þórhallsson sóknarprest í Hestþingaprestakalli í Borgarfjarðarprófastsdæmi frá fardögum 1913 að telja.

19. sept. setti ráðherrann yfirkennara Geir T. Zoëga til þess fyrst um sinn, frá 1. s. m. að telja, að gegna skólameistarameibættinu við hinn almenna mentaskóla.

S. d. setti ráðherrann 1. kennara við mentaskólann Pálma Pálsson til þess fyrst um sinn, frá 1. október að telja, að gegna yfirkennaraembættinu við skólann.

S. d. setti ráðherrann aukakennara við mentaskólann Böðvar Kristjánsson til þess fyrst um sinn, frá 1. október að telja, að gegna 5. kennaraembættinu við skólann.

S. d. skipaði ráðherrann settan yfirliskimatsmann Magnús J. Kristjánsson yfirliskimatsmann á Akureyri.

26. sept. setti ráðherrann lækniþræðiskandídat Árna Árnason til þess fyrst um sinn, frá 1. s. m. að telja, að gegna hjeraðslæknisembættinu í Dalahjeraði.

## Heiðursmerki.

25. júlí var skólastjóri Stefán Stefánsson á Akureyri allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogsorðunnar.

## Heiðursgjafir.

Af vöxtunum af styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. fyrir árið 1912 hefir ráðherrann veitt þeim Gunnari Pálssyni bónda á Ketilsstöðum í Suður Múlasýslu og Runólfi Runólfssyni bónda í Norðtungu í Mýrasýslu heiðursgjafir, 140 kr. hvorum, fyrir framúrskarandi dugnað í jarðabótum, byggingum og öðru, er að búnaði lýtur.

## Styrkveiting.

Af vöxtunum af styrktarsjóði Friðriks konungs VIII. fyrir árið 1912 hefir ráðherra veitt stjórn Skógræktarstöðvarinnar á Seyðisfirði 225 kr., Lystigarðsfjelagi Akureyrar 100 kr. og Ólafi Dannebrogsmanni Ísleifssyni í Þjórsártúni 125 kr. styrk til skóggæðslu og trjáræktunar.

## Einkarjettur.

30. júlí þóknaðist Hans hátign konunginum að veita verksmiðjufirmanu Badische Anilin & Sodafabrik í Ludwigshafen við Rín á Þýskalandi einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á aðferð til að blanda saman nitrötum.

S. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita verkfræðingi Georges Reynaud í París á Frakklandi einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á aðferð til að framleiða efni, sem líkist togleðri (Kautsjuk).

S. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita vjelasmið Niels Peter Nielsen í Nyköbing á Mors í Danmörku og verkstjóra Jens Ejler Severin Nielsen sama staðar einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á aðferð til að þrýsta saman í sveifarrúmi tvígengisvjala, loftinu, sem inn sogast.

S. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita verksmiðjufirmanu Wetcarbonizing Limited í Westminster í London á Englandi einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á aðferð til að kola (karbonisera) mól.

S. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita sama firma einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á aðferð til að framleiða plötur til eldsneytis (Brændselsbriketter).

S. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita fiskikaupmanni Anton Jensenius Andreas Ottesen í Thisted í Danmörku einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á aðferð til að frysta og kæla vörur, sem hætt er við skemdum.

S. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita verksmiðjufirmanu, hinu norska nitridhlutafjelagi í Kristjanú í Noregi einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á aðferð til að framleiða leirmold með alumíníumsnitridi.

25. ágúst þóknaðist Hans hátign konunginum að veita byggingameistara Wolf Laufer í Krakau í Austurríki einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á aðferð til að steypa steina úr úrgangi ýmsra steintegunda.

## Leiðrjetting.

Á bls. 116 hjer á undan, 15.—16. línu að ofan, hefir misritast: »að í hlut Neshrepps komi  $\frac{15}{100}$  og í hlut Norðfjarðarhrepps  $\frac{85}{100}$ « fyrir: »að í hlut Neshrepps komi  $\frac{85}{100}$  og í hlut Norðfjarðarhrepps  $\frac{15}{100}$ «.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1913.

*Konungsbrjef, um setning alþingis*, undirskrifað af konungi 28. maí 1913 (A nr. 8, bls. 16—17).

*Konungsbrjef, um lenging alþingistímans og um þingsuppsögn*, undirskrifað af konungi 28. maí 1913 (A nr. 9, bls. 18—19).

*Opið brjef, um að Hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku, sje settur ríkisstjóri*, undirskrifað af konungi 26. júlí 1913 (A nr. 10, bls. 20—21).

*Konungleg auglýsing, um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn*, undirskrifuð af konungi 2. ágúst 1913 (A nr. 11, bls. 22—23).

*Lög um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og 1911*, undirskrifuð af konungi 20. október 1913.

*Fjáráukalög fyrir árin 1910 og 1911*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Fjáráukalög fyrir árin 1912 og 1913*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um breyting á lögum nr. 32, 20. október 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um breyting á lögum nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til alþingis*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um breyting á tollögum fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911, 1. gr. 15*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um viðauka við og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi, nr. 44, 30. júlí 1909*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um hagstofu Íslands*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um breyting á lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um lögreglusamþykkt og byggingarsamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um umbod Þjóðjarða, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um bæjanöfn, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um sölu á Þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um breyting á lögum 22. okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um breyting á lögum nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um löggilding verslunarstaða í Karlseyjarvík, við Reykhóla og í Haga-bót í Barðastrandarsýslu, undirskrifuð af konungi s. d.*

**102**      **Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík, um stofnun nýrra pósta-**  
22. okt. **greiðslna.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, hefir stjórnarráðið ákveðið að stofna póstafréiðslur á Bildudal, Flatey, Hólmavík, Hvammstanga, Mjóafirði, Norðfirði og Önundarfirði.

Þetta birtist yður hjermeð til leiðbeiningar og frekari ráðstafana, að því viðbættu, að stjórnarráðið hefir auglýst póstafréiðslumannssýslanirnar á nefndum stöðum lausar.

# Reglugjörð

103  
30. ág.

## um viðauka við almenna reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu frá 6. júlí 1899.

### *Um rekstra og söluþje.*

#### 1. gr. Um rekstramenn.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir menn, vandaðir, duglegir og vel útbúnir. En það ályst nægileg tala, ef 2 menn reka alt að 100 fjár, 3 menn alt að 200 fjár og 4 menn alt að 300 fjár og svo fleiri menn eftir líkri tiltölu, ef fleira þje er rekið í einum rekstri. En ekki mega þeir jafnframt hafa annað á hendi, ef ekki er betur mannað. Ekki mega að jafnaði vera færri en 2 rekstrarmenn, hve fátt sem rekið er. Þó má 1 maður reka, ef ekki eru reknar nema 15 kindur, þó aðeins með samþykki hreppstjóra þess hrepps, sem reksturinn er úr, og þarf sá er rekur að geta sýnt leyfi frá honum ef krafist verður. Þó þarf slíkt samþykki ekki nema rekið sje út yfir Mýrdalssand eða Jökulsá.

#### 2. gr. Um rekstraforingja.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávalt einn vera yfirmaður, er annist um að þessum rekstrarreglum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim er kynnu að kæra; en hann á aftur aðgang að samrekstrar-  
mönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni er brýtur, ef brotið er svo vaxið að það heyri undir almenn hegningarlög.

#### 3. gr. Um rekstrarmark.

Alt þje í sölurekstrum skal vera merkt með ákveðnu rekstrarmarki, er sje glögg og svo traust að það ekki máist af þótt votviðri gangi.

#### 4. gr. Um áningu og áfanga.

Reka skal hægt og gætilega, ægja nógu oft og hafa áfanga eigi of langa.

#### 5. gr. Um vörn við því að tjón verði af rekstrum.

Svo skal rekstrum haga, að sem minstur bagi verði að, þeim er þau lönd eiga, sem um er rekið. Varast skal að rekstrum lendi saman við annað þje, ef hjá því verður komist. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja til muna, nema brýna nauðsyn beri til að ná í áfanga. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyr en markljóst er orðið.

## 103

30. ág.

## 6. gr. Um rannsókn á rekstrum.

Nú ber svo við, að öðru fje lendir saman við rekstur. Skal þá stöðva reksturinn, ef á ferð er, en ella halda kyrru fyrir og eigi leggja aftur af stað með hann, ef í byggð er, fyr en búíð er að rannsaka hann af 2 tilkvöddum skilrikum mönnum. Getur enginn skorast undan slíkri rannsókn, er til þess er fær, og ber að gjöra það ókeypis, ef það ekki tekur upp yfir 2 klukkustundir. Ella ber rekstrarmönnum að greiða þóknun fyrir eftir úrskurði sýslumanns, ef á greinir. En aðgang eiga rekstrarmenn með þá borgun að eigendum fjárins, ef þeim hefir ekki sjálfum verið um að kenna. Á sama hátt skal rannsaka alla fjárrekstra áður en þeir fara út yfir Jökulsá.

## 7. gr. Um talning á rekstrum.

Telja skal fjeð í rekstrunum á morgnana þegar á stað er farið og hvenær sem viðstaða verður, svo að fjeð dreifi sjer nokkuð til muna. Vanti þá fje í reksturinn, skal gjöra aðvart um það á næsta bæ, sem að er komið, og biðja fyrir það sem vanta kann. En ef fleira fje er komið í reksturinn en honum á að fylgja, skal á næsta bæ, sem í leið er, rjetta reksturinn og skilja það frá, sem að hefir komið, og sjá til að það komist í áthaga sina eigendum að skaðlausu.

## 8. gr. Um fjártöku í almenningsrjett.

Hver sá, sem fje tekur í almenningsrjett, skal hafa markglöggan mann, sem athugi markið á fjenu um leið og það er merkt rekstrarmarkinu.

## 9. gr. Almenn ákvæði.

Verði einhver sannur að því, að hafa tekið fje annara til reksturs heimildarlaust, skal hann bæta það eigendum að fullu eftir samkomulagi, eða eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður tilnefnir, ef með þarf. Sannist það að slíkt hafi verið gjört í skeytingarleysi, varðar það þar að auki sektum 1—15 kr. fyrir hverja kind, sem þannig er tekin, er gangi í sveitarsjóð þess hrepps, er land á þar, sem brotið er framið, nema því að eins, að brotið heyri undir almenn hegningarlög.

## 10. gr.

Brot gegn reglum þessum, þar sem ekki er annað sjerstaklega ákveðið, heyra undir 39. gr. almennrar reglugjörðar, um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu, er staðfest er af amtsráði Suðuramtsins 6. júlí 1899.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur Skaftafellssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 15. september 1913.

**Í stjórnarráði Íslands, 30. ágúst 1913.**

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*

**Reikningur****104**

yfir tekjur og gjöld »Framfarasjóðs Jóns prófests Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs« fyrir árið 1912.

## T e k j u r :

1. Í sjóði við árslok 1911: í Söfnunarsjóði . . . . .	kr.	1421 95
2. Vextir 1911 . . . . .	—	64 66
	Kr.	1486 61

## G j ö l d :

1. Veittur styrkur til vagnkaupa 2 bændum: Guðmundi Dan- ielssyni í Nýjabæ og Gísla Þórðarsyni á Litla-Ármóti, 25 kr. hvorum . . . . .	kr.	50 00
2. Í sjóði við árslok 1912: í Söfnunarsjóði . . . . .	—	1436 61
	Kr.	1486 61

Skrifstofu Árnassýslu, 14. mars 1913.

*Sigurður Ólafsson.*

**Reikningur****105**

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs druknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu árið 1912.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun: í Söfnunarsjóði . . . . .	kr.	3494 09
2. Tekjur á árinu 1912:		
a. Leigur af Bjarteyjarsandi 1912, 40 pd. smjörs á 0.68 . . . . .	kr.	27 20
b. Landsskuld af sömu jörð 1911—12 . . . . .	—	25 00
c. Vextir í Söfnunarsjóði . . . . .	—	154 60
	kr.	206 80
	Kr.	3700 89



## 105

## Gjöld:

1. Úthlutað á árinu 1912:			
Ekkju Gróu Sigurðardóttur . . . . .	kr.	35 00	
— Oddrúnu Jónsdóttur . . . . .	—	50 00	
— Sigríði Sigurðardóttur . . . . .	—	25 00	
		<hr/>	kr. 110 00
2. Brunabótagjald af bæjarhúsum á Bjarneyjarsandi 1909, 1910 og 1911 á 0.50 . . . . .		—	1 50
3. Sjóður við árslok:			
a. Í Söfnunarsjóði . . . . .	kr.	3489 39	
b. - peningum . . . . .	—	100 00	
		<hr/>	kr. 3589 39
			<hr/> Kr. 3700 89

Í stjórn Ekknasjóðs druknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu.

Akranesi, 13. júní 1913.

*Sigurður Þórðarson. Jón Sveinsson. Jóhann Björnsson. Oddg. Ottesen.*

*Böðvar Þorvaldsson.*

## 106

## Reikningur

sjóðs Margrjetar Lehmann-Filhés fyrir árið 1912.

## Tekjur:

1. Stofnfje meðtekið frá prófessor Þorvaldi Thoroddsen . . . . .	kr.	5000 00	
2. Vextir 1912:			
a. Í innlánsbók . . . . .	kr.	56 22	
b. Í Söfnunarsjóði . . . . .	—	101 50	
		<hr/>	— 157 72
			kr. 5157 72

Gjöld:		106
1. Keypt viðskiftabók við Söfnunarsjóð . . . . .	kr.	1 00
2. Eftirstöðvar við árslok:		
A. Stofnfje (að viðlögðum $\frac{1}{4}$ vaxta):		
1. Í Söfnunarsjóði . . . . .	kr. 5025 38	
2. Í innlánsviðskiftabók Íslandsbanka . . . . .	— 14 06	
	—	5039 44
B. Starfsfje:		
Í innlánsviðskiftabók Íslandsbanka . . . . .	—	117 28
	kr.	5157 72

Reykjavík, 12. mars 1913.

*Sigurður Kristjánsson*  
p. t. gjaldkeri.

Reikning þennan hefi eg athugað og hefi ekkert út á hann að setja.

Reykjavík, 12. júní 1913.

*Hannes Þorsteinsson.*

Sömuleiðis.

Reykjavík, 28. júní 1913.

*Kl. Jónsson.*

## Reikningur

Minningarsjóðs Sighvatar Árnasonar 1911.

Eign í aðaldeild Söfnunarsjóðsins við árslok 1910 . . . . .	kr.	68 86
Vextir 1911 lagðir við höfuðstól. . . . .	—	3 12
Á vöxtum í Söfnunarsjóði í árslok 1911. . . . .	kr.	71 98

Skrifstofu Rangárvallasýslu, 12 apríl 1913.

F. h. s. Rv. s.

*Björgvin Vigfússon.*

Þannig samþykktur af sýslunefnd Rangárvallasýslu á aðalfundi 1913.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1913.

*Opíð bjef, um að alþingi sem nú er skuli leyst upp*, undirskrifað af konungi 20. október 1913 (A nr. 12, bls. 24—25).

*Opíð brjef, um nýjar kosningar til alþingis*, undirskrifað af konungi s. d. (A nr. 13, bls. 26—27).

*Fjárlög fyrir árin 1914 og 1915*, undirskrifuð af konungi 10. nóvember 1913.

*Lög um mannanöfn*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um mannskadaskýrslur og rammsókn á fundnum líkum*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Landskiftalög*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um forðagæslu*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um bjarggráðasjóð Íslands*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um sauðfjárbaðanir*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Víðaukalög við lög nr. 24, 9. júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um breyting á og víðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbyggju*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankabvaxtabryjefa*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um strandferðir*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveidum í landhelgi*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um stofnun Landhelgissjóðs Íslands*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um samþyktir um herpinótaveidi á Eyjafirði og Skagafirði*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um heimild til að veita einkarjett til þess að vinna salt o. fl. úr sjó*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um friðun æðarfugla*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um friðun fugla og eggja*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar*, undirskrifuð af konungi s. d.

*Lög um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907*, undirskrifuð af konungi s. d.

**108** Brjef stjórnarráðsins til borgarstjórans í Reykjavík um endurgjald á veittum  
23. okt. sveitarstyrk.

Þjer hafið, herra borgarstjóri, áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 1. apríl þ. á., sem ákveður, að Leirár- og Melahreppur í Borgarfjarðarsýslu eigi að vera laus við að endurgjalda Reykjavíkurkaupstað sveitarstyrk, veittan Helgu nokkurri Jónsdóttur, sem er viðurkend sveitlæg í tjeðum hreppi.

Hinn 7. mars 1910 var tjeð Helga lögð á Landakotsspítala og tók fátækra-nefnd Reykjavíkurkaupstaðar ábyrgð á legukostnaði hennar, en þjer skýrið svo frá, að stúlkan hafi verið svo sjúk, er hún var lögð á sjúkrahúsið, að æfiferilsskýrsla hafi ekki orðið af henni tekin. Var hún á spítalanum til 29. apríl nefnt ár, og nam spítalakostnaðurinn 58 kr. 50 au Ennfremur greiddi Reykjavíkurkaupstaður til framfærslu óskilgetins barns hennar og Vilhjálms nokkurs Brands-sonar 20 kr. Það er viðurkent af hreppsnefndaroddvita Leirár- og Melahrepps, að þjer vorið 1911 hafið átt tal við hann um styrk þenna, og hafi hann þá vísað yður á að krefjast endurborgunar á honum hjá þeim Helgu og Vilhjálmi, og myndu þau geta endurgreitt hann, en þá voru þau komin austur í Mýrdal. Virð-ist þjer þá hafa skrifað sýslumanninum í Skaftafellssýslu og beðið hann að gjöra ráðstafanir til endurgreiðslu styrksins af hálfu þeirra Helgu og Vilhjálms, en hann ritar yður aftur og kveður þau eignalaus, og ófær til að endurgreiða styrk-inn. Með brjefi 9. ágúst 1911 tilkynnið þjer svo sýslumanninum í Mýra- og Borg-arfjarðarsýslu nefnda styrkveiting og biðjið hann að innheimta  $\frac{2}{3}$  hennar. Hrepps-nefnd Leirár- og Melahrepps neitar þá að endurgreiða, vegna þess, að styrkveit-ingin sje alt of seint tilkynt, og sýslumaður úrskurðar, eins og fyr segir, að hún skuli laus við endurgreiðslu, aðallega fyrir þá sök, að vanrækt hafi verið að taka æfiferilsskýrslu af Helgu.

Það liggja nú engar sannanir fyrir um það, að stúlkan hafi verið svo veik, er hún var lögð á sjúkrahúsið, að skýrsla yrði ekki af henni tekin, og ekki einu sinni tilgreint af hvaða sjúkdómi hún hafi þjáðst, en þó svo hefði verið, þá átti auðvitað að taka skýrsluna, er hún fór að frískast, en í stað þess er hún látin fara af spítalanum og úr Reykjavík, án þess skýrsla sje af henni tekin. Það eru heldur ekki færðar neinar lögmætar ástæður fyrir þeim drætti, að styrkveit-ingin er ekki tilkynt fyr en fyrst munnlega vorið 1911, sem ekki getur talist gilt samkvæmt fátækralögunum, og síðan skriflega 9. ágúst s. á. Fyrir vanrækslu þá, er þannig hefir átt sjer stað, verður að fallast á úrskurð sýslumannsins um að framfærslusveitinni sje ekki skylt að endurgreiða styrkinn.

**Því úrskurðast:**

Leirár- og Melahreppur á að vera laus við að endurgreiða Reykjavíkurkaupstað framangreindan fátækrastryrk til Helgu Jónsdóttur.

Þetta birtist yður hjermeð til leiðbeiningar og birtingar fyrir fátækra-nefndinni.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um sveitfesti þurfalings.** **109**  
23. okt.

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 28. mars þ. á., sem ákveður, að Skilmannahreppur í Borgarfjarðarsýslu skuli vera laus við að endurgjalda Reykjavíkurkaupstað sveitarstyrkveittan Guðlínu nokkurri Helgadóttur.

Málavextir eru þessir:

Guðlín þessi bjó í Reykjavík með Guðvarði nokkrum Vigfússyni, voru þau ógift og áttu samau 7 börn í ómegð, er hjá þeim voru. Vorið 1912 veiktist maðurinn, og varð heimili þeirra bjargþrota og leituðu þau þá sveitarstyrks. Var æfiferilsskýrsla þeirra beggja, Guðvarðar og Guðlínar, tekin af bæjarfógetanum í Reykjavík 18. júní f. á., og daginn eftir er heimilinu veittur 40 kr. fátækrastrykur, en hann er talinn veittur Guðvarði einum, og krafði borgarstjóri framfærsluhrepp hans, Villingaholtshrepp í Árnessýslu, um endurgjald á þeim styrk að tveim þriðju. En hreppsnefnd þess hrepps neitaði að greiða nema  $\frac{1}{3}$  af styrknum, og sýslumaðurinn í Árnessýslu úrskurðaði 6. febrúar þ. á., að Villingaholtshreppur skyldi vera laus við að endurgreiða meira af styrk þessum. Rökstyður hann þenna úrskurð sinn m. a. svo sem hjer segir:

»Það er ljóst, eins og hjer stendur á, að fátækrastrykurinn til handa Guðvarði Vigfússyni hefir aðallega verið veittur til framfærslu óskilgetinna barna hans, en skyldan til að framfæra þau hvíldi á móðurinni, með því að meðlag með þeim af hálfu barnsföður hefir eigi verið löglega ákveðið. Eins og háttað var sambandi þeirra Guðvarðar og barnsmóður hans, verður eigi fallist á, að rjett sje að telja að barnsmóðir hafi verið hjú barnsföður á þeim tíma, er styrkurinn var veittur, eða að honum hafi sem heimilisföður verið skylt að sjá fyrir framfærslu barnsmóður og barnanna, og þótt hann kunni að hafa tekist slíka skyldu á hendur gagnvart barnsmóðurinni, þá gat hann eigi með því bakað sveit sinni neina byrði. Það virðist því eigi hafa verið rjett að veita barnsföður einum styrkinn, þar sem ætla má, að hann hafi aðallega gengið til framfærslu barnanna, heldur hefði átt að veita hann báðum foreldrunum, en með því að erfitt er að greina, hve mikinn hluta styrksins barnsfaðir hafi þurft handa sjálfum sjer og hve mikill hluti hans hafi verið nauðsynlegur handa barnsmóður og börnum, þá virðist svo sem rjettast hefði verið eftir öllum atvikum, að veita sinn helming styrksupphæðarinnar hvoru foreldranna«.

Þenna úrskurð sýslumanns, sem borgarstjóri áfrýjaði hingað, staðfesti stjórnarráðið 29. mars þ. á. Hinn 13. desember f. á. virðist heimili þeirra Guðvarðar og Guðlínar aftur orðið bjargarþurfi, því þá er Guðlínu veittur 20 kr. fátækrastrykur af Reykjavíkurkaupstað. Tilkynnir borgarstjóri yður styrkveiting þessa þá þegar til birtingar fyrir framfærsluhreppi Guðlínar, er hann telur vera Skilmannahreppur í Borgarfjarðarsýslu, og krefst endurgjalds á honum að tveim þriðju. En með framannefndum úrskurði 28. mars þ. á. ákváðuð þjer, að Skilmannahreppur skuli laus við að endurgjalda þenna styrk, þar eð þjer teljið Guðlínu orðna sveitlæga í Reykjavíkurkaupstað, er hún þáði styrk þenna í desember-

**109** mánuði 1912, enda hafði hún þá dvalið samfleytt í Reykjavík frá því í nóvembermánuði árið 1902. Byggið þjer úrskurð yðar á því, að fátækranefnd Reykjavíkur hafi talið, að Guðvarði einum væri veittur styrkurinn í júní f. á., og því verði ekki talið, að Guðlín hafi þegið hann.

Stjórnarráðið getur nú ekki fallist á það, að misskilningur fátækra-  
stjórnar Reykjavíkur á fátækralögnum eigi að hafa áhrif á framfærslurjett Guðlínar, þar sem telja verður, eins og að framan segir, að styrkurinn hafi meðfram verið veittur til framfærslu barna hennar, og hún því hafi ekki dvalið, eftir því sem á undan greinir, 10 ár samfleytt í Reykjavíkurkaupstað án þess að þiggja styrk fyrir skyldulið sitt, og kemur í þessu efni ekki til greina, þótt styrkurinn sje ekki afturkræfur af framfærslusveitinni vegna formgalla við veiting hans. Það verður því að líta svo á, að Guðlín hafi ekki verið búin að vinna sjer sveit í Reykjavíkurkaupstað þegar henni var veittur styrkurinn þar í desember f. á. Og þar sem því hefir ekki verið haldið fram, að hún hafi unnið sjer sveit annarsstaðar, enda engin ástæða til að ætla það eftir æfiferilsskýrslu hennar, verður að telja hana sveitlæga í fæðingarhreppi sínum, Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu, og ber þeim hreppi þá að endurgjalda  $\frac{2}{3}$  af hinum veitta styrk.

Samkvæmt þessu úrskurðast hjermeð, að umrædd Guðlín Helgadóttir skuli teljast sveitlæg í Skilmannahreppi, og að þeim hreppi beri að endurgjalda Reykjavíkurkaupstað framangreindan styrk, veittan í desembermánuði f. á, með 13 kr. 33 aurum.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Skilmannahrepps

**110** Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um innflutning á hundi.

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá Boga Magnússyni á Skarði, um að honum verði leyft að flytja í land í Stykkishólmi hund frá Danmörku.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. að hundurinn sje fluttur frá Danmörku beint til Íslands, og að honum fylgi heilbrigðisvottorð frá lögskipuðum dýralækni þar, og
2. að hjeraðslæknirinn í Stykkishólmi skoði hundinn og álití hann heilan heilsu og síðan sje hundinum haldið í sóttkvi vikutíma þannig, að hann komi ekki saman við aðra hunda, og undir umsjón hjeraðslæknisins, er skoði hann að sóttkviunartímanum liðnum og finni ekkert við heilbrigði hans að athuga.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum Boga Magnússyni hefir verið tilkylnt þetta hjeðan.

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Baldvins Benedikts- 111**  
sonar, útgefin á venjulegan hátt af mandatum af ráðherra Íslands 31. okt. 1913. 31. okt.  
Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

### fyrir Minningarsjóð Baldvins Benediktssonar.

#### 1. gr.

Sjóðurinn er gefinn sjúkrahúsinu á Brekku í Fljótsdal af Baldvin Benediktssyni, fyrverandi bónda á Þorgerðarstöðum í Fljótsdal, til styrktar fátækum sjúklingum úr Fljótsdalshreppi til sjúkrahússvistar á sjúkrahúsinu á Brekku í Fljótsdal. Sjóðurinn heitir »Minningarsjóður Baldvins Benediktssonar« og er að upphæð kr. 200,00 — tvö hundruð krónur.

#### 2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, og skulu allir vextir leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 500 kr.

#### 3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 500 kr., legst árlega aðeins  $\frac{1}{3}$  af rentum við höfuðstólinn, en  $\frac{2}{3}$  hlutum skal varið árlega til styrktar einhverjum fátækum sjúklingum úr Fljótsdalshreppi til sjúkrahússvistar á Brekku.

#### 4. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn og yfirráðum sjúkrahússtjórnar Brekkusjúkrahúss og hjeraðslæknis sama hjeraðs. og úthlutast styrkurinn í ársbyrjun hvert ár.

Reikningur sjóðsins skal birtur í Stjórnartíðindunum 5 hvert ár, eftir að farið verður að úthluta styrknum.

#### 5. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Brekku í Fljótsdal, 20. júlí 1913.

Stjórn sjúkrahússins á Brekku.

Hjeraðslæknir Fljótsdalshjeraðs.



	Póstleiðir.	Póststöðvar.	1. ferð	2. ferð	3. ferð	4. ferð	
<b>I. Vestanpóstur.</b>	<b>A.</b> <b>Milli Reykjavíkur og Hjarðarholts.</b> <b>1. Frá Reykjavík</b> (vesturleið).	Frá Reykjavík	3 jan.	27 jan.	24 febr.	22 mars	
		— Akranesi	3 —	27 —	24 —	22 —	
		— Borgarnesi	5 —	29 —	26 —	24 —	
		— Munaðarnesi	5 —	29 —	26 —	24 —	
		— (Sauðafelli)	6 —	30 —	27 —	25 —	
		— Harrastöðum	6 —	30 —	27 —	25 —	
		að Hjarðarholti	7 —	1 febr.	28 —	26 —	
		Frá Hjarðarholti	9 jan.	2 febr.	1 mars	27 mars	
		— Harrastöðum	9 —	2 —	1 —	27 —	
		— (Sauðafelli)	9 —	2 —	1 —	27 —	
	<b>2. Frá Hjarðarholti</b> (suðurleið).	— Munaðarnesi	10 —	3 —	2 —	28 —	
		— Borgarnesi	12 —	5 —	4 —	31 —	
		— Akranesi	12 —	5 —	4 —	31 —	
		í Reykjavík	12 —	5 —	4 —	31 —	
		<b>B.</b> <b>Milli Ísafjarðar og Hjarðarholts.</b> <b>1. Frá Ísafirði</b> (suðurleið).	Frá Ísafirði	3 jan.	25 jan.	22 febr.	20 mars
			— (Vigur)	3 —	25 —	22 —	20 —
			— Ögri	3 —	25 —	22 —	20 —
			— Vatnsfirði	3 —	25 —	22 —	20 —
			— Arngerðareyri	4 —	26 —	23 —	21 —
			— Kinnarstöðum	4 —	26 —	23 —	21 —
	— Bæ		5 —	27 —	24 —	22 —	
	— Króksfjarðarnesi		5 —	27 —	24 —	22 —	
— Kleifum	5 —		27 —	24 —	22 —		
— Stórholti	6 —		28 —	25 —	23 —		
að Hjarðarholti	8 —		30 —	27 —	25 —		
<b>2. Frá Hjarðarholti</b> (vesturleið).	Frá Hjarðarholti		10 jan.	2 febr.	1 mars	27 mars	
	— Stórholti	11 —	3 —	2 —	28 —		
	— Kleifum	11 —	3 —	2 —	28 —		
	— Króksfjarðarnesi	11 —	3 —	2 —	28 —		
	— Bæ	12 —	4 —	3 —	29 —		
	— Kinnarstöðum	12 —	4 —	3 —	29 —		
	— Arngerðareyri	13 —	5 —	4 —	30 —		
	— Vatnsfirði	13 —	5 —	4 —	30 —		
	— Ögri	13 —	6 —	4 —	30 —		
	— (Vigur)	13 —	6 —	4 —	30 —		
	á Ísafirði	14 —	7 —	5 —	31 —		

un

aðalpóstanna

14

5. ferð	6. ferð	7. ferð	8. ferð	9. ferð	10. ferð	11. ferð	12. ferð	13. ferð	14. ferð	15. ferð
13 apríl	8 maí	1 júní	21 júní	20 júlí	11 ág.	30 ág.	17 sept.	10 okt.	6 nóv.	7 des.
13 —	8 —	1 —	21 —	20 —	11 —	30 —	17 —	10 —	6 —	7 —
15 —	10 —	3 —	23 —	22 —	13 —	1 sept.	19 —	12 —	8 —	9 —
15 —	10 —	3 —	23 —	22 —	13 —	1 —	19 —	12 —	8 —	9 —
15 —	10 —	3 —	23 —	22 —	13 —	1 —	19 —	12 —	8 —	9 —
16 —	11 —	4 —	24 —	23 —	14 —	2 —	20 —	13 —	9 —	10 —
17 —	11 —	4 —	24 —	23 —	14 —	2 —	20 —	14 —	10 —	11 —
18 apríl	13 maí	6 júní	25 júní	25 júlí	16 ág.	4 sept.	22 sept.	16 okt.	12 nóv.	13 des.
18 —	13 —	6 —	25 —	25 —	16 —	4 —	22 —	16 —	12 —	13 —
18 —	13 —	6 —	25 —	25 —	16 —	4 —	22 —	16 —	12 —	13 —
19 —	14 —	7 —	26 —	26 —	17 —	5 —	23 —	17 —	13 —	14 —
22 —	16 —	9 —	28 —	27 —	18 —	6 —	24 —	19 —	15 —	16 —
22 —	16 —	9 —	28 —	27 —	18 —	6 —	24 —	19 —	15 —	16 —
22 —	16 —	9 —	28 —	27 —	18 —	6 —	24 —	19 —	15 —	16 —
11 apríl	7 maí	31 maí	19 júní	19 júlí	10 ág.	29 ág.	17 sept.	10 okt.	5 nóv.	6 des.
11 —	7 —	31 —	19 —	19 —	10 —	29 —	17 —	10 —	5 —	6 —
11 —	7 —	31 —	19 —	19 —	10 —	29 —	17 —	10 —	5 —	6 —
11 —	7 —	31 —	19 —	19 —	10 —	29 —	17 —	10 —	5 —	6 —
